# Ársskýrsla fræðslumála í Reykjavík 2003



# Ársskýrsla fræðslumála í Reykjavík 2003

Hlutfall reksturs fræðslumála af heildarrekstri málaflokka Reykjavíkur árið 2003.
Heimild: Borgarbókhald




Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

2004



**Ársskýrsla fræðslumála í Reykjavík 2003**
Gefin út í september 2004
Umsjón og uppsetning: Guðrún Hjartardóttir
Ábyrgð og ritstjórn: Gerður G. Óskarsdóttir
Töflugerð: Guðný Bergþóra Tryggvadóttir
Ljósmyndun: Marteinn Sigurgeirsson, Guðrún Hjartardóttir o.fl.
Prentun: Prentsmiðjan Gutenberg ehf.

**Ljósmyndir í skýrslunni**
Flestallar ljósmyndir í skýrslunni að þessu sinni sýna útikennslu, vettvangsferðir og tengsl við grenndarsamfélagið. Myndirnar eru af nemendum og kennurum í Árbæjarskóla, Ártúnsskóla, Breiðagerðisskóla, Fossvogsskóla, Selásskóla og Seljaskóla.

**Helstu heimildir:**
Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2003
Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2004 (einkum lykiltölur og fylgiskjöl)
Fundargerðir fræðsluráðs og tillögur, minnisblöð, svör og fleira sem lagt var fram á fundum ráðsins
Niðurstöður ýmissa kannana
Niðurstöður spurningalista sem sendur er skólum eftir hverja önn
Ársskýrsla fræðslumála í Reykjavík 2002
Fréttatilkynningar frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

# Efnisyfirlit

**Ávarp formanns fræðsluráðs** . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . **7**

**Sjónarhorn fræðslustjóra** . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . **9**

**1 Fræðsluráð Reykjavíkur** . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . **12**
Fulltrúar í fræðsluráði . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 12
Áherslur í starfi fræðsluráðs á árinu . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 12
Skipurit fræðslumála . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 14
Samþykkt fyrir fræðsluráð Reykjavíkur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 15

**2 Fræðslumiðstöð Reykjavíkur** . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . **16**
Skrifstofa fræðslustjóra . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 17
Þróunarsvið . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 19
Þjónustusvið . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 20
Fjármálasvið . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 24
Skólasafnamiðstöð . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 25
Erlend samskipti . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 26
Ráðstefnur, viðburðir og opnanir nýbygginga . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 27
Sérstakt átak í umhverfismálum . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 28

**3 Grunnskólar Reykjavíkur** - **Skólar, skólaárið, nemendur og starfsmenn** . . **30**
Fjöldi skóla og hverfaskipting . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 30
Fjöldi skóladaga og lengd skóladagsins . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 32
Nemendafjöldi . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 32
Starfsmenn grunnskóla . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 35

**4 Starfsemi grunnskóla** - **Áherslur í starfsáætlun 2003** . . . . . . . . . . . . . . . . **40**
a) Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda . . . . . . . . . . . . . . . . . 40
b) Skóli án aðgreiningar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 49
c) Náin tengsl við grenndarsamfélagið . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 55
d) Sjálfstæði skóla - stjórnun - eftirlit . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 59
e) Jafnræði í umgjörð skólastarfsins . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 61

**5 Listaskólar og fullorðinsfræðsla** . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . **66**
Skólahljómsveitir . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 66
Tónlistar- og myndlistarskólar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 67
Námsflokkar Reykjavíkur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 69

**6 Verðlaun og styrkir** . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . **70**
Hvatningarverðlaun . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 70
Nemendaverðlaun . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 70
Umgengnisverðlaun . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 71
Barnabókaverðlaun . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 71
Almennir styrkir . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 71
Styrkir úr Þróunarsjóði grunnskóla Reykjavíkur . . . . . . . . . . . . . . . . . . 71
Styrkir frá öðrum aðilum . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 72

**7 Ársreikningur fræðslumála í Reykjavík árið 2003** . . . . . . . . . . . . . . . **74**

**8 Útgáfur árið 2003** . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . **77**

**Grunnskólar Reykjavíkur - yfirlit** . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . **78**



„Lykilatriði í öllu þessu ferli eru skilgreind ábyrgðarsvið, skýr réttindi, upplýsing og þátttaka byggð á þekkingu.“

„Tvö stór verkefni sem sá fyrir endann á árið 2003 og fyrri hluta árs 2004 eru einsetning skólanna og mötuneytis-þjónusta í nær alla skóla.“



# Borg í forystuhlutverki
## Ávarp formanns fræðsluráðs

Stærsta einstaka verkefni Reykjavíkurborgar er rekstur og stefnumótun grunnskóla. Nær þriðjungur útgjalda borgarinnar rennur til fræðslumála. Tvö stór verkefni sem sá fyrir endann á árið 2003 og fyrri hluta árs 2004 eru einsetning skólanna og mötuneytisþjónusta í nær alla skóla. Þessir merku áfangar nást um leið og rekin er framsýn skólastefna um einstaklingsmiðað nám og breytingar á hefðbundnu skólastarfi sem er hljóðlát bylting.

Einn er sá þáttur sem snertir þessar miklu breytingar og er sérstakt áhersluatriði fræðsluráðs. Það er að efla þátttöku og virkni forráðamanna barna í skólastarfi. Það er skoðun mín að mikilvægasta, auðveldasta og ódýrasta aðferðin til að ná meiri árangri fyrir það mikla fé sem við leggjum í skólamál sé að virkja forráðamenn barna. Fyrir því er ekki rík hefð á Íslandi. Þess vegna þarf að ganga skipulega til þess verks að skilgreina og skerpa réttindi og ábyrgð forráðamanna grunnskólanema í skólastarfi. Fræðsluráð hefur þegar markað spor í þá átt:

- Samþykkt verkefnis sem nefnist *Greiðar götur* þar sem árangur af vinnu starfshóps, var kynntur í byrjun árs 2004 og felur í sér ákveðin réttindi til notenda þjónustu skólanna og tillögur þar um. Þar er sett fram stefna um nemendalýðræði og þátttöku í nemendaráðum til að auka virkni nemenda, í samræmi við aukna virkni forráðamanna, sem við stefnum að.

- Skilgreindar reglur fyrir foreldraráð skólanna og skýrt svið þeirra.

- Sett fram stefna um þær upplýsingar sem eiga jafnan að vera til staðar um starf í einstökum skólum, svo sem á heimasíðum þeirra, svo forráðamenn geti glöggvað sig á stöðu þeirra og starfi.

- Óskað eftir því að tveir móðurskólar sem hafa haft forystuhlutverk um samstarf við foreldra miðli þekkingu og reynslu sem aflað hefur verið í áhugaverðum tilraunaverkefnum.

- Kynnt áætlun um að efna til formlegs samstarfs við foreldrasamtök í borginni um að byggja upp félagslega virkni foreldraráða og félaga.

Í framhaldi af þessu fjallaði fræðsluráð um stjórn skóla og stöðu skólastjórnenda og óskaði eftir skýrslu þar um. Markmiðið er að leita eftir samstarfi við samtök foreldra í borginni um að auka áhrif foreldra í skólastarfi, veita skólastjórnendum og öðru starfsfólki skóla uppbyggilega hjálp og mikilvægt aðhald, en ekki síst, auka áhuga nemenda á góðu skólastarfi og árangri í námi. Lykilatriði í öllu þessu ferli eru skilgreind ábyrgðarsvið, skýr réttindi, upplýsing og þátttaka byggð á þekkingu. ,,Samstarf heimila og skóla" er því ekki klisja í starfi okkar, heldur markviss áætlun sem mun tvímælalaust leiða til góðs fyrir skólastarf í Reykjavík.

*Stefán Jón Hafstein*
*formaður fræðsluráðs*



„Á árinu var í fyrsta sinni haldin ráðstefna fyrir alla kennara í Reykjavík um einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda og haldin sýning á nýbreytniverkefnum frá skólunum í Ráðhúsinu . .“

„Sá stóri áfangi náðist á árinu 2003 að sérkennslustefna borgarinnar sem hefur skóla án aðgreiningar að leiðarljósi kom að fullu til framkvæmda í öllum borgarhlutum . . .“



# Sjónarhorn fræðslustjóra

Þegar litið er yfir árið 2003 kemur efst í huga minn sú mikla umræða sem var í grunnskólum í Reykjavík um kennsluhætti og þróun þeirra til einstaklingsmiðaðs náms og skóla án aðgreiningar og ákveðin skref sem stigin voru til að auðvelda þá þróun. Nemendur njóta nú þeirra miklu umbóta sem orðið hafa á umgjörð skólastarfsins á undanförnum árum.

### Frjó umræða um einstaklingsmiðað nám

Umræðan um árangursríkt nám nemenda, einstaklingsmiðað nám, samvinnu nemenda og skóla án aðgreiningar, var án efa markvissari nú en áður. Á árinu var í fyrsta sinni haldin ráðstefna fyrir alla kennara í Reykjavík um einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda og haldin sýning á nýbreytniverkefnum frá skólunum í Ráðhúsinu, auk þess sem fræðsluráð veitti í fyrsta sinni hvatningarverðlaun sín fyrir afburða þróunarverkefni. Allir þessir atburðir voru mikilvægar vörður í þróuninni og umræðu um inntak og eðli einstaklingsmiðaðs náms. umfangsmikið námskeið fyrir skólastjóra í Reykjavík sem hófst haustið 2003 markaði ákveðna umgjörð um þessa umræðu, meðal annars með því að fjalla ítarlega um hugtök og skilgreiningar og undirbyggja þar með sameiginlegan skilning og hugmyndir. Auk þess var haldinn fjöldi námskeiða úti í skólunum í samvinnu við Kennaraháskóla Íslands, en á árinu gerði Fræðslumiðstöð samning við Kennaraháskólann um námskeið fyrir stjórnendur skólanna og tilboð um námskeið um einstaklingsmiðað nám og skóla án aðgreiningar sem haldin eru á vegum skólanna sjálfra. Eftir að fé til símenntunar kennara sem borgin leggur til fór til skólanna á síðasta ári geta þeir betur stýrt símenntun starfsmanna í samræmi við símenntunaráætlanir á hverjum stað. Samvinna skóla í borgarhlutunum um símenntun jókst einnig í kjölfar þess að skólar í borgarhlutum settu sér nú í fyrsta sinn markmið um samvinnu í starfsáætlun fræðslumála fyrir árið 2003, meðal annars á sviði símenntunar. Slík samvinna í hverfum er mikilvægt tengslanet sem kemur bæði skólunum og hverfinu til góða.

Á árinu var mótuð og tilraunakeyrð kerfiseining í forritinu Stundvísi sem styður við gerð einstaklingsáætlana fyrir nemendur á grunni aðalnámskrár og er því mikilvægur þáttur í þróuninni til einstaklingsmiðaðs náms.

Sá stóri áfangi náðist einnig á árinu 2003 að sérkennslustefna borgarinnar sem hefur skóla án aðgreiningar að leiðarljósi kom að fullu til framkvæmda í öllum borgarhlutum, en breytingar í kjölfar hennar hafa fyrst og fremst snúist um að styrkja heimaskólann til

**Mynd 0.1**
Uppbygging grunnskólans á fyrstu árum hans hjá borginni



„Lenging skóladagsins og skólaársins á undanförnum árum, sem nemur sem samsvarar rúmlega tveimur skólaárum í kennslu-stundum talið, hefur skapað mikið og kærkomið svigrúm, svo og breytingar á vinnutímaskilgreiningum í kjarasamningi kennara.“

„Fjöldi aðila, skólafólk, foreldrar og stjórnmálamenn, hafa komið að mótun sýnar til framtíðar og árlegra skrefa á undanförnum árum,“

að sinna öllum nemendum sínum. Stór skref voru einnig stigin á sviði fjarkennslumála innan grunnskólanna sem stýrt var af tungumálaverinu í Laugalækjarskóla, en á árinu voru gerðar þar tilraunir með fjarkennslu í ensku og dönsku fyrir nemendur sem komnir eru langt í þessum tungumálum.

### Markviss uppbygging undanfarinna ára á umgjörð námsins

Það er athyglisvert að á þessu ári skuli mál sem skaga upp úr, ef svo má segja, fyrst og fremst snúast um nám nemenda og kennsluhætti. Á undanförnum árum hafa áherslur yfirvalda skólamála í Reykjavík einkum snúist um að búa skólunum umgjörð sem væri hvetjandi til breyttra kennsluhátta í átt til einstaklingsmiðaðs náms og samvinnu nemenda svo hver og einn nemandi mætti njóta sín og nýta hæfileika sína til fulls á eigin forsendum (mynd 0.1). Þar bar einsetning skólanna og fjárhagslegt sjálfstæði þeirra einna hæst, en einnig skipti miklu máli að stjórnun skólanna var efld með millistjórnendum og símenntun, tölvutæknin byggð upp og stuðningur við nemendur í vanda aukinn. Lenging skóladagsins og skólaársins á undanförnum árum, sem nemur sem samsvarar rúmlega tveimur skólaárum í kennslustundum talið, hefur skapað mikið og kærkomið svigrúm, svo og breytingar á vinnutímaskilgreiningum í kjarasamningi kennara. Síðast en ekki síst hefur markviss stefnumótun, skilgreining á framtíðarsýn og söfnun upplýsinga um stöðu mála lagt grunninn að þeim breytingum sem nú eru í gangi. Þótt umgjörðin hafi verið styrkt til mikilla muna, þurfum við að sjálfsögðu stöðugt að huga að henni með markvissum hætti. Stöðugreining á húsnæði, búnaði og lóðum skólanna sem unnið var að á árinu, auk stefnumörkunar fræðsluráðs um skólalóðir, markar tímamót og auðveldar alla ákvarðanatöku í þeim efnum á næstu árum. Stór skref voru stigin á árinu í uppbyggingu mötuneyta í skólum þótt því verki sé ekki enn lokið. Átak í umhverfismálum sem Fræðslumiðstöð stóð fyrir á árinu leiddi meðal annars af sér framtíðarsýn í umhverfismálum skólanna og leysti ýmsar hindranir í umhverfisstarfi þeirra, svo sem hvað varðar úrgang og innkaup.

### Hæg og sígandi þróun

Innan fræðslumálanna í Reykjavík höfum við farið þá leið að móta okkur sýn til framtíðar sem að sjálfsögðu er í stöðugri þróun. Á hverju ári mörkum við okkur síðan markviss skref til að nálgast framtíðarsýnina sem kynnt eru í starfsáætlun viðkomandi árs og árangri lýst í ársskýrslu (sjá 4. kafla). Þannig sjáum við fyrir okkur hæga og sígandi þróun þar sem allir hagsmunaaðilar skólans mynda breytingaaflið og eru samstíga við að ýta vagninum í átt til enn betri skóla. Við viljum halda okkar striki en vera engu að síður móttækileg fyrir nýjum hugmyndum og breyttum aðstæðum á hverjum tíma.

Fjöldi aðila, skólafólk, foreldrar og stjórnmálamenn, hafa komið að mótun sýnar til framtíðar og árlegra skrefa á undanförnum árum, meðal annars á hugarflugsfundum og þingum, og hefur það án efa skipt sköpum um virkni og árangur stefnumótunarinnar. Nú um nokkurra ára skeið höfum við sett markið á einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda, skóla án aðgreiningar, náin tengsl skóla og grenndarsamfélags, sjálfstæði skóla og jafnræði í umgjörð þeirra. Að sjálfsögðu breytist sýnin eftir því sem fram vindur. Í starfsáætlun ársins fylgdu nú í fyrsta sinn skilgreiningar á hugtökum sem auðvelda sameiginlegan skilning og eru upplýsandi. Ég leyfi mér að fullyrða að starfsáætlun fræðslumála ár hvert sé lifandi handbók og leiðarvísir í starfi skólanna í borginni og við sjáum glöggt áhrif hennar á skólastarf í öðrum sveitarfélögum í landinu og umræðuna almennt um málefni grunnskólans. Það er vel, enda hefur höfuðborgin ákveðnu hlutverki að gegna sem forystuafl sem hún verður að sinna.

### Opinberir skólar hornsteinar lýðræðisins

Opinberir grunnskólar eru einn af hornsteinum lýðræðisþjóðfélagsins og hafa það hlutverk að jafna tækifæri ungs fólks og draga þar með úr misskiptingu lífsins gæða. Grunnskólar, og núorðið einnig leikskólar, eru einu stofnanir þjóðfélagsins þar sem allir þegnar þess á ákveðnum aldri eru á jafnréttisgrundvelli að vinna saman.

Eftir að grunnskóla lýkur verður margvísleg aðgreining. Sterk hefð er á Íslandi fyrir almenningsskólum. Við höfum lagt áherslu á að allir gengju í grunnskóla, þar væri enginn undanskilinn, og það hefur jafnframt verið samstaða um að grunnskólarnir byggju við sem jafnastan hlut, þeir væru einsleitir til að koma með öllum ráðum í veg fyrir mismunun. Í Reykjavík er einn af fimm áhersluþáttum um grunnskólana að þeir búi við jafnræði í umgjörð. Uppbygging grunnskólanna og þróun er því mikilvægur hlekkur í lýðræðisþróuninni. En það er einnig hlutverk skólans að skapa nemendum sínum umgjörð til að læra hvað lýðræði er og umfram allt að iðka lýðræði svo nemendur fari með fyrirmyndir og reynslu að lýðræðislegum vinnubrögðum út í samfélagið. Til viðbótar við almennu skólana höfum við fimm einkarekna grunnskóla í Reykjavík sem eru valkostur fyrir foreldra og auka fjölbreytni í skólaflóru borgarinnar. Á árinu samþykktu fræðsluráð og borgarráð að hækka umtalsvert fjárframlög til þessara skóla og eru framlög á nemanda vegna kennslu nú þau sömu og til fjárhagslega hagkvæmasta skóla borgarinnar.

## Nýjar reglur um fjárframlög til tónlistarskóla

Öflugir tónlistarskólar í Reykjavík hafa lagt grunninn að því mikla tónlistarlífi sem dafnar í borginni. Tónlistarskólar í Reykjavík eru reknir af einkaaðilum en fá fjárframlög frá borginni. Á árinu voru settar nýjar reglur um skilyrði fyrir fjárveitingum til þeirra, undirbúin miðlæg nemendaskrá, fjárframlögin gerð nemendamiðuð á grunni nýs reiknilíkans og hætt að greiða með nemendum með lögheimili utan Reykjavíkur. Þessar breytingar voru gerðar til að skerpa á umgjörð fjárframlaga til tónlistarskólanna. Gerð var könnun á tónmennt í grunnskólum Reykjavíkur, bæði kennslu og aðbúnaði til að fá yfirsýn yfir stöðu þeirra mála og stofnuð úrvalssveit úr skólahljómsveitunum fjórum.

## Hlé í fjölgun nemenda

Í borginni störfuðu 43 grunnskólar haustið 2003, en þá hóf störf nýr sérskóli fyrir nemendur í geðrænum og félagslegum vanda, Brúarskóli, en Einholtsskóli og Hlíðarhúsaskóli voru lagðir niður. Grunnskólanemendur voru um 15.500 og hafði fækkað um nokkra tugi frá árinu áður. Um 3,5% nemenda fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Fjöldi starfsmanna skólanna var tæplega 2.250. Fjárhagsrammi fræðslumálanna var rúmlega 10 milljarðar kr. sem er tæplega þriðjungur af útgjöldum borgarsjóðs eins og verið hefur frá því grunnskólinn fluttist til sveitarfélaganna.

## Getum alltaf gert betur

Við viljum sjá grunnskóla Reykjavíkur í hópi bestu skóla utan lands sem innan. Það er erfitt ef ekki ómögulegt að búa til mælikvarða sem meta alla þætti skólastarfsins og þar með gæði skóla, en við höfum vísbendingar, svo sem árangur nemenda á skimunar- og könnunarprófum, auk samræmdra prófa, kannanir um líðan nemenda og starfsmanna og viðhorf foreldra til skólanna. Við lok grunnskóla eru nemendur í Reykjavík að meðaltali í hópi þeirra bestu á samræmdum prófum, í alþjóðlegum könnunum hefur komið í ljós að hér á landi sinnum við þeim sem mestan stuðning þurfa betur en flestir aðrir og við getum verið stolt af því, hlutfall nemenda sem segja að þeim líði vel í skólanum fer vaxandi og stærstur hluti foreldra í Reykjavík er ánægður með skóla barnsins síns. Hvatningarverðlaun fræðsluráðs og sýningin á nýbreytniverkefnum úr skólunum voru einnig vísbendingar um frjótt og lifandi skólastarf. Stöðugt færist í vöxt að erlendir gestir sæki skólana okkar og Fræðslumiðstöð heim til að fræðast og læra af okkur. Þótt við sjáum góðan árangur getum við alltaf gert betur og að því stefnum við að sjálfsögðu.

*Gerður G. Óskarsdóttir*
*fræðslustjóri*

**„Í Reykjavík er einn af fimm áhersluþáttum um grunnskólana að þeir búi við jafnræði í umgjörð. Uppbygging grunnskólanna og þróun er því mikilvægur hlekkur í lýðræðisþróuninni.“**

# 1 Fræðsluráð Reykjavíkur

Fræðsluráð Reykjavíkur fer, í umboði borgarráðs, með yfirstjórn fræðslumála á vegum Reykjavíkurborgar. Hlutverk þess er annars vegar að móta stefnu og hins vegar að hafa eftirlit með framkvæmd laga og stefnumörkunar (sbr. Samþykkt fyrir fræðsluráð frá 7. nóv. 2002 með breytingum frá 22. júlí 2003). Fræðslumiðstöð Reykjavíkur annast stjórnsýslu fræðsluráðs (sjá 2. kafla).

## Fulltrúar í fræðsluráði

Í fræðsluráði sitja 5 fulltrúar kosnir af borgarstjórn. Fulltrúi F-lista hefur einnig setið fundi ráðsins sem áheyrnarfulltrúi. Skólastjórafélag Reykjavíkur, Kennarafélag Reykjavíkur og Samtök foreldrafélaga og foreldraráða í Reykjavík (SAMFOK) eiga áheyrnarfulltrúa á fundum ráðsins.

Fræðslustjóri og forstöðumenn sviða á Fræðslumiðstöð sitja fundi ráðsins, auk skrifstofustjóra sem er ritari ráðsins.

**Fulltrúar í fræðsluráði:**
Stefán Jón Hafstein, formaður
Vigdís Hauksdóttir
Katrín Jakobsdóttir
Guðrún Ebba Ólafsdóttir
Hanna Birna Kristjánsdóttir

**Varamenn:**
Sigrún Elsa Smáradóttir
Jóhann M. Hauksson
Steinunn Birna Ragnarsdóttir/
Svandís Svavarsdóttir
Marta Guðjónsdóttir
Þorbjörg Vigfúsdóttir

**Áheyrnarfulltrúar:**
María Pálmadóttir,
Kennarafélagi Reykjavíkur
Elín Vigdís Ólafsdóttir/Sara Dögg Jónsdóttir, Kennarafélagi Reykjavíkur
Þórður Kristjánsson/R. Daníel Gunnarsson, Skólastjórafélagi Reykjavíkur
Bergþóra Valsdóttir, SAMFOK, Sambandi foreldrafélaga og foreldraráða í grunnskólum Reykjavíkur.



## Áherslur í starfi fræðsluráðs á árinu

Á árinu 2003 voru haldnir 22 fundir í fræðsluráði Reykjavíkur.

Fræðsluráð réði fjóra nýja skólastjóra á árinu, við Réttarholtsskóla, Hlíðaskóla, Borgaskóla og Brúarskóla. Ráðning aðstoðarskólastjóra var á árinu færð frá fræðsluráði til skólastjóra en samþykki fræðsluráðs þarf fyrir ráðningunni.

### Stefnumörkun fræðsluráðs

Fræðsluráð markaði á árinu stefnu um eftirtalda þætti:

- Á fundi sínum 7. febrúar samþykkti fræðsluráð tillögur nefndar um tónlistarskóla með breytingum og voru þær staðfestar í borgarráði. Þar er fjallað um reglur um skilyrði sem tónlistarskóli þarf að uppfylla til að geta sótt um styrk til borgarinnar og þjónustusamninga við tónlistarskóla. Einnig er umfjöllun um nemendur úr öðrum sveitarfélögum í tónlistarskólum í Reykjavík, nemendur á framhalds- og háskólastigi og nemendaskrá tónlistarskóla á Fræðslumiðstöð. Loks er fjallað um starfsmann á Fræðslumiðstöð sem sé tengiliður og fulltrúi borgarinnar í skólanefndum tónlistarskóla, skipulagt samstarf tónlistarskóla og grunnskóla í borgarhlutum og að í Reykjavík starfi ein deildarskipt skólahljómsveit. Sjá um framkvæmd þessara tillagna í kafla 5 um tónlistarskóla.
- Samþykkt var tillaga um breytingar á reglum við úthlutun fjármagns til tónlistarskóla á fundi



ráðsins 8. september. Þær gilda til eins árs. Skipaður var starfshópur til að útfæra reglurnar.

- Í framhaldi af samþykkt um tónlistarskóla skipaði fræðsluráð starfshóp til að móta tillögur um samvinnu og samþættingu tónmenntanáms í grunnskólum og forskólakennslu tónlistarskóla með samhæft tónlistaruppeldi í yngstu bekkjum grunnskólans að markmiði. Hópurinn skilaði tillögum sínum til ráðsins í desember 2003.

- Á fundi sínum 3. mars samþykkti fræðsluráð viðmiðunarreglur um samskipti foreldraráða og skólayfirvalda í grunnskólum Reykjavíkur. Þar er meðal annars fjallað um hlutverk foreldraráða, kjör í foreldraráð og formennsku í ráðinu, að lágmarki 6 fundi skólastjórnenda með foreldraráði á ári, umsögn um skólanámskrá og kynningu á henni fyrir aðra foreldra, viðhorfakannanir og samstarf foreldraráðs við foreldrafélag.

- Fræðsluráð samþykkti á árinu endurskoðaðar reglur um skólaakstur.

- Nefnd á vegum fræðsluráðs um vímuvarnir skilaði niðurstöðum sínum til ráðsins í febrúar. Þær fjalla einkum um þann litla hóp unglinga í borginni sem er í mjög alvarlegum vanda sem flokkast má sem heilbrigðis- og barnaverndarmál. Gerð var grein fyrir umfangi vandans og gerðar tillögur til úrbóta. Þær fjalla um vímuvarnarskólann, áhættuskimanir, stuðning við forvarnarverkefni, vímuvarnaráætlanir skóla, upplýsingamiðlun og rétt til upplýsinga.

- Fræðsluráð samræmdi á árinu upphaf skólaárs í öllum skólunum og daga fyrir vetrarfrí að hausti, ákveði skólar að hafa vetrarfrí. Þetta var gert í kjölfar könnunar meðal foreldra um málið. Meirihluti var hlynntur vetrarfríum og samræmingu þeirra milli skóla. Ráðið staðfesti skóladagatöl skólanna í maí.

- Ráðið mótaði á árinu stefnu um skólalóðir þar sem segir að lóðirnar skuli vera félagslegur og námslegur vettvangur nemenda, auk þess að vera vettvangur íbúa hverfisins. Stefnan var leiðarljós í vinnu starfshóps um skólalóðir sem vann í tengslum við stöðugreiningu og áætlanagerð um skólahúsnæði í samvinnu við Fasteignastofu.

- Á fundi sínum 3. júní samþykkti fræðsluráð tillögu um málefni einkarekinna grunnskóla í Reykjavík. Hún fjallaði um endurnýjun þjónustusamninga við einkarekna grunnskóla, inntak samninga, upphæð styrks á hvern nemanda, fjárhagsaðstoð vegna rekstrarhalla og endurskoðun greiðslna vegna 5 ára nemenda. Borgarráð staðfesti á fundi sínum 10. júní tillögu um aukin framlög til einkarekinna grunnskóla og samþykkti að gengið yrði til samninga við tvo skólanna um framlög vegna rekstrarvanda og hækkun framlaga vegna 5 ára nemenda (sjá nánar í kafla 3, bls. 31).

- Samþykktar voru á árinu tillögur nefndar um nám nemenda með geðrænan og félagslegan vanda og vísað til borgarráðs. Tillögurnar fólu meðal annars í sér sameiningu tveggja (síðar þriggja) skóla sem sinnt hafa þessum nemendum og skuli skólinn starfa í fjórum deildum, það er fyrir nemendur í félagslegum og hegðunarvanda, með geðraskanir og í fíknivanda, auk ráðgjafardeildar. Skólinn sjái um sjúkrahúskennslu nemenda á Stuðlum og Bugl. Í upphafi skólaárs haustið 2003 voru Einholtsskóli og Hlíðarhúsaskóli lagðir niður og stofnaður nýr skóli sem hlaut nafnið Brúarskóli.

- Á árinu fóru af stað starfshópur á vegum fræðsluráðs um þarfir og verkefni fyrir bráðger börn í grunnskólum Reykjavíkur og starfshópur um *Greiðar götur* foreldra, nemendalýðræði og mannréttindakennslu, auk hóps um mikilvæga þætti skólastarfs sem eru utan stefnumótunarsviðs fræðsluráðs. Í lok ársins fóru einnig af stað hópar um skólahald í eystri hluta Grafarvogs, skólahald í Miðborginni og þörf fyrir alþjóðlegan skóla. Þessir hópar munu skila niðurstöðum sínum á árinu 2004.

## Eftirlit

Á hverjum fundi fræðsluráðs eru lögð fyrir minnisblöð um fjölda mála og svarað fyrirspurnum ráðsins og er þetta liður í eftirliti fræðsluráðs með skólahaldi í borginni. Fasteignastofa kynnti áætlun sína um stofnframkvæmdir á árinu fyrir fræðsluráði og gerði auk þess grein fyrir framvindu hennar á fimm fundum. Fasteignastofa gerði fræðsluráði einnig grein fyrir viðhaldi og viðgerðum á skólabyggingum. Fundargerðir samráðshóps um skólabyggingar voru sendar fulltrúum í fræðsluráði. Lögð voru fyrir fræðsluráð fyrstu drög að skýrslu um greiningu og áætlun um húsnæðismál grunnskóla Reykjavíkur sem unnið er að í samvinnu Fasteignastofu og Fræðslumiðstöðvar og kynnt forsögn að nýrri byggingu fyrir Korpuskóla í Staðahverfi.

Sjá um verðlaun og styrki fræðsluráðs í 6. kafla bls. 70-72.

# Skipurit fræðslumála og Fræðslumiðstöðvar

Skipurit fræðslumála lýsir skipan fræðslumála innan borgarkerfisins (mynd 1.1).

Skipurit Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur sýnir að hún skiptist í þrjú megin svið auk skrifstofu fræðslustjóra (mynd 1.2).

**Mynd 1.1**
**Skipurit fræðslumála á vegum Reykjavíkurborgar**




**Mynd 1.2**
**Skipurit Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur**



# Samþykkt fyrir fræðsluráð Reykjavíkur

## Samþykkt í borgarstjórn 7. nóvember 2002
## Breytt í borgarráði 22. júní 2003 (10 gr.)

**1. gr.**
Fræðsluráð Reykjavíkur fer, í umboði borgarráðs, með málefni grunnskóla eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, sbr. einnig lög um grunnskóla nr. 66/1965, 37. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 og lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, sbr. einnig 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Þá fer ráðið með önnur fræðslumál á verksviði borgarinnar svo fremi að þau séu ekki öðrum falin.

**2. gr.**
Fræðsluráð mótar stefnu í málefnum grunnskóla og annarra fræðslustofnana sem undir það heyra og gerir tillögur til borgarráðs sem varða verksvið þess. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með því að samþykktum þess og stefnumörkun í viðkomandi málaflokki sé fylgt.

**3. gr.**
Fræðsluráð hefur eftirlit með að framfylgt sé lögum um grunnskóla nr. 66/1995 og ákvæðum 37. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996.

Það sér um að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu.
Ráðið staðfestir áætlanir um starfstíma nemenda ár hvert.

Fræðsluráð fylgist með og stuðlar að því að grunnskólum, á vegum borgarinnar, sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu og fullnægjandi húsnæði til skólastarfs og að annar aðbúnaður sé fyrir hendi.

Þá hefur ráðið eftirlit að því er varðar skólahljómsveitir og fullorðinsfræðslu á vegum Reykjavíkurborgar.

Ráðið hefur eftirlit með faglegu starfi einkaskóla sem styrktir eru af borginni, þ.e. grunnskólum, tónlistarskólum og myndlistarskólum.

**4. gr.**
Ráðið gerir tillögu til borgarráðs um byggingu nýrra grunnskóla.

**5. gr.**
Fræðsluráð skal stuðla að samstarfi grunnskóla og leikskóla.

**6. gr.**
Fræðsluráð er svo skipað að í því eiga sæti fimm menn kosnir af borgarstjórn og jafnmargir til vara. Borgarstjórn kýs formann úr hópi kjörinna fulltrúa og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Ráðið skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil þess er hið sama og borgarstjórnar.

Ráðið getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir til að fjalla um afmarkaða málaflokka. Ákvörðun um skipun undirnefndar skal tilkynna borgarráði.

**7. gr.**
Fræðslustjóri eða staðgengill hans skal sitja fundi fræðsluráðs með málfrelsi og tillögurétt.

Fulltrúar skólastjóra, kennara og foreldra eiga rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt, sbr. 4. mgr. 13. gr. laga nr. 66/1995.

Jafnframt eiga skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri í forföllum hans rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt, þegar fjallað er sérstaklega um málefni viðkomandi skóla, sbr. 6. mgr. 13. gr. laga nr. 66/1995.

Sviðsstjórar Fræðslumiðstöðvar eiga rétt til setu á fundum ráðsins þegar fræðsluráð eða fræðslustjóri óska þess .

Jafnframt getur ráðið boðað aðra þá til fundar sem það telur þörf á hverju sinni.

**8. gr.**
Ráðið heldur að jafnaði fundi tvisvar í mánuði. Boða skal til aukafunda eftir þörfum. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi. Fræðsluráð getur haldið fundi opna almenningi.

**9. gr.**
Formaður fræðsluráðs boðar til fundar og ákveður dagskrá í samráði við fræðslustjóra eða staðgengil hans. Ráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um fundarsköp fer eftir samþykktum um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 16/1985 með síðari breytingum eftir því sem við á.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur því til fundarritara.

**10. gr.**
Borgarráð ræður fræðslustjóra að fenginni tillögu fræðsluráðs til fimm ára í senn.

Fræðsluráð ræður skólastjóra grunnskóla skv. viðauka 1.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 638/2001, sbr. samþykkt 628/2003, sbr. einnig 23. gr. grunnskólalaga nr. 66/1965. Fræðsluráð getur vísað slíkum málum til borgarráðs og er skylt að vísa þeim til borgarráðs sé þess óskað af 1/3 nefndarmanna hið fæsta.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu fræðsluráðs eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í borgarrráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal fræðsluráð taka málið upp að nýju.

Skólastjóri ræður aðstoðarskólastjóra að fengnu samþykki fræðsluráðs.

Fræðsluráð leitar álits kennararáða viðkomandi skóla og umsagnar fræðslustjóra vegna ráðningar skólastjóra og aðstoðarskólastjóra.

Fræðslustjóri ræður sviðsstjóra á Fræðslumiðstöð að höfðu samráði við ráðið.

**11. gr.**
Borgarráð úthlutar fjárhagsramma til ráðsins vegna fjárhagsáætlunar næsta árs.

Fræðsluráð felur fræðslustjóra að vinna starfsáætlun og tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsröðun ráðsins. Fræðsluráð afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu. Formaður fræðsluráðs og fræðslustjóri kynna borgarráði starfsáætlun og tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun. Tillögur um breytingar á rekstrinum sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja.

**12. gr.**
Formaður fræðsluráðs er í forsvari fyrir ráðið um stefnumótun og ákvarðanir þess eftir því sem við á.

Fræðslustjóri ber ábyrgð á rekstri og stjórnsýslu Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, þ.m.t. fjármálum og starfsmannamálum og á framkvæmd ákvarðana ráðsins.

**13. gr.**
Samþykkt þessi öðlast gildi með samþykkt borgarstjórnar
7. nóvember 2002. Breytt í borgarráði 22. júní 2003 (10.gr.)

# 2 Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Hlutverk Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur er að annast, í umboði fræðsluráðs, framkvæmdastjórn fræðslumála á vegum Reykjavíkurborgar. Fyrri hluta ársins heyrðu 39 grunnskólar undir Fræðslumiðstöð, 33 almennir skólar og 6 sérskólar. Þann 1. ágúst voru tveir sérskólar lagðir niður, Einholtsskóli og Hlíðarhúsaskóli, og stofnaður nýr sérskóli, Brúarskóli. Þar með varð heildarfjöldi grunnskóla á vegum Reykjavíkurborgar 38. Auk þess heyrðu fjórar skólahljómsveitir, ein í hverjum borgarhluta, sem og Námsflokkar Reykjavíkur undir Fræðslumiðstöð. Þá sá Fræðslumiðstöð um fastar fjárveitingar til 5 einkarekinna skóla á grunnskólastigi, 18 tónlistarskóla sem störfuðu á öllum skólastigum og eins myndlistarskóla. Fræðslumiðstöð hafði umsjón með verðlaunum og styrkveitingum fræðsluráðs. Að auki heyrði rekstur skóladagvistar fyrir yngri nemendur í hluta grunnskólanna undir Fræðslumiðstöð, en árið 2002 samþykkti borgarráð að flytja þessa starfsemi yfir til ÍTR í áföngum. Haustið 2003 hafði ÍTR hafið rekstur frístundaheimila í grunnskólum í þremur borgarhlutum, Vesturbæ, Breiðholti og Grafarvogi.

Starfsemi Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur skiptist í fjórar einingar: Þróunarsvið, þjónustusvið, fjármálasvið og skrifstofu fræðslustjóra. Auk þess er Skólasafnamiðstöð hluti af Fræðslumiðstöð.

## Meginhlutverk Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur

Meginhlutverk Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur er:

- að hafa með höndum yfirstjórn skólamála í Reykjavík;
- að vera faglegt forystuafl í skólamálum borgarinnar og undirbúa stefnumótun fræðsluráðs um starfsemi og uppbyggingu grunnskóla;
- að sjá til þess að lögum og reglugerðum um grunnskóla svo og ákvörðunum borgaryfirvalda í fræðslumálum sé framfylgt í borginni;
- að skipta fjármunum milli grunnskóla borgarinnar og hafa eftirlit með nýtingu fjármagns;
- að veita grunnskólum Reykjavíkur og öðrum menntastofnunum sem styrktar eru af borginni faglega og fjárhagslega ráðgjöf og þjónustu;
- að hafa yfirsýn yfir skólastarf í Reykjavík og þær hugmyndir sem eru á döfinni um þróun þess;
- að veita stofnunum borgarinnar og öðrum opinberum aðilum upplýsingar um fræðslumál og taka þátt í verkefnum á vegum borgarinnar sem tengjast fræðslumálum.

Samþykkt af fræðsluráði 10. október 2000.

## Stjórnendur á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur á árinu 2003

- Dr. Gerður G. Óskarsdóttir, fræðslustjóri
- Runólfur Birgir Leifsson, forstöðumaður fjármálasviðs, staðgengill fræðslustjóra
- Arthur Morthens, forstöðumaður þjónustusviðs
- Dr. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður þróunarsviðs
- Guðmundur Þór Ásmundsson (í námsleyfi síðari hluta ársins)/Anna Kristín Sigurðardóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu fræðslustjóra
- Dagný Leifsdóttir, deildarstjóri fjárhags- og launadeildar
- Júlíus Sigurbjörnsson, deildarstjóri rekstrardeildar
- Stephen P. Bustos, deildarstjóri fjármálastjórnunar (fyrri hluta ársins)
- Birna Sigurjónsdóttir, deildarstjóri kennsludeildar
- Hákon Sigursteinsson, deildarstjóri sálfræðideildar
- Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri
- Sigþór Örn Guðmundsson, deildarstjóri tölvudeildar
- Guðrún Hjartardóttir, upplýsingafulltrúi

Forstöðumaður Skólasafnamiðstöðvar er Margrét Björnsdóttir.





## Starfsáætlun og ársskýrsla fræðslumála

Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík hefur verið gefin út árlega af Fræðslumiðstöð frá árinu 1997. Fræðslustjóri stýrir vinnu við starfsáætlun. Hún er unnin í víðtæku samstarfi fræðsluráðs og Fræðslumiðstöðvar við skólastjórnendur, kennara og foreldra. Haldnir eru fundir um stefnu komandi árs með skólastjórunum, öllum kennararáðunum og öllum foreldraráðunum. Skólastjórar í borgarhlutunum fjórum móta sér stefnu um samvinnuverkefni árlega. Ársfjórðungslega leggur Fræðslumiðstöð yfirlit yfir framvindu starfsáætlunar fyrir fræðsluráð (sjá um framkvæmd markmiða í starfsáætlun ársins í 4. kafla).

Fræðslustjóri heimsótti starfsmannafundi í 14 grunnskólanna á árinu til að ræða stefnumörkun um grunnskóla í Reykjavík, en einkum breytta kennsluhætti í átt til einstaklingsmiðaðs náms og skóla án aðgreiningar. Einnig átti hann fundi í nóvember í borgarhlutunum fjórum með kennurum list- og verkgreina um sama efni. Fulltrúar frá Fræðslumiðstöð eiga árlega fundi með aðilum í Kennaraháskóla Íslands um þróun skólastarfs og var fundur ársins haldinn í Kennaraháskólanum þann 5. júní. Sambærilegur fundur var haldinn með aðilum á Námsgagnastofun 14. mars.

Í starfsáætlun fræðslumála 2003 var í fyrsta sinn sett fram skorkort (Balanced Score Card) fyrir fræðslumálin í Reykjavík þar sem valdir eru ákveðnir velgengnisþættir og sett markmið um útkomu þeirra. Unnið var að stefnukorti fræðslumála á árinu. Stefnt er að því að skólarnir geri sér einnig eigin stefnukort og skorkort.

Í árskýrslu hvers árs er meðal annars gerð grein fyrir framkvæmd markmiða í starfsáætlun ársins.

Á heimasíðu Fræðslumiðstöðvar www.grunnskolar.is er mikið magn hagnýtra upplýsinga um skólana og skólastarfið, þar eru sagðar nýjustu fréttir úr fræðslumálunum og birtar fundargerðir fræðsluráðs.

# Skrifstofa fræðslustjóra

Skrifstofa fræðslustjóra ber ábyrgð á heildarstjórnun fræðslumála og stefnumörkun. Hún sér um stuðning við skólastjóra í starfi þeirra, starfsmannamál, foreldrasamstarf og almannatengsl. Skrifstofan sér um samstarf við tónlistarskóla og hefur umsjón með skólahljómsveitum.

## Starfsmenn á skrifstofu fræðslustjóra

Á skrifstofu fræðslustjóra störfuðu á árinu, auk fræðslustjóra, skrifstofustjóri sem er aðstoðarmaður fræðslustjóra, ritari fræðslustjóra, starfsmannastjóri, upplýsingafulltrúi, ráðgjafi um samstarf foreldra og skóla og ráðgjafi um tónlistarfræðslu. Tveir mannauðsráðgjafar komu til starfa á Fræðslumiðstöð til að vinna að sérstöku átaki við að bæta vinnuumhverfi starfsmanna í kjölfar vinnustaðagreiningar í skólunum og á Fræðslumiðstöð sem fram fór haustið 2002 og heyra þeir undir starfsmannastjóra.

Fræðslustjóri er framkvæmdastjóri fræðslumála á vegum Reykjavíkurborgar og vinnur að mótun framtíðarsýnar um grunnskólann og árlegrar stefnumörkunar, auk þess að sjá til að henni sé framfylgt. Hann undirbýr fundi fræðsluráðs ásamt formanni. Fræðslustjóri vinnur að því að þjónusta við nemendur, foreldra þeirra, kennara og skólastjórnendur sé í samræmi við lög og stefnu borgarinnar og fylgist með væntingum í þeim efnum. Fræðslustjóri stýrir daglegu starfi Fræðslumiðstöðvar og hefur forystu um uppbyggingu hennar og skipulag. Þá sinnir fræðslustjóri samskiptum út á við, svo sem við yfirstjórn borgarinnar, aðrar borgarstofnanir, ýmsar þjónustustofnanir og aðila erlendis.

Skrifstofustjóri er ritari fræðsluráðs og undirbýr fundi og fylgir eftir ákvörðunum ráðsins. Hann er aðstoðarmaður fræðslustjóra í framkvæmd þeirra mála sem undir hann heyra. Skrifstofustjóri deilir út erindum sem berast fræðsluráði og fræðslustjóra og fylgist með af-

greiðslu þeirra. Hann er tengiliður fræðslustjóra við skólastjóra. Síðari hluta ársins sinnti skrifstofustjóri ýmsum samstarfsverkefnum við Fasteignastofu Reykjavíkurborgar vegna grunnskólabygginga og vinnu við greiningu og áætlun um húsnæðismál grunnskólanna sem er samstarfsverkefni Fasteignastofu og Fræðslumiðstöðvar. Fyrri hluta ársins var sérstakur starfsmaður í þessu verkefni í 50% starfi.

Ritari fræðslustjóra hefur yfirlit yfir erindi sem berast fræðslustjóra, sér meðal annars um bréfaskriftir og skjalastýringu, undirbýr gögn fyrir fundi fræðsluráðs, tímasetur og undirbýr fundi fræðslustjóra með ýmsum aðilum og skipuleggur viðtalstíma hans.

Upplýsingafulltrúi sér um samskipti við fjölmiðla, undirbúning ýmissa viðburða og ráðstefna og uppsetningu og útgáfu á efni sem unnið er á Fræðslumiðstöð, svo sem skýrslum, starfsáætlun, ársskýrslu og bæklingum. Upplýsingafulltrúi sér um heimasíðu Fræðslumiðstöðvar og veitir upplýsingar út á við um starfsemi Fræðslumiðstöðvar og grunnskólastarf almennt.

Starfsmannastjóri sinnir ráðningamálum, veitir ráðgjöf um túlkun kjarasamninga og úrlausn einstaklingsmála og er tengiliður við stéttarfélög. Hann vinnur að starfsþróun, sér um gerð símenntunaráætlana á Fræðslumiðstöð, veitir ráðgjöf um símenntunaráætlanir skóla og sér um skipulag símenntunar fyrir ákveðna hópa. Starfsmannastjóri stýrir starfi tveggja mannauðsráðgjafa sem ráðnir voru að Fræðslumiðstöð við upphaf ársins. Hlutverk mannauðsráðgjafanna er að veita skólastjórnendum þjónustu á sviði starfsmannastjórnunar, upplýsingamiðlunar og samskipta, auk þess að vinna að umbótum í kjölfar vinnustaðagreiningar meðal annars með ráðgjöf, námskeiðahaldi og aðstoða við úrlausn ágreiningsmála. Í upphafi ársins var tekin upp sú nýbreytni að styrkja heilsurækt starfsmanna innan málaflokksins.

Ráðgjafi um tónlistarfræðslu hefur umsjón með tónlistarfræðslu á vegum Reykjavíkurborgar, en undir hana flokkast skólahljómsveitir, tónlistarskólar sem njóta rekstrarstyrkja frá borginni og tónmennt í grunnskólum. Í því felst meðal annars að veita faglega ráðgjöf til skólastjórnenda, fræðsluráðs og Fræðslumiðstöðvar, vinna að þróun tónlistarnáms og annast upplýsingaöflun og upplýsingamiðlun vegna tónlistarfræðslunnar í samvinnu við þróunarsvið. Hann hefur eftirlit með því að ákvæði þjónustusamninga séu uppfyllt og fylgist með nýtingu þeirra fjármuna sem úthlutað er til tónlistarnáms. Á árinu voru mótaðar nýjar reglur um úthlutun fjármagns til tónlistarskóla og gerð úttekt á stöðu tónmenntar í grunnskólum.

Ráðgjafi um samstarf foreldra og skóla sinnir málefnum einstakra barna sem til hans er vísað, bæði frá foreldrum og skólum, sem ekki hefur tekist að leiða til lykta á vettvangi skóla og mál sem foreldrar vilja vísa til stjórnenda fræðslumála borgarinnar. Af heildarfjölda þessara mála vörðuðu um 44% nemendur á unglingastigi, en 28% af miðstigi og 28% af yngri barna stigi. Málum sem vísað er til Fræðslumiðstöðvar hefur farið fjölgandi á síðustu árum. Meirihluti mála frá foreldrum vörðuðu óánægju með skóla. Meirihluti mála frá skólum vörðuðu agamál og fjarvistir (mynd 2.1 og töflur 2.1 og 2.2). Auk þess svarar ráðgjafinn fyrirspurnum fjölda foreldra varðandi nemendur og skólastarf almennt. Á árinu var gerð könnun meðal grunnskóla Reykjavíkur á samstarfi heimila og skóla.

Mynd 2.1
**Einstaklingsmál sem bárust ráðgjafa um samstarf foreldra og skóla 1997-2003**




Tafla 2.1
**Einstaklingsmál sem bárust ráðgjafa um samstarf foreldra og skóla 2003**

| Tilefni | Frá foreldrum | Frá skóla | Samtals |
|---|---|---|---|
| Agamál | 6 | 13 | 19 |
| Ávana- og fíkniefni | 1 | | 1 |
| Einelti | 15 | 1 | 16 |
| Félagslegur vandi | 7 | 2 | 9 |
| Fjarvistir | 5 | 10 | 15 |
| Geðrænn vandi | 6 | 3 | 9 |
| Námserfiðleikar | 4 | | 4 |
| Óánægja með skóla | 102 | | 102 |
| Annað | 2 | 1 | 3 |
| **Samtals:** | **148** | **30** | **178** |

Tafla 2.2
**Fjöldi mála sem bárust ráðgjafa um samstarf foreldra og skóla eftir skólastigum árið 2003**

| Skólastig | Fjöldi mála |
|---|---|
| Yngri barna stig 1.-4. bekkur | 49 |
| Miðstig 5.-7. bekkur | 50 |
| Unglingastig 8.-10. bekkur | 79 |
| **Samtals** | **178** |



## Þróunarsvið

Helstu hlutverk þróunarsviðs eru að safna og vinna úr gögnum um skólastarf og skipuleggja upplýsinga- og samskiptatækni á vegum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, auk áætlanagerðar og rannsóknavinnu. Á sviðinu er tölvudeild sem hefur umsjón með tölvuvæðingu skóla og mótar stefnu í tölvumálum í samvinnu við skólana. Á þróunarsviði er unnið úr gögnum um skólastarf í Reykjavík, skipulögð skráning og innritun nemenda og spár gerðar um nemendafjölda. Þar er einnig fylgst með því að börn með lögheimili í Reykjavík uppfylli skólaskyldu. Rannsóknir og kannanir Fræðslumiðstöðvar eru í umsjón þróunarsviðs. Þar eru gerðar langtímaáætlanir, svo sem um tölvuvæðingu og fleiri þætti í skólastarfi.

### Starfsmenn þróunarsviðs

Starfsmenn þróunarsviðs voru níu á árinu í rúmum átta stöðugildum þar til í desember en þá voru ráðnir tveir starfsmenn til viðbótar í tölvudeild. Forstöðumaður sá um yfirstjórn og samhæfingu verkefna. Deildarstjóri tölvudeildar sá um skipulagningu og rekstur tölvukerfis grunnskólanna. Fimm starfsmenn tölvudeildar sinntu tölvuþjónustu við grunnskólana, Fræðslumiðstöð og Námsflokkana. Tveir sérfræðingar á þróunarsviði, í 1,5 stöðugildi, störfuðu við rannsóknir og tölfræðiúrvinnslu gagna og nemendaskrárritari hafði umsjón með nemendaskrá. Einn sérfræðingur starfaði við innleiðingu Oracle mannauðskerfis í grunnskólunum, en hluti þess var tekinn í notkun í ársbyrjun.

### Áherslur árið 2003

- Byggt var upp miðlægt tölvukerfi fyrir grunnskóla Reykjavíkur. Í því fólst skipulagning, val á vélbúnaði, uppsetning á aðstöðu, s.s. miðlararými, kælikerfi, rafbakhjörlum og uppsetning á kerfishugbúnaði.
- Skipt var út afritunarbúnaði og sett upp ný lausn frá Tivoli. Sett var upp Zenworks kerfisstýringarumhverfi og byrjað að vinna í undirbúningi á GroupWise hópvinnslukerfinu.
- Hafin var endurnýjun á svissum í staðarnetum einstakra skóla.
- Sett var upp ein miðlæg gagnageymsla (SAN kerfi) til að þjóna öllum miðlurum tölvukerfisins.
- Hafinn var undirbúningur að gerð rammasamnings fyrir Reykjavíkurborg um innkaup á tölvubúnaði.
- Settur var upp aðgangur fyrir 17.000 notendur (nemendur og kennara) og gögn þeirra flutt úr eldra kerfi.
- Gerður var samningur við Mentor um gerð nýrrar kerfiseiningar í upplýsingakerfi grunnskólanna til að auðvelda gerð námsáætlana fyrir hópa og einstaka nemendur (sjá nánar í 4. kafla bls. 42).
- Gerð var könnun á líðan nemenda í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2003. Könnunin var framkvæmd af Rannsóknum og greiningu ehf. Þróunarsvið sá um úrvinnslu. Skýrslur verða gefnar út árið 2004.
- Gerð var könnun á vímuefnaneyslu og líðan nemenda í 8.-10. bekk í grunnskólum Reykjavíkur. Rannsóknir og greining ehf. sá um gagnaöflun sem hluta af ESPAD - 2003: Rannsókn á vímuefnaneyslu og högum evrópskra grunnskólanema.
- Ýmsar kannanir voru gerðar í vefkannanaforritinu „Outcome“:
  - Könnun á samstarfi heimila og skóla vorið 2003. Skýrsla gefin út í janúar 2004.
  - Bráðger börn - verkefni við hæfi. Könnun meðal foreldra, nemenda og kennara. Niðurstöður voru kynntar á málþingi Rannsóknarstofnunar KHÍ í október 2003. Heildarskýrsla gefin út haustið 2004.
  - Einstaklingsmiðað nám - Einstaklingsáætlanir. Námskeiðsmat unnið fyrir kennsludeild í apríl 2003.
  - Viðhorf foreldra til námsmats í Melaskóla í janúar 2003.
  - Viðhorf nemenda til aðstöðunnar í Álftamýrarskóla í mars 2003.
  - Viðhorf foreldra til Ingunnarskóla í nóvember 2003.

- Aðrar smærri kannanir voru:
  - Úttekt á tónmennt í grunnskólum Reykjavíkur: Aðbúnaður, kennsla o.fl.
  - Viðhorf nemenda í forskotsnámi til framfaramappa og forskotsnáms, vorið 2003. Unnið fyrir kennsludeild.
  - Úrvinnsla úr viðhorfakönnun meðal foreldra í Háteigsskóla.
- Unnið var úr niðurstöðum úr lesskimunarprófi sem lagt var fyrir nemendur í 2. bekk í grunnskólum Reykjavíkur í apríl.
- Hafin var úrvinnsla úr niðurstöðum úr skimunarprófi í stærðfræði, Talnalykli, sem lagt var fyrir nemendur í 3. bekk í grunnskólum Reykjavíkur í nóvember.
- Unnið var að endurskoðun á spá um þróun nemendafjölda fram til ársins 2012 fyrir einstök skólahverfi og unnið að því að bæta spá um þróun nemendafjölda í nýjum hverfum. Í tengslum við þessa vinnu var jafnframt safnað upplýsingum um tví- og þrísetningar grunnskóla á fyrri árum.
- Lokið var að mestu þýðingu námsefnis sem á dönsku kallast „Skole-IT körekort“ en námsefnið er ætlað til þjálfunar kennara í notkun upplýsingatækni í kennslu. Gert er ráð fyrir að námsefnið verði tekið í notkun á skólaárinu 2004-2005 (sjá nánari lýsingu í 4. kafla bls. 42).

Forstöðumaður þróunarsviðs sat fyrir hönd Fræðslumiðstöðvar í stýrihópi borgarstofnana um rannsóknir, í samráðshópi um upplýsingatækni og gagnamál, í sérfræðihópi vegna vals á fyrirspurnartóli fyrir Oracle starfsmanna- og launakerfi, í tæknihópi vegna vinnu við skorkort Reykjavíkurborgar, í starfshópi vegna undirbúnings að stofnun þjónustumiðstöðva-upplýsingatækni og í starfshópi um gagnamál og upplýsingar. Deildarstjóri tölvudeildar sat fyrir hönd Fræðslumiðstöðvar í samráðshópi um upplýsingatækni og gagnamál, tók þátt í vinnu við gerð rammasamnings um kaup á tölvubúnaði fyrir Reykjavíkurborg og sat í starfshópi um innleiðingu Smartkorta.

# Þjónustusvið



Starfsmenn þjónustusviðs veita kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skóla, nemendum og aðstandendum þeirra kennsluráðgjöf og sálfræðilega þjónustu. Á þjónustusviði eru tvær deildir.

Sálfræðideild sér um sálfræðilega ráðgjöf til starfsfólks skóla sem og ráðgjöf til foreldra og nemenda. Starf sálfræðinga lýtur að ráðgjöf og stuðningi vegna almenns skólastarfs. Sálfræðingar sálfræðideildar sitja fundi í nemendaverndarráðum skólanna og vinna að verkefnum innan skóla í samráði við skólastjóra og nemendaverndarráð. Þjónusta sálfræðinga felur meðal annars í sér athugun og mat á þroska, hegðun og líðan nemenda samkvæmt niðurstöðum úr viðtölum, sálfræðilegum prófum og bekkjar- og atferlisathugunum. Sem fyrr voru drengir í meirihluta þeirra sem nutu þjónustu sálfræðinga eða yfir 67% (mynd 2.2 og tafla 2.3).

Mynd 2.2

**Tilvísanir til sálfræðideildar Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur skólaárið 2002-2003, kyn og aldur eftir fæðingarári**




Tafla 2.3

**Tilvísanir til sálfræðideildar 1996-2003**

| | 1996-1997 | 1997-1998[1] | 1998-1999 | 1999-2000 | 2000-2001 | 2001-2002[2] | 2002-2003 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi tilvísana | 681 | 547 | 632 | 681 | 656 | 554 | 570 |
| Hlutfall drengja | 66% | 64% | 65% | 62% | 65% | 68% | 67% |
| Hlutfall stúlkna | 34% | 36% | 35% | 38% | 35% | 32% | 33% |

1) Miðgarður tók til starfa.

2) Vesturgarður tók til starfa.

Tafla 2.4

**Yfirlit yfir ráðgjöf til kennara vegna bekkjastarfs eftir árgöngum 2003[1]**

| | Yngsta stig 1.-4. bekkur | Miðstig 5.-7. bekkur | Unglingastig 8.-10. bekkur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi bekkja | 18 | 24 | 4 | 46 |
| Fjöldi heimsókna | 39 | 49 | 12 | 100 |

1) Til viðbótar eru um 70 bekkjaheimsóknir og fundir kennsluráðgjafa í Vesturgarði.

Tafla 2.5
**Kennsluráðgjöf við skóla - efnisflokkar**

| | Þróun skólastarfs | Móðurskóla-verkefni | Samstarfs-verkefni | Sjálfsmat | Faghópar | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi verkefna | 12 | 3 | 17 | 3 | 8 | 43 |
| Fjöldi funda | 50 | 10 | 172 | 6 | 42 | 280 |

Tafla 2.6
**Kennsluráðgjöf vegna bekkjastarfs - fjöldi heimsókna eftir skólum 1998-2003**

| Skóli | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | 1 | 1 | 2 | | | 6 |
| Álftamýrarskóli | 4 | | 2 | | 3 | 14 |
| Árbæjarskóli | 4 | | 1 | 2 | | |
| Ártúnsskóli | 1 | | | | 1 | 1 |
| Borgaskóli | | 1 | 2 | 1 | 1 | 2 |
| Breiðagerðisskóli | **11** | 6 | | 1 | 2 | 7 |
| Breiðholtsskóli | 2 | | | | 7 | 5 |
| Engjaskóli | | | 1 | | | 4 |
| Fellaskóli | 3 | 2 | 3 | 4 | 1 | 2 |
| Foldaskóli | 3 | 3 | 1 | | | 9 |
| Fossvogsskóli | | 1 | | | | |
| Grandaskóli | 1 | 2 | | 3 | 11 | 1 |
| Hagaskóli | | | | | 2 | 14 |
| Hamraskóli | 4 | 2 | 1 | | 12 | 12 |
| Háteigsskóli | 4 | 4 | 3 | | 4 | 26 |
| Hlíðaskóli | 3 | 1 | 5 | | 2 | 20 |
| Hólabrekkuskóli | | 1 | 2 | | | 7 |
| Húsaskóli | 4 | 1 | 6 | | 1 | 6 |
| Hvassaleitisskóli | 1 | | | 1 | | 1 |
| Ingunnarskóli | | | | | 2 | 2 |
| Klébergsskóli | | 3 | 2 | | | 11 |
| Korpuskóli | | | | | | |
| Langholtsskóli | 1 | 3 | 4 | | 9 | 9 |
| Laugalækjarskóli | | | | | 13 | 13 |
| Laugarnesskóli | 12 | 8 | 3 | 5 | 8 | 8 |
| Melaskóli | | 1 | | | 12 | |
| Réttarholtsskóli | | | | 2 | | |
| Rimaskóli | 4 | 2 | 3 | 2 | 2 | 8 |
| Selásskóli | 4 | | 2 | | 3 | 2 |
| Seljaskóli | 2 | 2 | | | 13 | 1 |
| Vesturbæjarskóli | | | 3 | | 2 | 5 |
| Víkurskóli | | | | | | 3 |
| Vogaskóli | 2 | 1 | | | 5 | 14 |
| Ölduselsskóli | 17 | 9 | 1 | 1 | 3 | 6 |
| **Samtals** | **88** | **54** | **47** | **22** | **119** | **219** |

Kennsludeild hefur að meginmarkmiði að styrkja kennara í starfi með ráðgjöf og fræðslu á sviði náms, kennslu og skólaþróunar. Kennsluráðgjafar kennsludeildar vinna með skólum í samræmi við grunnskólalög, reglugerðir og þær áherslur sem lagðar eru hverju sinni í starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík um innra starf skóla. Kennsludeild veitir kennsluráðgjöf í einstökum námsgreinum, bekkjarkennslu, sérkennslu og nýbúakennslu. Þar er einnig boðið upp á leiðsögn um þróun kennsluhátta og mat á skólastarfi (töflur 2.4, 2.5 og 2.6). Jafnframt er unnið að símenntun kennara í samráði við starfsmannastjóra Fræðslumiðstöðvar, skólastjóra og kennara. Kennsluráðgjafar meta skólanámskrár grunnskóla borgarinnar fyrir hönd fræðsluráðs. Kennsluráðgjafar starfa í fjölmörgum samstarfsverkefnum sem fulltrúar Fræðslumiðstöðvar og tengiliðir við grunnskóla borgarinnar.

Samstarf kennsluráðgjafa og sálfræðinga á þjónustusviði fer m.a. fram í þverfaglegum teymum sem sinna mismunandi verkefnum, svo sem skólabyrjun, sérkennslu, alvarlegum einstaklingsmálum, þroskahömlun, einhverfu og eineltismálum (tafla 2.7).

Tafla 2.7
**Einstaklingsmál sem unnið var að á kennsludeild skólaárið 2003-2004**

| | Fjöldi einstaklinga |
|---|---|
| Námsvandi | 25 |
| Hegðun og samskipti | 67 |
| Þroskaraskanir | 37 |
| Breyting á skólavist | 132 |
| Fötlun | 21 |
| **Samtals** | **282** |

## Þjónusta við skóla vegna einstakra nemenda

Á árinu 2002 var ákveðið að öll þyngstu einstaklingsmálin sem koma til úrlausnar á Fræðslumiðstöð skyldu tekin fyrir í svonefndu einstaklingsteymi. Í einstaklingsteyminu sátu þetta árið forstöðumaður þjónustusviðs sem stýrði teym-

inu, deildarstjóri sálfræðideildar, deildarstjóri kennsludeildar og ráðgjafi um samstarf foreldra og skóla. Einnig sat fulltrúi Barnaverndar Reykjavíkur fundi mánaðarlega vegna barnaverndarmála.

Alls komu 67 mál til teymisins á árinu frá 24 skólum. Málin nú eru því tvöfalt fleiri en á árinu 2002. Skólarnir sem sendu mál til einstaklingsteymisins voru þriðjungi fleiri en á síðasta ári og dreifing mála milli skóla var mun meiri en á árinu 2002. Eins og áður voru málefni drengja í miklum meirihluta. Flest mál voru vegna nemenda á unglingastigi eða alls 36, af miðstigi komu alls 16 mál og af yngri barna stigi alls 15. Af þessum 67 málum var 31 máli vísað til teymisins vegna hegðunar og samskipta. Léleg skólasókn kom til í 20 tilvikum. Neysla fíkniefna var ástæða tilvísana í 7 tilvikum. Í fjórum tilvikum var um vanrækslu foreldra eða aðstandenda að ræða. Vanlíðan og hegðun var aðalástæðan í þremur tilvika (töflur 2.8 og 2.9).

## Starfsmenn þjónustusviðs

Starfsmenn á þjónustusviði voru 23 á árinu. Forstöðumaður og deildarstjórar sálfræði- og kennsludeildar höfðu forystu og frumkvæði um starfsemi sviðsins.

Á kennsludeild störfuðu 10 starfsmenn í 8,5 stöðugildum að meðtöldum deildarstjóra. Kennsluráðgjöf var í höndum kennsluráðgjafa. Fjórir kennsluráðgjafar í 3 stöðugildum skiptu með sér almennri kennsluráðgjöf og voru tengiliðir við skóla í þremur borgarhlutum. Kennsluráðgjafi fyrir Vesturbæ var í hálfu starfi í Vesturgarði og kennsluráðgjafi í erlendum tungumálum var deildarstjóri tungumálavers Laugalækjarskóla. Þrír kennsluráðgjafar í 2,5 stöðugildum skiptu með sér sérkennsluráðgjöf, þar með talin ráðgjöf við framkvæmd stefnu Reykjavíkurborgar um skóla án aðgreiningar, tveir ráðgjafar sinntu skipulagningu kennslu og ráðgjöf á sviði nýbúafræðslu og sinnti annar ráðgjöf við skóla um allt land utan Reykjavíkur.

Á sálfræðideild störfuðu 12 sálfræðingar í 11 stöðugildum, að meðtöldum deildarstjóra (sálfræðiþjónusta í borgarhlutum 2 og 3 og hluta af borgarhluta 1). Þeir sinntu greiningu á nemendum og veittu ráðgjöf til kennara og annars starfsfólks skóla og foreldra. Þeir unnu einnig að atferlisgreiningu og atferlismótun nemenda sem eiga erfitt með samskipti og hegðun. Einn sálfræðingur var í fullu starfi allt árið við að halda námskeið í atferlisgreiningu og atferlismótun fyrir kennara. Sálfræðingar unnu ennfremur að mati á stöðu sex ára barna í öllum grunnskólum borgarinnar. Vesturgarður, þjónustumiðstöð í Vesturbæ, hóf starfsemi sína í byrjun árs 2002 og starfar í samvinnu Félagsþjónustunnar, Leikskóla Reykjavíkur, Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur og Fræðslumiðstöðvar. Þaðan er veitt sálfræðiþjónusta til skóla í Vesturbæ. Skólar í Grafarvogi njóta sálfræðiþjónustu frá Miðgarði (sjá nánar í 4. kafla bls. 51).

## Áherslur árið 2003

- Áfram var unnið að því að aðstoða einstaka skóla við framkvæmd námskeiða um þróun kennsluhátta og einstaklingsmiðað nám með þátttöku allra kennara skólanna (sjá kafla 4).
- Lesskimunarprófið Læsi var lagt fyrir 2. bekk í 32 skólum vorið 2003 undir stjórn kennsludeildar og í samvinnu við þróunarsvið. Tilgangur þess var að fá heildarmynd af lestrargetu nemenda á þessum aldri í Reykjavík og gera kennurum og skólum kleift að setja sér markmið um framfarir nemenda, með samanburði við stærri heild. Lögð er áhersla á að sem flestir nemendur geti lesið sér til gagns við lok 2. bekkjar (sjá einnig kafla 4).
- Talnalykill, skimunarpróf í stærðfræði var í nóvember lagt fyrir nemendur í 3. bekk í 12 skólum í Reykjavík. Samráðshópur kennara og kennsluráðgjafa var starfandi til að móta notkun prófsins í skólunum. Tilgangur prófsins er að afmarka þann hóp nemenda sem þarfnast aðstoðar í stærðfræði ásamt því að fá heildarmynd af stöðu nemenda á þessum aldri í Reykjavík (sjá nánar í 4.kafla, bls. 47-48).
- Olweus verkefnið gegn einelti hófst sumarið 2002 og var haldið áfram af fullum þunga skólaárið 2003. Var kennsluráðgjafi ráðinn í 25% starf til að sinna verkefninu.

Tafla 2.8

**Mál til umfjöllunar í einstaklingsmálateymi Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur eftir ástæðum tilvísunar 2003**

| Ástæður | Fjöldi einstaklinga 2003 |
|---|---|
| Hegðun og samskipti | 31 |
| Skólasókn | 20 |
| Vímuefni | 7 |
| Vanræksla | 4 |
| Vanlíðan | 3 |
| Fjármál | 1 |
| Geðrænir erfiðleikar | 1 |
| **Samtals** | **67** |

Tafla 2.9

**Mál til umfjöllunar í einstaklingsmálateymi Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur eftir skólastigi 2003**

| Skólastig | Fjöldi mála 2003 |
|---|---|
| 1.-4. bekkur | 15 |
| 5.-7. bekkur | 16 |
| 8.-10. bekkur | 36 |
| **Samtals** | **67** |



- Gefin var út innritunar- og móttökuáætlun fyrir börn af erlendum uppruna, upplýsingarit um grunnskóla fyrir foreldra barna af erlendum uppruna og innritunarblöð í grunnskóla á tólf erlendum tungumálum (sjá kafla 4). Ráðinn var nýbúaráðgjafi í hálft starf við fjóra skóla í Austurbæ sem vinnur í samstarfi við nýbúakennara að gagnkvæmri aðlögun nemenda, fjölmenningarlegum kennsluháttum og fordómafræðslu.

- Vinna við framkvæmd sérkennslustefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í fræðsluráði haustið 2001 fólst meðal annars í mati á stöðu um 1.000 nemenda með miklar sérkennsluþarfir. Af þeim fengu skólarnir sérstaka úthlutun vegna 600 fatlaðra nemenda og nemenda með miklar sérkennsluþarfir samkvæmt nýjum viðmiðunarreglum. Einnig voru skólar aðstoðaðir við stofnun sérkennsluvers og ráðgjafarteymis í hverjum skóla. Jafnframt var hafist handa við kynningarátak á stefnunni í skólum í Vestur- og Austurbæ og haldnir kynningarfundir í nánast öllum skólum í þessum hverfum borgarinnar.

- Forstöðumaður þjónustusviðs og deildarstjórar kennsludeildar og sálfræðideildar sátu í nefnd sem hafði það að markmiði að endurskoða skólatilboð fyrir nemendur með alvarlega félagslega og geðræna örðugleika. Nefndin skilaði niðurstöðum vorið 2003 og lagði til að Hlíðarhúsaskóli, Einholtsskóli og Dalbrautarskóli yrðu sameinaðir í nýjum skóla.

- Forstöðumaður þjónustusviðs vann að lausn á dagvistarþjónustu fyrir fatlaða nemendur í 5. -10. bekk Öskjuhlíðarskóla í samvinnu við skólastjóra og foreldraráð skólans ásamt formanni fræðsluráðs, Þroskahjálp og félagsmálaráðuneyti. Lausn fannst ekki á skólaárinu 2003 en haldið er áfram þeirri vinnu.

- Kennsluráðgjafar héldu alls 67 fræðslufundi um nám og kennslu fyrir starfsmenn skóla, þar með taldir reglulegir samráðsfundir fyrir kennarahópa, svo sem sérkennara, námsráðgjafa, talkennara, smíðaog textílkennara og dönskennara (sjá töflu 3.11, bls.38).

- Námskeið fyrir bráðger börn og verkefni við þeirra hæfi var skipulagt með sama sniði og áður af kennsluráðgjafa í samvinnu við Heimili og skóla og Háskóla Íslands (sjá nánar í 4. kafla, bls. 46).

- Kennsluráðgjafar stýrðu framkvæmd „Stóru upplestrarkeppninnar“ í grunnskólum Reykjavíkur og voru tengiliðir í mörgum samstarfsverkefnum skóla og stofnana eða fyrirtækja (sjá 4. kafla, bls. 56).

- Sálfræðingar tóku þátt í fræðslunámskeiðum fyrir foreldra 6 ára barna í um helmingi grunnskóla borgarinnar (í borgarhlutum 2 og 4).

- Þýðing á hugtakaskilningsprófinu Boehm var endurbætt, en sálfræðingar sjá til þess að skólar leggi það fyrir haust og vor.

- Hafið var undirbúningsár í tveimur skólum með verkefnið PBS eða stuðning við jákvæða hegðun í skóla.

- Farið var af stað með námskeið í atferlisgreiningu og atferlismótun á árinu 2002 fyrir kennara sem valdir voru til þess í hverjum skóla. Á árinu 2003 voru þau haldin í Austur- og

Vesturbæ, auk þess sem haldið var sérstakt námskeið fyrir deildarstjóra og kennara sem höfðu áhuga þar á. Jafnframt var framhaldshandleiðsla veitt fyrir kennara sem lokið höfðu námskeiðinu. (sjá nánar í 4. kafla, bls. 50).

# Fjármálasvið

Fjármálasvið hefur yfirumsjón með fjármálum fræðslumála í Reykjavík. Helstu verkefni tengjast stefnumörkun, fjárhagsáætlun, launaafgreiðslu, bókhaldi, rekstrarþjónustu, fjárhagseftirliti og ráðgjöf. Sviðið skiptist í þrjár deildir, fjármálastjórnun, fjármálaþjónustu og rekstrarþjónustu. Fjármálastjórnun sinnir einkum verkefnum sem tengjast fjárhagsáætlun, rekstraráætlun, tölfræði og eftirliti með fjármálum. Fjármálaþjónusta skiptist í launadeild og bókhald. Launadeildin annast launaafgreiðslu til allra starfsmanna sem undir fræðslumálin heyra eða alls um 2.500 manns. Bókhaldið sér um bókhaldsþjónustu fyrir alla skóla og aðrar rekstrareiningar innan fræðslumálanna. Rekstrarþjónusta fylgist með ýmsum rekstrarþáttum svo sem vegna húsnæðis og mötuneyta skóla og búnaðarmálum og annast miðlæga þjónustu á Fræðslumiðstöð, svo sem afgreiðslu, símavörslu og skjalasafn.

## Starfsmenn fjármálasviðs

Starfsmenn sviðsins voru 24 á árinu. Forstöðumaður sá um yfirstjórn og samhæfingu á sviðinu. Í fjármálastjórnun voru tveir starfsmenn auk deildarstjóra, sem fór í fæðingarorlof í lok sumars og sá þá forstöðumaður sviðsins um stjórnun deildarinnar. Ásamt deildarstjóra er einn starfsmaður sem sinnir fjárhagsáætlunargerð, ýmsum útreikningum og aðstoð við skólastjóra og einn sem meðal annars annast gerð reikninga og þjónustusamninga. Í fjármálaþjónustu störfuðu 12 starfsmenn. Auk deildarstjóra önnuðust 6 starfsmenn launaafgreiðslu og 5 bókhald. Í rekstrarþjónustu störfuðu 8 starfsmenn. Auk deildarstjóra sáu tveir starfsmenn um rekstrar- og búnaðarmál, einn um skjalavörslu, einn um húsvörslu og þrír unnu við afgreiðslu, símavörslu og ritaraþjónustu. Rekstrarþjónusta hefur einnig umsjón með ræstingu húsnæðis.

## Áherslur árið 2003

- Reiknilíkan vegna fjárhagsáætlunar almennu grunnskólanna var endurgert frá grunni. Algerlega er skipt á milli vor- og haustannar, en það einfaldar mjög endurúthlutun til skólanna að hausti.
- Skólum var í þriðja sinn gert að skila rekstraráætlunum til Fræðslumiðstöðvar. Reiknilíkanið fyrir rekstraráætlanir var endurbætt.
- Tekið var í notkun hið nýja launakerfi/mannauðskerfi frá Oracle. Hafði það í för með sér að mikill tími fór í námskeið, lærdóm og prófanir. Einnig var unnið að aðlögun Oracle kerfisins og forritsins Stundvísi sem skólarnir nota meðal annars til að skrá vinnu kennara.
- Búið var til reiknilíkan til að úthluta fjármagni til tónlistarskólanna í samræmi við nýjar reglur fræðsluráðs.
- Haldið var áfram að innleiða samhæft árangursmat (Balanced Scorecard) hjá málaflokknum, þ.e. þróun velgengnisþátta, mælikvarða, skorkorts og stefnukorts.
- Þeir skólar sem ekki höfðu mötuneyti voru hvattir til að bjóða nemendum 1.- 7. bekkjar að kaupa aðsendan heitan mat í hádeginu. Sviðið vann með skólunum að þessum þætti og annaðist útboð á matarbökkum í samvinnu við Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar.
- Innri leiga var tekin inn í rekstrarreikning málaflokksins.
- Unnið var að útboði í samvinnu við Innkaupastofnun, Leikskólana og Félagsþjónustu um kaup á fiski fyrir mötuneyti.
- Unnið var að undirbúningi og skoðun á því hvort hagkvæmt væri og til bóta að taka upp notkun á svokölluðum smartkortum í skólunum. Helst er horft til þess að nemendur noti kortin við matarkaup og skólaakstur. Verkefnið er unnið í samvinnu við ÍTR og Strætó.



Tafla 2.10
**Yfirlit yfir flokkun og skráningu á skólasafnamiðstöð 1998-2003**

| Efnisflokkar | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Íslenskar fræðibækur | 267 | 205 | 250 | 168 | 197 | 180 |
| Íslenskar skáldsögur | 136 | 88 | 66 | 92 | 43 | 81 |
| Erlendar bækur | 1.096 | 1.779 | 1.626 | 720 | 757 | 1.079 |
| Önnur gögn | 332 | 194 | 237 | 182 | 234 | 251 |
| **Samtals** | **1.831** | **2.266** | **2.179** | **1.162** | **1.231** | **1.591** |

Tafla 2.11
**Frágangur safnagagna, eintakafjöldi 1998-2003**

| 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 |
|---|---|---|---|---|---|
| 20.132 | 18.963 | 22.035 | 20.668 | 25.491 | 29.289 |

Tafla 2.12
**Yfirlit yfir eignir á skólabókasöfnum í október 2003**

| Skóli | Skáldsögur | Handbækur og fræðibækur | Tímarit | Önnur gögn | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | 8.082 | 7.317 | 472 | 1.663 | 17.534 |
| Álftamýrarskóli | 2.711 | 3.578 | 106 | 402 | 6.797 |
| Árbæjarskóli[1)] | - | - | - | - | 11.053 |
| Ártúnsskóli | 5.853 | 4.456 | 542 | 474 | 11.325 |
| Borgaskóli | 3.255 | 4.306 | 231 | 533 | 8.325 |
| Breiðagerðisskóli | 3.438 | 3.709 | 36 | 443 | 7.626 |
| Breiðholtsskóli | 6.451 | 7.562 | 409 | 714 | 15.136 |
| Engjaskóli | 3.007 | 3.955 | 362 | 612 | 7.936 |
| Fellaskóli | 5.164 | 6.776 | 375 | 994 | 13.309 |
| Foldaskóli | 5.362 | 7.127 | 326 | 1.411 | 14.226 |
| Fossvogsskóli | 3.575 | 3.625 | 254 | 182 | 7.636 |
| Grandaskóli | 6.447 | 7.213 | 247 | 1.205 | 15.112 |
| Hagaskóli | 1.588 | 7.356 | 25 | 875 | 9.844 |
| Háteigsskóli | 3.931 | 7.669 | 404 | 564 | 12.568 |
| Hólabrekkuskóli | 9.161 | 7.302 | 48 | 2.325 | 18.836 |
| Húsaskóli | 3.072 | 5.591 | 210 | 1.176 | 10.049 |
| Hvassaleitisskóli | 3.011 | 6.915 | 293 | 498 | 10.717 |
| Ingunnarskóli[2)] | - | - | - | - | - |
| Klébergsskóli | 236 | 143 | 20 | 13 | 412 |
| Korpuskóli | 644 | 1.030 | 74 | 111 | 1.859 |
| Langholtsskóli | 4.770 | 7.715 | 220 | 1.176 | 13.881 |
| Laugalækjarskóli | 964 | 3.166 | 181 | 174 | 4.485 |
| Laugarnesskóli | 5.736 | 7.619 | 511 | 435 | 14.301 |
| Melaskóli | 5.366 | 8.777 | 373 | 862 | 15.378 |
| Réttarholtsskóli | 1.335 | 6.164 | 447 | 581 | 8.527 |
| Rimaskóli | 3.150 | 4.606 | 47 | 828 | 8.631 |
| Selásskóli | 5.542 | 7.228 | 479 | 1.071 | 14.320 |
| Seljaskóli | 5.069 | 6.398 | 280 | 881 | 12.628 |
| Skólasafnamiðstöð | 5.474 | 2.892 | 425 | 200 | 8.991 |
| Vesturbæjarskóli | 3.109 | 3.881 | 269 | 412 | 7.671 |
| Víkurskóli[2)] | - | - | - | - | - |
| Vogaskóli | 4.183 | 7.831 | 532 | 421 | 12.967 |
| **Samtals** | **132.030** | **20.366** | **9.435** | **17.684** | **190.568** |

1) Vantar upplýsingar um hvernig eignirnar flokkast.

2) Bókasafn ekki komið upp.

# Skólasafnamiðstöð

Á Skólasafnamiðstöð er veitt ráðgjöf til starfsfólks skólasafna í grunnskólum Reykjavíkur, s.s. vegna húsbúnaðar, vals á bókum og tölvunotkunar. Helstu verkefni skólasafnamiðstöðvar eru auk þess að kaupa inn bækur fyrir skólasöfnin samkvæmt vali þeirra og flokka, skrá og plasta bækur og önnur gögn safnanna (töflur 2.10, 2.11 og 2.12). Einnig eru lánþegar skráðir og lánþegakort prentuð þar. Bekkjarsett af skáldsögum og fræðiritum fyrir börn og unglinga eru til útláns frá skólasafnamiðstöð. Til að auðvelda val á bókum í skólasöfnin eru haldnir bókavalsfundir með skólasafnakennurum og bókasafnsfræðingum skólanna nokkrum sinnum á vetri ýmist í skólasafnamiðstöð eða á skólasöfnum. Þessir fundir eru haldnir um það bil mánaðarlega yfir skólaárið fyrir utan nóvember og desember þegar þeir eru hálfsmánaðarlega.

## Starfsmenn skólasafnamiðstöðvar

Á skólasafnamiðstöð störfuðu á árinu 6 starfsmenn í 5 stöðugildum þar af þrír bókasafnsfræðingar.

# Erlend samskipti

Mikilvægur liður í forystuhlutverki Fræðslumiðstöðvar í skólamálum er að fylgjast með þróun skólamála í öðrum löndum til að sjá hvar við stöndum í samanburði við aðra, læra af öðrum og bera þróun hjá okkur saman við þróun annars staðar. Námsferðir til útlanda eru því fastur liður í starfsemi Fræðslumiðstöðvar.

Fræðslustjóri er í samvinnu við fræðslustjóra í höfuðborgum hinna Norðurlandanna og situr árlegan fund fræðslustjóra höfuðborganna fimm. Árið 2003 var fundurinn haldinn í Helsinki dagana 16. og 17. júní og sóttu fundinn ásamt fræðslustjóra, staðgengill fræðslustjóra og skrifstofustjóri.

Fræðslustjóri veitti árlegri námsferð skólastjóra forystu en hún var að þessu sinni farin á ráðstefnu um þjónustunám (service learning) í Minneapolis í Minnesota í Bandaríkjunum dagana 23.-30. apríl 2003. Auk þess heimsótti hópurinn skóla.

13.-18. september 2003 fóru deildarstjóri rekstrardeildar Fræðslumiðstöðvar og deildarstjóri kennsludeildar ásamt skólastjóra Laugalækjarskóla og fulltrúum frá Fasteignastofu og ÍTR í kynnisferð til Bergen og Osló. Þema heimsóknarinnar var samstarf skóla og grenndarsamfélags, samstarf skóla og listaskóla (kulturskolen) og nýting skólahúsnæðis utan skólatíma. Heimsóttir voru fimm almennir grunnskólar í Bergen, Asker og Osló þar sem húsnæði er samnýtt fyrir skóla og menningarstarfsemi. Sérstaka athygli hópsins vakti ný skólabygging í Borgen skóla og nærmiljösenter í Asker. Þar er lögð áhersla á samnýtingu húsnæðisins til náms, menningarstarfsemi og fyrir samkomur af ýmsu tagi (fundi, námskeið, hópastarf).

28.-31. október 2003 var farin kynnisferð til New Brunswick í Kanada með þátttöku kennsluráðgjafa á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og aðstoðarskólastjóra Borgaskóla og aðstoðarskólastjóra og kennara úr Víkurskóla og Korpuskóla sem er móðurskóli í breyttum kennsluháttum og einstaklingsmiðuðu námi.




Markmið ferðarinnar var að kynna sér skólastefnu fræðsluumdæmisins New Brunswick hvað varðar skóla án aðgreiningar og einstaklingsmiðað nám og framkvæmd þeirrar stefnu fyrir nemendur á grunnskólaaldri.

Forstöðumaður þjónustusviðs fór á samnorræna ráðstefnu um sérkennslu í Vesterås í Svíþjóð dagana 7.-9. ágúst. Þar hélt hann erindi um stöðu sérkennslunnar á Íslandi. Hann fór einnig á samnorræna ráðstefnu í Stokkhólmi 24.-25. september um einelti sem haldin var á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar.



Forstöðumaður þróunarsviðs, deildarstjóri tölvudeildar og tveir starfsmenn deildarinnar fóru í byrjun janúar á ráðstefnu um nýjungar í tölvutækni í skólastarfi, svonefnda Bett-ráðstefnu. Samhliða ráðstefnunni er einnig stærsta árlega sýning sinnar tegundar í Evrópu á vélbúnaðar- og hugbúnaðarlausnum fyrir skólastarf. Á þessari sýningu vöktu sérstaka athygli lausnir í tengslum við fartölvuver og snertitöflur. Varð ferðin til þess að innlendir byrgjar urðu endursöluaðilar á hluta af þeim lausnum sem sýndar voru.

Forstöðumenn þróunarsviðs og fjármálasviðs fóru á ráðstefnu um Balanced Scorecard sem haldin var í



Stokkhólmi, 13. og 14. febrúar, Nordic Balanced Scorecard Summit.




Starfsmaður í tölvudeild fór í september á 7 daga ráðstefnu sem Novell hélt, Novell - Brainshare, sem var sambland af fyrirlestrum og stuttum námskeiðum.

Tveir sálfræðingar í samstarfi við skólaskrifstofu Hafnarfjarðar fóru til Eugene í Oregon í Bandaríkjunum til þess að kynnast því hvernig koma mætti á heildstæðu hegðunar- og agakerfi í skólum (Positive Behavior Support eða PBS). Tveir sálfræðingar fóru ásamt einum kennsluráðgjafa til Gautaborgar í Svíþjóð til að kynna sér það nýjasta er varðar einhverfu og einhverfurófsraskanir.




Í janúar fór starfsmannastjóri til Kaupmannahafnar með nokkrum stjórnarmönnum í Kennarafélagi Reykjavíkur og Kennarasambandi Íslands. Tilgangur fararinnar var að kynnast því hvað dönsku kennarasamtökin og sveitarfélög í Danmörku gera til að bæta líðan kennara og að styrkja þá í starfi með það að markmiði að nýta reynslu Dana til að bæta vinnumhverfi í grunnskólum Reykjavíkur. Ennfremur var farið í heimsókn í tvo skóla á Sjálandi.

Árlega koma hópar erlendra gesta í heimsókn á Fræðslumiðstöð og í grunnskóla Reykjavíkur. Fræðslumiðstöð skipulagði eða hafði milligöngu um heimsóknir um 15 erlendra hópa í skóla á árinu. Í kynnisferðir á Fræðslumiðstöð komu hópar meðal annars frá Kína, Noregi, Portúgal, Svíþjóð og Tékklandi.

## Ráðstefna, viðburðir og opnanir nýbygginga

Ráðstefna um nýbreytni í kennsluháttum grunnskóla, undir titlinum *Skóli á nýrri öld*, var haldin fimmtudaginn 13. febrúar 2003, kl. 14:00-17:30 í samvinnu Fræðslumiðstöðvar, Kennarafélags Reykjavíkur og Skólastjórafélags Reykjavíkur. Ráðstefnan var haldin á Grand Hóteli Reykjavík og sóttu hana um 450 kennarar úr Reykjavík og aðrir gestir. Aðalfyrirlesari var Maxine Giberson, sérfræðingur í kennsluráðgjöf frá New Brunswick í Kanada, en auk þess voru fluttir fjórir aðrir fyrirlestrar um efnið. Þetta var fyrsta ráðstefna af þessu tagi í Reykjavík.

Sýning um nýbreytni í skólastarfi var haldin í fyrsta sinn dagana 15. og 16. febrúar 2003 í Tjarnarsal Ráðhússins. Þar voru 25 grunnskóla Reykjavíkur með sýningarbása þar sem sýnd voru um 40 nýbreytniverkefni. Um var að ræða myndasýningar, verk nemenda, myndbönd úr starfinu og tónlist og fjölluðu verkefnin meðal annars um breytta kennsluhætti, samþættingu lista og bóklegra greina, fjölmenningarskóla, grænan skóla og útikennslu, nýbreytni í verklegri kennslu og fjölþjóðlegt sam-



starf. Auk þess var sýnt efni um nokkur samstarfsverkefni sem margir skólar eru þátttakendur í. Báða dagana voru dagskráratriði á sviði. Sýninguna sóttu hátt í tvö þúsund manns.

Leikhúsmessa var haldin í samvinnu Fræðslumiðstöðvar, Leikskóla Reykjavíkur, skrifstofu menningarmála Reykjavíkurborgar og Íslandsdeildar alþjóðlegra samtaka um barna- og unglingaleikhús, ASSITEJ, samkvæmt samningi sem gerður var á árinu milli þessara aðila. Hún fór fram 1. september. Fulltrúum grunnskóla og leikskóla í borginni var boðið á dagskrá þar sem leikhópar sýndu brot úr leikverkum sínum. Hópar voru einnig með sýningarbása. Markmið leikhúsmessunnar var að efla leikhúsmenningu í skólastarfi og ala upp leikhúsgesti framtíðarinnar, mynda farveg fyrir leikhópa til að kynna verkefni sín og skapa skólum aðstæður til að velja í upphafi skólaárs verk til sýninga fyrir nemendur.

Útskriftarnemum úr kennaranámi við Kennaraháskóla Íslands var boðið til kynningar á grunnskólastarfi í borginni og móttöku 7. mars. Nemar úr kennslufræði við Háskóla Íslands komu á Fræðslumiðstöð í sömu erindum 7. nóvember.

Samkvæmt venju var kennurum sem fóru á eftirlaun á árinu boðið til samsætis á Fræðslumiðstöð þann 18. febrúar.

Menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich kom í heimsókn til grunnskóla Reykjavíkur og heimsótti alla sérskólana þann 2. apríl.

Á árinu fór fram formleg opnun nýrra viðbygginga við tvo skóla, þann 26. september við Árbæjarskóla og þann 9. október við Selásskóla.

Þann 29. maí var tekin fyrsta skóflustunga að nýrri viðbyggingu við Langholtsskóla og þann 6. júní var tekin fyrsta skóflustunga af Ingunnarskóla sem er nýr skóli í Grafarholti.







## Sérstakt átak í umhverfismálum

Á vorönn 2003 fór fram á vegum Fræðslumiðstöðvar sérstakt átak í umhverfismálum undir stjórn umhverfisfræðings og ráðgjafarhóps í umhverfismálum og kom lokaskýrsla þess út í maí. Átakið varðaði bæði umhverfisstefnu Fræðslumiðstöðvar og stuðning við grunnskóla Reykjavíkur í umhverfismálum. Í fyrsta lagi var umhverfisstefna Fræðslumiðstöðvar staðfest í júní 2003 og framkvæmdaáætlun sett á grundvelli umhverfisúttektar. Stefnan byggir á umhverfisstefnu Reykjavíkur frá 1998 og umhverfisáætlun borgarinnar, Staðardagskrá 21, frá 2001. Leiðarljós stefnunnar er meðal annars að hafa umhverfissjónarmið í brennidepli í allri starfsemi sinni, halda neikvæðum umhverfisáhrifum í lágmarki, efla jákvæð viðhorf starfsmanna til umhverfisstarfs og veita grunnskólum borgarinnar hvatningu og ráðgjöf til að efla umhverfisstarf sitt. Í öðru lagi var lögð áhersla á að móta framtíðarsýn í umhverfismálum skólanna og leysa ýmsar hindranir í umhverfisstarfi þeirra. Þar má nefna úrgangsmál og innkaup, samskipti ýmissa aðila og leiðbeiningar um umhverfisstarf á heimasíðu Fræðslumiðstöðvar. Þróaður var gátlisti um umhverfismál skólanna. Loks var boðið upp á fræðslu fyrir áhugasama skóla.
Nú eru um 16 skólar að vinna að umhverfisstefnu og að baki þeirri vinnu eru umhverfisteymi skipuð starfsfólki. Tveir skólar, Fossvogsskóli og Selásskóli, hafa fengið Grænfánann og í þeim skólum eru umhverfisteymi sem í sitja bæði starfsmenn og nemendur.

Undanfarin fjögur ár hefur Fræðslumiðstöð Reykjavíkur verið í samstarfi við Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélag Reykjavíkur, Kennaraháskóla Íslands og Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur um verkefnið Lesið í skóginn og grenndarskóga. Þetta er þverfaglegt verkefni um íslenska skóga, nýtingu og mótun afurða úr efniviði þeirra, vistfræði, listsköpun og grenndarfræðslu (sjá nánar í 4. kafla, bls. 55-57).

# 3 Grunnskólar Reykjavíkur

## Skólar, skólaárið, nemendur og starfsmenn

Grunnskólar Reykjavíkur starfa eftir lögum um grunnskóla nr. 66/1995, reglugerðum við þessi lög, Aðalnámskrá grunnskóla frá 1999, stefnumörkun borgarinnar um skólamál og öðrum samþykktum borgarinnar er snerta skóla. Auk þess tekur starfsemi skólanna mið af öðrum lögum um opinbera þjónustu, reglugerðum við þau og loks kjarasamningum starfsmanna.

## Fjöldi skóla og hverfaskipting

Tveir skólar voru lagðir niður á árinu, Einholtsskóli sem var sérskóli fyrir nemendur í félagslegum vanda og Hlíðarhúsaskóli sem starfað hafði í tvö ár fyrir nemendur í geðrænum vanda. Á grunni þessara skóla var stofnaður nýr skóli, Brúarskóli fyrir nemendur í geðrænum og félagslegum vanda. Grunnskólar í Reykjavík voru því alls 43 haustið 2003, þar af voru 38 þeirra reknir af Reykjavíkurborg, 34 almennir skólar og fjórir sérskólar. Auk þess voru 5 einkareknir grunnskólar í borginni sem fá fjárframlög frá Reykjavíkurborg (mynd 3.1 og tafla 3.1).(Sjá nöfn skólastjóra og aðstoðarskólastjóra grunnskóla Reykjavíkur á bls. 78-79).

### Almennir skólar

Almennu grunnskólarnir 34 eru í öllum borgarhverfum og eru ætlaðir nemendum á grunnskólaaldri sem þar búa (tafla 3.2). Foreldrar hafa engu að síður val um skóla fyrir börn sín, samþykki viðkomandi skólastjóri inntöku nemanda utan skólahverfis skóla. Um 84% nemenda áttu lögheimili í skólahverfi þess skóla sem þeir gengu í haustið

Tafla 3.1
**Fjöldi grunnskóla eftir gerð skóla**

| Gerð skóla | Fjöldi |
|---|---|
| Heildstæðir skólar, 1.-10. bekkur [1) 2)] | 23 |
| Barnaskólar, 1.-6./7. bekkur [3)] | 8 |
| Unglingaskólar, 7./8.-10. bekkur [4)] | 3 |
| Sérskólar | 4 |
| Einkareknir skólar | 5 |
| **Samtals** | **43** |

1) Ingunnarskóli er með 1.-8. bekk og einn árgangur bætist við á ári.
2) Árbæjarskóli er einnig safnskóli á unglingastigi.
3) Í Laugarnesskóla er 1.-6. bekkur.
4) í Laugalækjarskóla er 7.-10. bekkur.

Mynd 3.1
**Staðsetning grunnskóla Reykjavíkur**



Tafla 3.2
**Fjöldi nemenda í almennum grunnskólum haustið 2003**

| | Skólastig | Fjöldi nemenda | Stofnár |
|---|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | 1.-10. bekkur | 624 | 1930 |
| Álftamýrarskóli | 1.-10. bekkur | 358 | 1964 |
| Árbæjarskóli | 1.-10. bekkur | 796 | 1967 |
| Ártúnsskóli | 1.-7. bekkur | 182 | 1987 |
| Borgaskóli | 1.-10. bekkur | 406 | 1998 |
| Breiðagerðisskóli | 1.-7. bekkur | 362 | 1955 |
| Breiðholtsskóli | 1.-10. bekkur | 604 | 1969 |
| Engjaskóli | 1.-10. bekkur | 386 | 1995 |
| Fellaskóli | 1.-10. bekkur | 509 | 1975 |
| Foldaskóli | 1.-10. bekkur | 600 | 1985 |
| Fossvogsskóli | 1.-7. bekkur | 352 | 1971 |
| Grandaskóli | 1.-7. bekkur | 355 | 1986 |
| Hagaskóli | 8.-10. bekkur | 591 | 1958 |
| Hamraskóli | 1.-10. bekkur | 349 | 1991 |
| Háteigsskóli | 1.-10. bekkur | 355 | 1973 |
| Hlíðaskóli | 1.-10. bekkur | 606 | 1955 |
| Hólabrekkuskóli | 1.-10. bekkur | 574 | 1974 |
| Húsaskóli | 1.-10. bekkur | 452 | 1991 |
| Hvassaleitisskóli | 1.-10. bekkur | 285 | 1966 |
| Ingunnarskóli | 1.-8. bekkur | 178 | 2001 |
| Klébergsskóli | 1.-10. bekkur | 171 | 1929 |
| Korpuskóli | 1.-10. bekkur | 199 | 1999 |
| Langholtsskóli | 1.-10. bekkur | 553 | 1952 |
| Laugalækjarskóli | 7.-10. bekkur | 289 | 1960 |
| Laugarnesskóli | 1.-6. bekkur | 433 | 1935 |
| Melaskóli | 1.-7. bekkur | 591 | 1936 |
| Réttarholtsskóli | 8.-10. bekkur | 332 | 1956 |
| Rimaskóli | 1.-10. bekkur | 784 | 1993 |
| Selásskóli | 1.-7. bekkur | 372 | 1986 |
| Seljaskóli | 1.-10. bekkur | 685 | 1979 |
| Vesturbæjarskóli | 1.-7. bekkur | 316 | 1958 |
| Víkurskóli | 1.-10. bekkur | 219 | 2001 |
| Vogaskóli | 1.-10. bekkur | 411 | 1959 |
| Ölduselsskóli | 1.-10. bekkur | 591 | 1975 |
| **Samtals** | | **14.870** | |

Tafla 3.3
**Fjöldi nemenda í sérskólum haustið 2003**

| Skóli | Skólastig | Fjöldi nemenda |
|---|---|---|
| **Brúarskóli**<br>- Nemendur í geðrænum og félagslegum vanda | 4.-10. bekkur | 20 |
| **Dalbrautarskóli**<br>- Innlögð börn á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans | 1.-10. bekkur | 15 |
| **Safamýrarskóli**[1)]<br>- Fjölfatlaðir nemendur | 1.-10. bekkur | 18 |
| **Öskjuhlíðarskóli**<br>- Greindarskertir nemendur | 1.-10. bekkur | 97 |
| **Samtals** | | **150** |

1) Tíu nemendur á framhaldsskólastigi stunduðu einnig nám í Safamýrarskóla.

Tafla 3.4
**Fjöldi nemenda í einkareknum grunnskólum haustið 2003**

| Skóli | Skólastig | Fjöldi nemenda |
|---|---|---|
| Landakotsskóli [1)] | 1.-10. bekkur | 170 |
| Skóli Ísaks Jónssonar [2)] | 1.-3. bekkur | 127 |
| Suðurhlíðarskóli | 1.-10. bekkur | 59 |
| Tjarnarskóli | 8.-10. bekkur | 24 |
| Waldorfskólinn Sólstafir | 1.-9. bekkur | 29 |
| **Samtals** | | **409** |

1) Að auki voru 16 fimm ára nemendur í Landakotsskóla.
2) Að auki voru 96 fimm ára nemendur í Skóla Ísaks Jónssonar.

2003. Þeir sem voru í öðrum skólum voru í sérskólum (tæplega 1%), einkareknum skólum (rúmlega 2%), í skólum í öðrum sveitarfélögum eða erlendis (tæplega 4%) og í öðrum almennum skólum í Reykjavík en heimaskóla (9%).

## Sérskólar

Sérskólarnir fjórir eru fyrir þroskahefta nemendur, mikið fatlaða nemendur og nemendur í miklum félagslegum og geðrænum vanda. Þeir þjóna nemendum af öllu landinu samkvæmt samningi milli Reykjavíkurborgar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá árinu 1997 (tafla 3.3).

## Einkareknir skólar

Einkareknu grunnskólarnir fimm eru reknir af einstaklingum eða samtökum eða eru sjálfseignarstofnanir (tafla 3.4). Þeir byggja starf sitt ýmist á svipuðum grunni og almennir grunnskólar eða hafa sérstöðu, t.d. hvað varðar skólastefnu eða trúarbrögð, sem starfið byggir á. Þeir eru opnir nemendum utan Reykjavíkur jafnt sem Reykvíkingum. Hlutfall reykvískra nemenda var um 77% á árinu 2003, en hafði verið 82-85% undanfarin ár (mynd 3.3).

Á árinu samþykkti borgarráð breytingar á fjárframlögum til einkarekinna grunnskóla og hækkuðu framlögin umtalsvert. Nú greiðir borgin framlag sem jafngildir kostnaði á nemanda vegna kennslu og stjórnunar í almennum grunnskólum. Ekki er tekin afstaða til stærðar skólans og er því miðað við framlag til hagkvæmasta skóla borgarinnar hverju sinni. Við framlagið bætist 15% álag vegna kaupa á ýmiss konar þjónustu og langtímaforfalla. Auk þess geta skólarnir sótt um sérstök framlög vegna nemenda með miklar sérkennsluþarfir og vegna kennslu nýbúa. Gert er ráð fyrir að skólagjöld, allt að 65% af framlagi borgarinnar, og aðrir styrkir standi undir öðrum kostnaði, svo sem vegna reksturs á húsnæði, búnaðarkaupa og launa annarra starfsmanna en kennara og skólastjórnenda. Haustið 2003 var framlagið kr. 302.910 á nemanda og var það um 33% hækkun frá framlagi síðasta árs. Einkareknu skólarnir hafa einnig notið húsnæðisstyrkja frá borginni í formi lágrar húsaleigu eða framlaga til byggingaframkvæmda. Landakotsskóli fékk á árinu 30 millj. kr. framlag frá borginni vegna byggingaframkvæmda. Ísaksskóli fékk 69 millj. kr. framlag vegna fjárhagsstöðu skólans. Tjarnarskóli fékk einnig sérstakan stuðning frá borgarráði.

## Skólar í borgarhlutum

Skiptingu Reykjavíkurborgar í fjóra borgarhluta var breytt á árinu þannig að borgarhluti 1 stækkaði á kostnað borgarhluta 2. Skipting grunnskólanna á milli borgarhluta varð þar með mun jafnari en áður eða 9 skólar í þremur borgarhlutum og 11 í einum (mynd 3.1).

## Fjöldi skóladaga og lengd skóladagsins

Skólaárið 2003-2004 hófst 25. ágúst í öllum grunnskólum Reykjavíkur í samræmi við samþykkt fræðsluráðs. Skólaárið er nú 180 dagar og geta skólar verið með vetrarfrí í allt að 6 daga og lengja þá skólaárið sem því nemur fram á vorið. Vetrarfrísdagar að hausti voru ákveðnir fimmtudag og föstudag 30. og 31. október og mánudag 3. nóvember. Skóladagatöl skólanna eru mótuð innan skólanna og yfirfarin af foreldraráðunum. Þau eru síðan send fræðsluráði til staðfestingar í maí ár hvert. Alls tóku 38 skólar vetrarfrí haustið 2003.

Samkvæmt grunnskólalögum eru vikulegar kennslustundir í 1.-4. bekk alls 30. Reykjavíkurborg ákvað á árinu 2002 að lengja skóladag nemenda í 2.-4. bekk upp í 35 stundir á viku til samræmis við aðra bekki. Lengingin fer fram í áföngum og var komin til framkvæmda í borgarhlutum 1, 3 (nema Árbæ) og 4 haustið 2003. Vikulegar kennslustundir í 5.-7. bekk eru 35 og í 8.-10. bekk alls 37. Lenging skóladagsins samkvæmt grunnskólalögum, lenging skólaársins og lenging á vegum Reykjavíkurborgar í 2.-4. bekk jafngildir samtals 2.674 kennslustundum á ári sem er um 27% aukning á kennslustundum. Sá stundafjöldi samsvarar rúmlega tveimur meðalárum í kennslustundum áður en lengingin hófst (tafla 3.6).

## Nemendafjöldi

Haustið 2003 eða 1. október voru nemendur í 1.-10. bekk í grunnskólum í Reykjavík alls 15.551, en voru 15.429 ef frá eru taldir fimm ára nemendur og nemendur í Safamýrarskóla á framhaldsskólaaldri. Grunnskólanemendur í Reykjavík eru um 34% af nemendum grunnskóla á öllu landinu. Í almennum grunnskólum í Reykjavík voru alls 14.870 nemendur og hafði fækkað um 39 frá haustinu áður. Í sérskólum voru alls 150 nemendur á grunnskólaaldri og hafði fækkað um 9 frá árinu áður. Nemendur einkarekinna skóla voru alls 409 sem er fækkun um 8 frá árinu áður (töflur 3.2, 3.3, 3.4 og 3.5). Fækkun nemenda var því alls 66 nemendur.

Tafla 3.5

**Heildarfjöldi nemenda eftir gerð skóla að hausti 1997-2003[1)]**

| | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Almennir grunnskólar | 13.844 | 14.103 | 14.242 | 14.459 | 14.707 | 14.909 | 14.870 |
| Sérskólar | 177 | 160 | 165 | 175 | 176 | 159 | 150 |
| Einkareknir grunnskólar | 521 | 524 | 518 | 544 | 498 | 427 | 409 |
| **Samtals** | **14.542** | **14.787** | **14.925** | **15.178** | **15.381** | **15.495** | **15.429** |

1) Fimm ára nemendur í einkaskólum og nemendur á framhaldsskólastigi í sérskólum ekki taldir með

Tafla 3.6

**Fjöldi kennslustunda og skóladaga árið 1994 og 2003**

| | Árið 1994 Kennslustundir á ári | | | Árið 2003 Kennslustundir á ári | | | Fjölgun stunda | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Árgangur | Viku-stundir | Vikur | Klst./ári | Viku-stundir | Vikur | Klst./ári | Kennslu-stundir | Hlutfall |
| 1 | 26 | 34 | 884 | 30 | 36 | 1.080 | 196 | 22,2% |
| 2 | 26 | 34 | 884 | 35 | 36 | 1.260 | 376 | 42,5% |
| 3 | 26 | 34 | 884 | 35 | 36 | 1.260 | 376 | 42,5% |
| 4 | 26 | 34 | 884 | 35 | 36 | 1.260 | 376 | 42,5% |
| 5 | 28 | 34 | 952 | 35 | 36 | 1.260 | 308 | 32,4% |
| 6 | 30 | 34 | 1.020 | 35 | 36 | 1.260 | 240 | 23,5% |
| 7 | 32 | 34 | 1.088 | 35 | 36 | 1.260 | 172 | 15,8% |
| 8 | 33 | 34 | 1.122 | 37 | 36 | 1.332 | 210 | 18,7% |
| 9 | 33 | 34 | 1.122 | 37 | 36 | 1.332 | 210 | 18,7% |
| 10 | 33 | 34 | 1.122 | 37 | 36 | 1.332 | 210 | 18,7% |
| **Samtals** | **293** | **34** | **9.962** | **351** | **36** | **12.636** | **2.674** | **26,8%** |

Tafla 3.7

**Væntanlegur nemendafjöldi í grunnskólum Reykjavíkur 2004-2008[1)]**

| Skólaár | 2004 -2005 | 2005 -2006 | 2006-2007 | 2007-2008 | 2008-2009 |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjölgun/fækkun frá hausti 2003 miðað við 87% skil á fæddum Reykvíkingum (1. til 10. bekk) | -196 | -98 | 21 | -34 | -200 |
| Nemendafjöldi miðað við 87% skil á fæddum Reykvíkingum (1. til 10. bekk) | 15.233 | 15.135 | 15.156 | 15.122 | 14.922 |
| Fjölgun/fækkun frá hausti 2003 miðað við 88,5% skil á fæddum Reykvíkingum (1. til 10. bekk) | 67 | -100 | 21 | -34 | -204 |
| Nemendafjöldi miðað við 88,5% skil á fæddum Reykvíkingum (1. til 10. bekk) | 15.496 | 15.396 | 15.417 | 15.383 | 15.179 |
| Fjölgun/fækkun frá hausti 2003 miðað við 90% skil á fæddum Reykvíkingum (1. til 10. bekk) | 330 | -102 | 21 | -35 | -207 |
| Nemendafjöldi miðað við 90% skil á fæddum Reykvíkingum (1. til 10. bekk) | 15.759 | 15.657 | 15.678 | 15.643 | 15.436 |

1) Hér eru reiknuð hlutfallsleg skil allra nemenda í 1.-10. bekk en ekki eingöngu í 1. bekk eins og gert hefur verið undanfarin ár. Þetta er gert vegna þess að töluverðar sveiflur eru á nemendafjölda milli ára í öllum árgöngum.

Mynd 3.2
**Nemendafjöldi í grunnskolum Reykjavíkur 1991-2008**[1]




1) Fimm ára börn ekki talin með og ekki nemendur í eldri deildum.

Mynd 3.3
**Hlutfall nemenda í einkareknum skólum með lögheimili í Reykjavík haust 2000-2003**




Mynd 3.4
**Hlutfall skóla með áætlun um móttöku nýrra nemenda 2000-2003**




Hlutfall grunnskólanemenda af íbúum Reykjavíkur var 13,7 % sem er örlítil lækkun frá undanförnum árum (var 13,9).

## Þróun nemendafjölda

Í fyrsta skipti síðan 1992 fækkaði nemendum í grunnskólum Reykjavíkur á árinu. Stöðug fjölgun hefur verið frá hausti 1992 en þá hafði nemendum fækkað lítillega frá 1988. Fjölgun var nokkuð ör frá árinu 1997, ári eftir flutning grunnskólanna frá ríki til sveitarfélaga, til ársins 2002 en á því tímabili fjölgaði nemendum um rúmlega 900. Lítillar breytingar er að vænta á nemendafjölda næstu árin (mynd 3.2 og tafla 3.7).

Spá fyrir einstök ár er birt í töflu 3.7, en þar er sýnt hversu mikilli fjölgun má búast við í grunnskólum Reykjavíkur næstu fimm árin (fimm ára nemendur eru ekki taldir með). Í þessari töflu er sýnt hversu mikilli fækkun eða fjölgun má búast við þegar miðað er við að 87%, 88,5% og 90% af fæddum börnum í Reykjavík skili sér þar í skóla.

## Móttaka nýrra nemenda

Um 79% skólanna höfðu á árinu gert sér áætlun um móttöku nýrra nemenda. Þar er kveðið á um hvernig staðið er að móttöku nemenda við upphaf skólagöngu með gagnkvæmum heimsóknum milli leikskóla og grunnskóla, námskeiðum og kynningum fyrir foreldra. Gjarnan er boðið upp á sérstaka kynningu fyrir nemendur sem flytjast á milli skóla, þeim kynnt skólahúsið og börnin kynnt fyrir umsjónarkennara áður en þau koma í bekkinn (mynd 3.4).

Skólar hafa gjarnan sérstaka áætlun um móttöku nýrra nemenda af erlendum uppruna eða styðjast við bækling Fræðslumiðstöðvar um móttöku nemenda af erlendum uppruna *Aðkoma nýbúans í skólann* sem gefinn var út árið 2000. Þar er lögð áhersla á gagnkvæma upplýsingamiðlun og kynningu á skólastarfinu.

## Fjöldi umsjónarhópa og meðalfjöldi

Haustið 2003 voru 719 bekkjardeildir eða umsjónarhópar í almennum grunnskólum í Reykjavík og hafði fækkað um 11 frá haustinu 2002 en fjölgað um tæplega 80 frá því grunnskólinn fluttist til borgarinnar haustið 1996 (mynd 3.5). Meðalfjöldi í umsjónarhópi eða bekk var 20,7. Um 82% bekkjar var með 16-25 nemendum, rúmlega 8% voru fámennari og um 10% fjölmennari (mynd 3.6).

Fjöldi nemenda á stöðugildi kennara haustið 2003 var um 10,8 að meðaltali

sem er svipuð tala og undanfarin tvö ár, eða 11,3 í almennum skólum og 1,9 í sérskólum (spannaði 9 til 15 í almennum skólum, en einn til tæplega 5 í sérskólum).

Fjöldi nemenda á stöðugildi annarra starfsmanna var að meðaltali um 24 eða 25 í almennu skólunum og 3,5 í sérskólunum (spannaði frá 14 til 53 í almennum skólum, en frá einum til 31 í sérskólunum). Þetta er nokkur lækkun frá undanförnum árum. Þannig hefur almennum starfsmönnum fjölgað hlutfallslega í skólunum síðastliðin þrjú ár, einkum vegna stofnunar mötuneyta í skólunum. Þessi breytileiki milli skóla á nemendafjölda að baki kennara og annarra starfsmanna á sér ýmsar skýringar. Þar má fyrst nefna mismunandi fjölda nemenda með sérþarfir sem hefur í för með sér fleiri starfsmenn sem bæði geta verið kennarar, þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar. Í skólum með svonefnt skólaliðafyrirkomulag, þar sem hlutverk skólaliða er meðal annars að ræsta, teljast almennir starfsmenn fleiri en í skólum þar sem sérstakt fólk er í ræstingum og er ekki talið með í ofannefndum tölum. Loks geta verið mismunandi áherslur í mannaráðningum milli skóla þar sem sumir skólar velja að ráða fleiri kennara og færri aðra starfsmenn og öfugt.

Mynd 3.5
**Fjöldi bekkjadeilda/umsjónarhópa í grunnskólum Reykjavíkur 1990-2003**




Mynd 3.6
**Meðalfjöldi nemenda í bekkjardeild 1960-2003**




Mynd 3.7
**Hlutfall nemenda í skóladagvist haustin 1997-2003**[1)]




1) Óvegið meðaltal

## Síðdegisstarf í skólum

Nemendur í 1.-4. bekk áttu á árinu kost á dvöl á frístundaheimilum sem rekin voru af ÍTR í Vesturbæ, Breiðholti og Grafarvogi og í skóladagvist skólanna í Austurbæ, Árbæjarhverfi og Grafarholti. Frá og með haustinu 2004 mun ÍTR reka frístundaheimili í öllum grunnskólum Reykjavíkur. Þau eru opin frá um kl. 14:00 til 17:00. Jafnhliða stofnun frístundaheimila hefur skóladagur nemenda í 2.-4. bekk verið lengdur um fimm kennslustundir á viku. Alls nýttu um 2.000 nemendur sér þessa þjónustu í almennu skólunum sem er um 34% nemenda á þessum aldri (mynd 3.7). Nýting var misjöfn milli skóla eða frá tæplega 20% upp í 66%. Hún var almennt minni þar sem var frístundaheimili og er ein ástæðan trúlega lenging skóladagsins. Nýting í sérskólunum tveimur var um og yfir 90% en þar var einnig möguleiki á skóladagvist fyrir eldri nemendur.

Í 13 skólum af 34 almennum skólum var boðið upp á heimanámsaðstoð eftir skóla, einkum fyrir nemendur á miðstigi, og nýttu um 1.300 nemendur sér þessa þjónustu, flestir í 1.-4. bekk. Þátttaka var misjöfn eftir skólum eða frá nokkrum nemendum upp í 275. Foreldrar greiða gjald fyrir aðstoðina. Mjög hefur dregið úr þessari aðstoð eftir að skóladagurinn lengdist (mynd 3.8).

Mynd 3.8

**Hlutfall nemenda sem fengu aðstoð við heimanám árin 1997-2003**




Mynd 3.9

**Hlutfall starfsmanna eftir starfssviðum**



## Starfsmenn grunnskóla

Við grunnskóla Reykjavíkur störfuðu tæplega 2.250 starfsmenn haustið 2003, þar af um 1.550 kennarar, leiðbeinendur, námsráðgjafar, bókasafnsfræðingar og stjórnendur í um 1.400 stöðugildum eða um 65 % starfsmanna.

Aðrir starfsmenn, svo sem stuðningsfulltrúar, skólaliðar, starfsmenn skóla, ritarar, umsjónarmenn bygginga, starfsmenn mötuneyta, tölvuumsjónarmenn (ekki kennarar), voru alls rúmlega 690 að tölu í um 580 stöðugildum eða um 35% starfsmanna. Stöðugildum þessara starfsmanna hefur fjölgað um 30 milli ára, meðal annars vegna fjölgunar mötuneyta. Auk þess starfa rúmlega 150 manns við ræstingu í grunnskólum borgarinnar (mynd 3.9 og tafla 3.8).

Tafla 3.8

**Fjöldi starfsmanna í grunnskólum Reykjavíkur haustið 2003**

| Starfsmenn | Fjöldi starfsmanna | Fjöldi stöðugilda |
|---|---|---|
| Kennarar, leikskólakennarar, þroskaþjálfar, stjórnendur, námsráðgjafar o.fl | 1.557 | 1.434,8 |
| Starfsmenn skóla, skólaliðar, skrifstofufólk, umsjónarmenn, kaffiumsjón | 478 | 410,2 |
| Stuðningsfulltrúar | 174 | 139,7 |
| Aðrir (tölvuumsjónarmenn, yfirmenn mötuneyta o.fl.) | 38 | 31,8 |
| **Samtals** | **2.247** | **2.016,5** |
| Starfsfólk í ræstingum | 154 | |

## Skólastjórnendur

Fjöldi stjórnenda, skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra, var nokkuð meiri haustið 2003 en haustið áður eða 176 í 170 stöðugildum. Tekið skal fram að stjórnendur sinna jafnframt kennslu í samræmi við kjarasamninga. Skólastjórar í grunnskólum Reykjavíkur voru haustið 2003 jafnmargir skólunum eða 38. Aðstoðarskólastjórar voru 42, þar sem í 5 skólum voru tveir aðstoðarskólastjórar og þrír í einum. Í þremur skólum var enginn aðstoðarskólastjóri. Haustið 2003 voru um 53% skólastjóra karlar og um 47% konur. Hlutfall kvenna í hópi skólastjóra hefur hækkað nokkuð undanfarin ár.

Um 71% aðstoðarskólastjóra voru konur og 29% karlar. Sex skólastjórar og tveir aðstoðarskólastjórar störfuðu í einkareknu skólunum fimm. Meðalaldur skólastjórnenda var um 49-50 ár. Fjórir nýir skólastjórar tóku til starfa við grunnskóla Reykjavíkur á árinu, þ.e. við Borgaskóla og Hlíðaskóla, einn fluttist milli skóla, það er úr Borgaskóla í Réttarholtsskóla og skólastjóri var ráðinn við nýjan skóla, Brúarskóla. Nýju skólastjórarnir nutu stuðnings og ráðgjafar frá reyndum skólastjórum, svokölluðum „mentorum“, samkvæmt stuðningskerfi sem tekið var upp árið 2001.

## Oddvitar skólastjóra í borgarhlutum

Skólastjórar í hverjum borgarhluta hafa með sér samstarf sem farið hefur vaxandi á undanförnum árum. Á um tveggja ára fresti kjósa þeir einn úr sínum röðum til þess að vera oddviti þeirra í borgarhlutanum. Hann sér um að boða til reglulegra funda hópsins og er fulltrúi í svonefndu Samráði með fræðslustjóra. Oddvitarnir halda utan um mótun og framkvæmd sameiginlegra markmiða skóla í borgarhlutum í árlegri starfsáætlun fræðslumála.

## Samvinna fræðslustjóra og skólastjóra

Fræðslustjóri er í nánu samstarfi við skólastjóra. Formlegt samstarf þessara aðila felst meðal annars í mánaðarlegum fundum fræðslustjóra með skólastjórum og stundum einnig aðstoðarskólastjórum um ýmis fagleg og rekstrarleg málefni og starfsáætlun næsta árs. Haldnir voru 9 fundir fræðslustjóra og skólastjóra á árinu og auk þess sótti fræðslustjóri fundi skólastjóra í öllum borgarhlutum í febrúar (tafla 3.9).

Fræðslustjóri átti samtals 10 fundi með Samráðinu á árinu en í því sitja oddvitar skólastjóra í borgarhlutum og fulltrúi stjórnar Skólastjórafélags Reykjavíkur. Ráðið er fræðslustjóra til ráðgjafar og er vettvangur upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta. Þar var meðal annars rætt um dagskrár skólastjórafunda, aðkomu skólastjóra að vinnu við starfsáætlun, samræmdar tímasetningar í skólastarfinu svo sem fyrir skólabyrjun, vetrarfrí o.fl., endurmenntunartilboð fyrir skólastjóra og fleiri mál sem varða alla skóla í borginni.

Fræðslustjóri átti starfsmannasamtöl við rúmlega helming skólastjóranna á árinu eða alls 16, í nóvember og desember 2003. Skrifstofustjóri á skrifstofu fræðslustjóra er tengiliður fræðslustjóra við skólastjóra, aðstoðar hann við undirbúning funda með skólastjórum og veitir skólastjórum ráðgjöf og stuðning.

Þórður Kristinsson og R. Daníel Gunnarsson voru formenn Skólastjórafélags Reykjavíkur á árinu. Fulltrúar félagsins tóku á árinu þátt í mörgum vinnuhópum á vegum Fræðslumiðstöðvar, svo sem í úthlutunarnefnd Þróunarsjóðs grunnskóla í Reykjavík, dómnefnd um hvatningarverðlaun, starfshópi um tónlistaruppeldi, starfshópi um sérúrræði fyrir nemendur með geðrænan og félagslegan vanda sem skipaður var á árinu 2002, hópi um umráð yfir skólahúsnæði og undirbúningshópi um ráðstefnu um skóla á nýrri öld.

Fulltrúar aðstoðarskólastjóra úr hverjum borgarhluta mynda samráð með starfsmannastjóra og einum kennsluráðgjafa. Þessi hópur skipuleggur meðal annars heimsóknir, fræðslufundi og aðra símenntun fyrir aðstoðarskólastjóra.

## Símenntun skólastjórnenda

Árleg námsferð fræðslustjóra og skólastjóra til útlanda þetta árið var á ráðstefnu um þjónustunám (Service learning) í Minneapolis, Minnesotafylki í Bandaríkjunum. Hópurinn fór einnig í kynnisferðir í skóla í borginni og nágrenni hennar. Í ferðinni voru 14 skólastjórar, auk fulltrúa fræðsluráðs og Fræðslumiðstöðvar. Hópurinn kynnti efni úr ferðinni á fundi með skólastjórnendum þann 13. júní.

Tafla 3.9
**Yfirlit yfir skólastjórafundi 2003**

| Mánuður | Fundarstaður | Fundarefni |
|---|---|---|
| Janúar | Hólabrekkuskóli | Verkferlar og ferilslýsingar. Úthlutun fjármagns til sérkennslu. |
| Febrúar | Fundir í borgarhlutum | Málefni borgarhluta. |
| Mars | Réttarholtsskóli | Tengsl grunn- og leikskóla. |
| Maí | Fræðslumiðstöð | Kynning á tónlistarvef. Horft um öxl. |
| Júní | Laugalækjarskóli | Starfsáætlun 2004. |
| Ágúst | Hagaskóli | Skólaárið framundan. |
| September | Breiðholtsskóli | Hverfavæðing. |
| September | Foldaskóli | Starfsáætlunarvinna. |
| Október | Kynnisferð til Akraness | |
| Nóvember | Brúarskóli | Stærðfræði. |
| Desember | Gerðuberg / Fræðslumiðstöð | Dr. Þuríður Kristjánsdóttir og Dr. Loftur Guttormsson fluttu erindi, móttaka á Fræðslumiðstöð. |

Farin var kynnisferð fræðslustjóra og skólastjóra til Akraness 17. október í þeim tilgangi að kynnast starfi grunnskólanna í bænum og ræða við skólamálayfirvöld. Aðstoðarskólastjórar og kennsluráðgjafar fóru í heimsókn í Flúðaskóla þar sem þeir kynntu sér vinnu starfsfólks með fjölgreindarkenningar Gardners og Ásaskóla en hann hefur vakið athygli fyrir nýsköpun og hlotið viðurkenningar í nýsköpunarkeppnum.

Haustið 2003 hófst umfangsmikið námskeið fyrir skólastjóra um breytta kennsluhætti sem ber heitið *Skref í átt til einstaklingsmiðaðs náms.* Námskeiðið stendur í rúmlega eitt ár og er einn heill dagur í mánuði og lýkur haustið 2004. Umsjón með námskeiðinu hefur Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Kennaraháskóla Íslands. Hluti þátttakenda tekur námskeiðið til eininga í framhaldsnámi við Kennaraháskólann. Undirbúið var sambærilegt námskeið fyrir aðstoðarskólastjóra sem haldið verður á árinu 2004 (tafla 3.10).

Haldnir voru 4 fræðslufundir ætlaðir skólastjórum, aðstoðarskólastjórum og deildarstjórum í skólum þar sem kynnt var brot af því besta sem verið er að gera í skólum borgarinnar og tvö námskeið um forvarnir. Þar að auki voru haldnir fjölmargir fræðslufundir fyrir stjórnendur um fjármál, vinnurétt, kjarasamninga og fleira.

Tafla 3.10

**Námskeið á vegum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur 2003[1)2)]**

| Heiti/inntak | Markhópur | Fjöldi námskeiða | Stundafjöldi hvers námskeiðs | Fjöldi sem lauk námskeiði |
|---|---|---|---|---|
| Hagnýt atferlisgreining í skólum | Almennir bekkjarkennarar | 2 | 40 | 28 |
| Reykjavíkurborg, vinnustaðurinn minn | Starfsfólk grunnskóla | 5 | 4 | 102 |
| Samskipti á vinnustað | Allir starfsmenn viðkomandi skóla | 5 | 7,5 | 220 |
| Skref í átt til einstaklings-miðaðs náms (2003-2004) | Skólastjórar og stjórnendur FMR | 1 | 60 | Lýkur 2004 |
| Starfsnám fyrir skólaliða, Borgarholtsskóla | Skólaliðar | 1 | 126 | 33 |
| Starfsnám fyrir stuðnings-fulltrúa, Borgarholtsskóla | Stuðningsfulltrúar | 1 | 182 | 19 |
| Stærðfræðikennsla yngstu nemenda | Kennarar í yngri bekkjum grunnskóla | 1 | 12 | 80 |
| Útikennsla og umhverfismennt | Kennarar í náttúrufræði | 1 | 20 | 40 |
| Námskeið fyrir matráða | Matráðar | 1 | 16 | 16 |
| Námskeið fyrir tölvuumsjónarmenn | Tölvuumsjónarmenn | 2 | 20 | 37 |
| Námskeið um forvarnir | Skólastjórnendur og námsráðgjafar | 2 | 4 | 97 |
| Þróun kennsluhátta og einstaklingsmiðað nám | Kennarar grunnskóla | 12 | 20 | 350 |
| Námskeið fyrir erlenda starfsmenn | Starfsmenn af erlendum uppruna | 1 | 30 | 25 |
| **Samtals** | | **34** | | **1.047** |

1) Þrjár klst. eða lengra.

2) Í ársbyrjun 2002 var fé til símenntunar starfsmanna úthlutað til grunnskólanna og hefur því símenntun á vegum Fræðslumiðstöðvar dregist saman.

## Kennarar

Haustið 2003 störfuðu um 1.550 kennarar í grunnskólum Reykjavíkur í um 1.400 stöðugildum, að meðtöldum stjórnendum, námsráðgjöfum, bókasafnsfræðingum, leikskólakennurum, þroskaþjálfum og leiðbeinendum. Hlutfall kennara í fullu starfi var um 80%. Hlutfall leiðbeinenda fór niður í 7% haustið 2003 úr 8-9% undanfarin ár. Meðalaldur kennara í Reykjavík var um 43 ár (mynd 3.9 og tafla 3.8).

### Símenntun kennara

Frá árinu 2002 hefur það fé sem Reykjavíkurborg leggur til símenntunar kennara farið beint til skólanna sjálfra sem hluti af fjárhagsramma þeirra. Það hefur orðið til þess að skólarnir fá til sín í auknum mæli námskeið sem eru sérhönnuð fyrir viðkomandi skóla og allir eða meirihluti starfsmanna tekur þátt í. Kennsluráðgjafar á Fræðslumiðstöð eru skólunum innan handar um þessi námskeið ef óskað er eftir því. Á árinu voru 12 slík námskeið í gangi, um 20 klst. hvert og sóttu þau um 350 manns (tafla 3.10). Á árinu gerði Fræðslumiðstöð samstarfssamning við Kennaraháskóla Íslands um símenntun kennara í borginni. Meginmarkmið hans er að tryggja framboð á námskeiðum í samræmi við stefnumótun fræðsluráðs. Vegna ofannefndra breytinga hefur símenntun á vegum Fræðslumiðstöðvar dregist saman, en engu að síður voru haldin á vegum hennar námskeið í hagnýtri atferlisgreiningu og þjálfun, um stærðfræðikennslu, forvarnir og útikennslu og umhverfismennt. Auk þess stóð Fræðslumiðstöð fyrir stuttum nám-

skeiðum fyrir alla starfsmenn skólanna um samskipti á vinnustað (tafla 3.10).

Um 94% skólanna voru komnir með símenntunaráætlun fyrir starfsmenn skólans við lok árs 2003 og byggir skipulag símenntunar á vegum skólanna á þessum áætlunum.

Fræðslumiðstöð stóð eins og áður fyrir fræðslufundum fyrir ýmsa hópa kennara á árinu, svo sem faggreinakennara, kennara ákveðinna árganga, námsráðgjafa og sérkennara, alls 21 á vorönn og 37 á haustönn og voru þátttakendur yfir 1.000 (tafla 3.11, þar er einnig getið fræðslufunda fyrir aðra starfsmenn). Myndver grunnskólanna í Réttarholtsskóla var með kynningu og námskeið í skólum um ljósmyndir og kvikmyndir.

## Fjármagn til símenntunar kennara úr fjórum áttum

Segja má að fjármagn til símenntunar kennara í Reykjavík komi úr fjórum meginátturn, auk þess sem einstaklingar leggja sjálfir beint til símenntunar sinnar.

a) Samkvæmt 50. gr. grunnskólalaga 1996 er það verkefni ríkisins að fjármagna símenntun kennara. Endurmenntunarsjóður grunnskóla er í vörslu menntamálaráðuneytisins og er hlutverk hans að veita fé til endurmenntunar kennara í grunnskólum landsins. Á árinu var úthlutað um 24 millj. kr. úr sjóðnum og komu rúmlega 5 millj. kr. í hlut kennara og skóla í Reykjavík eða um 22 % úthlutunarfjárins (tafla 3.12).

b) Á árinu lagði Reykjavíkurborg 1,72% af dagvinnulaunum kennara í Verkefna- og námsstyrkjasjóð og starfsmenntunarsjóð Kennarasambands Íslands í samræmi við kjarasamninga. Sjóðurinn úthlutar annars vegar styrkjum til þróunarverkefna (sjá 6.kafla, tafla 6.5, bls. 73) og hins vegar til símenntunar kennara og skiptist sá hluti á styrki vegna námskeiða og námsferða annars vegar og námsleyfa hins vegar. Alls fengu 11 kennarar í Reykjavík námsleyfi úr sjóðnum á árinu (tafla 3.13).

c) Reykjavíkurborg greiðir 1.3% af dagvinnulaunum kennara í námsleyfasjóð sem er í höndum Sambands

Tafla. 3.11
**Fræðslufundir fyrir starfsfólk grunnskóla Reykjavíkur á vegum Fræðslumiðstöðvar 2003**

| | Fjöldi funda | Fjöldi þátttakenda | Fundarefni |
|---|---|---|---|
| Kennarar sem kenna list- og verkgreinar | 11 | 185 | Textílkennsla. Danskennsla. Smíðar. Tenging við atvinnulífið. Sóknarfæri í breyttum skóla. |
| Kennarar sem m.a. kenna nýbúum | 6 | 96 | Móttaka erlendra nemenda. Portfolio í kennslu og mati. Málnotkun - mat. Menningaráfall. |
| Kennarar yngri barna | 7 | 166 | Kynning á nýju stærðfræðiefni. Dagur stærðfræðinnar. Upplestur. Lesskimun. |
| Námsráðgjafar | 5 | 112 | Námskeið um forvarnir. Menningaráfall. Samráðsfundir. |
| Sérkennarar, talkennarar o.fl. | 7 | 78 | Sérkennslustefna. Skóli án aðgreiningar. Félagsfærnisögur. Nám og greindarskerðing. Talnalykill. Samstarf við foreldra. |
| Stjórnendur sérkennslu | 3 | 46 | Samráðsfundir. Úthlutun fjármagns til sérkennslu. |
| Stuðningsfulltrúar | 3 | 29 | Samráðsfundir. |
| Tungumálakennarar | 8 | 74 | Kynning á námsefni. Byrjendakennsla í ensku og dönsku. Leikir í tungumálanámi. Námsaðferðir, leiðabók og möppumat. |
| Umsjónarmenn skóladagvista og starfsfólk | 5 | 89 | Að takast á við breytingar. Gagnkvæmar kynningar á starfi.Samskipti yngri nemenda. |
| Ýmsir hópar kennara | 11 | 231 | Stærðfræðikennsla. Dagblöð í skólum. Stóra upplestrarkeppnin. Lifandi frásögn í móðurmálskennslu. Umhverfisstarf í skólum. Framfaramöppur. |
| Þroskaþjálfar | 1 | 15 | Samráðsfundur. |
| **Samtals** | **67** | **1.121** | |

Tafla 3.12
**Úthlutanir úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla í menntamálaráðuneyti 2003**[1)]

| Skóli/stofnun | | Upphæð |
|---|---|---|
| Árbæjarskóli | Samskiptanámskeið fyrir starfsfólk Árbæjarskóla | 280.000 |
| Ártúnsskóli | Lífsleikni - leið til lausna | 64.000 |
| Fellaskóli | Atferlis- og agastjórnun (SOS) | 128.000 |
| Fræðslumiðstöð Reykjavíkur[2)] | Þróun kennsluhátta - 1. hluti | 1.600.000 |
| Fræðslumiðstöð Reykjavíkur[2)] | Þróun kennsluhátta - 2. hluti | 1.600.000 |
| Fræðslumiðstöð Reykjavíkur[2)] | Gerð einstaklingsáætlana | 1.280.000 |
| Korpuskóli | Atferlis- og agastjórnun (SOS) | 120.000 |
| Laugalækjarskóli | Framfaramöppur í almennu námi | 120.000 |
| **Samtals** | | **5.192.000** |

1) Alls var úthlutað kr. 23.974.900 úr sjóðnum á árinu og var hlutur Reykjavíkur af þeirri upphæð um 22%.
2) Fræðslumiðstöð Reykjavíkur deildi þessum styrkjum til grunnskóla í Reykjavík sem héldu námskeiðin.

Tafla 3.13
**Fjöldi námsleyfa sem úthlutað var úr Verkefna- og námsstyrkjasjóði Kennarasambands Íslands til kennara í Reykjavík á árinu 2003[1)]**

| Skóli | Fjöldi |
|---|---|
| Austurbæjarskóli | 2 |
| Fellaskóli | 1 |
| Foldaskóli | 1 |
| Fræðslumiðstöð Reykjavíkur | 1 |
| Grandaskóli | 2 |
| Hamraskóli | 1 |
| Rimaskóli | 1 |
| Safamýrarskóli | 1 |
| Vogaskóli | 1 |
| **Samtals** | **11** |

1) Alls hlutu 30 kennarar eða skólastjórnendur námsleyfi úr sjóðnum á árinu og var hlutur kennara í Reykjavík því um 37%.

Tafla 3.14
**Fjöldi námsleyfa sem úthlutað var úr Námsleyfasjóði Sambands íslenskra sveitarfélaga til kennara í Reykjavík á árinu 2003[1)]**

| Skóli | Fjöldi |
|---|---|
| Álftamýrarskóli | 1 |
| Ártúnsskóli | 1 |
| Breiðholtsskóli | 1 |
| Engjaskóli | 1 |
| Fellaskóli | 3 |
| Foldaskóli | 2 |
| Fossvogsskóli | 2 |
| Grandaskóli | 1 |
| Korpuskóli | 1 |
| Melaskóli | 1 |
| Rimaskóli | 1 |
| Seljaskóli | 2 |
| Skóli Ísaks Jónssonar | 1 |
| Ölduselsskóli | 1 |
| Öskjuhlíðarskóli | 1 |
| **Samtals** | **20** |

1) Alls hlutu 45 kennarar eða skólastjórnendur námsleyfi úr sjóðnum á árinu og var hlutur kennara í Reykjavík því um 44%.

Tafla 3.15
**Styrkir vegna framhaldsnáms kennara og skólastjórnenda í Reykjavík**

| Skóli | Styrkþegar | Upphæð |
|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | 1 | 260.000 |
| Hlíðaskóli | 5 | 650.000 |
| **Samtals** | **6** | **910.000** |



íslenskra sveitarfélaga. Hann úthlutaði á árinu 45 námsleyfum og komu 20 þeirra í hlut kennara og skólastjórnenda í Reykjavík eða um 44% úthlutaðra leyfa (tafla 3.14).

d) Reykjavíkurborg leggur skólum til fjármagn til símenntunar sem er hluti af fjárhagsramma skólans.

Styrkjum til framhaldsnáms kennara og skólastjórnenda við grunnskóla Reykjavíkur er árlega úthlutað af fræðsluráði. Þetta eru námsstyrkir til kennara og skólastjóra á síðari hluta framhaldsnáms á háskólastigi. Árið 2003 fengu 6 aðilar styrk að upphæð samtals 910.000 kr. (tafla 3.15).

## Stuðningsfulltrúar, skólaliðar, umsjónarmenn, ritarar o.fl.

Haustið 2003 störfuðu alls um 175 stuðningsfulltrúar við grunnskólana í um 140 stöðugildum (um 7% starfsmanna). Þeir eru kennurum til aðstoðar við kennsluna, einkum vegna fatlaðra nemenda. Starfsmenn skóla og skólaliðar, skrifstofufólk, umsjónarmenn bygginga, starfsmenn í mötuneytum, tölvuumsjónarmenn (ekki kennarar) og kaffiumsjónarkonur voru alls um 500 í um 440 stöðugildum. Skólaliðar sinna sömu störfum og starfsmenn skóla en sinna einnig ræstingum meðfram öðrum störfum yfir daginn. Hlutfall skóla með skólaliðafyrirkomulag var komið upp í 85% haustið 2003.

### Símenntun starfsfólks grunnskóla

Fræðslumiðstöð átti frumkvæði að starfsmenntun á framhaldsskólastigi fyrir stuðningsfulltrúa og skólaliða í grunnskólum. Var samið við Borgarholtsskóla um framkvæmd námsins og var það fyrst í boði árið 1999 og var þá eingöngu fyrir starfsmenn í grunnskólum Reykjavíkur. Með árunum hafa önnur sveitarfélög komið inn í þetta samstarf. Frá árinu 2000 hefur Borgarholtsskóli boðið upp á nám fyrir stuðningsfulltrúa árlega og kaupir Fræðslumiðstöð námspláss fyrir starfsmenn skólanna í Reykjavík.

Alls luku 19 stuðningsfulltrúar úr grunnskólum Reykjavíkur 13 eininga lotu sem hófst í apríl og lauk í desember. Einnig luku 33 skólaliðar 9 eininga námi sem hófst í ágúst og lauk í desember. Fræðslumiðstöð stóð einnig fyrir stuttum námskeiðum fyrir matráða og tölvuumsjónarmenn og fræðslufundum meðal annars fyrir stuðningsfulltrúa og starfsfólk skóladagvista (töflur 3.10 og 3.11).

### Starfsmatskerfi

Á árinu hófst undirbúningur að innleiðingu á svokölluðum starfslaunum sem byggjast á starfsmatskerfi, en um það var samið í kjarasamningum Reykjavíkurborgar 2001 við Eflingu, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og Kjarafélag verk- og tæknifræðinga.

# 4 Starfsemi grunnskóla

## Áherslur í starfsáætlun 2003

Í Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík sem gefin er út árlega er birt stefna borgarinnar í fræðslumálum til lengri og skemmri tíma. Þar er mótuð sýn til 10 ára um fimm meginþætti, sett markmið til þriggja ára um sömu þætti og mótuð skref til að stíga á árinu til að nálgast framtíðarsýnina. Með starfsáætlun fyrir árið 2003 var tekið upp það nýmæli að skólar í borgarhlutunum fjórum mótuðu einnig sameiginlega skref um samstarfsverkefni sem skólarnir í viðkomandi borgarhluta ætla að vinna að til að nálgast framtíðarsýnina. Það hefur án efa styrkt samvinnu skólanna í borginni, einkum hvað varðar símenntun kennara í átt til einstaklingsmiðaðs náms og skóla án aðgreiningar. Á grunni stefnumótunar borgarinnar og aðalnámskrár grunnskóla móta skólarnir sér eigin starfsáætlun eða skólanámskrá (sjá kafla um sjálfstæði skóla og eftirlit, bls. 59-60), en Aðalnámskrá grunnskóla sem gefin er út af menntamálaráðuneytinu á nokkurra ára fresti myndar rammann utan um inntak námsins. Áætlanir kennara um starfið byggja á aðalnámskrá og skólanámskrá. Áætlanir einstakra nemenda um nám sitt eru útfærsla á námi hvers og eins.



Meginleiðarljós fræðslumála í Reykjavík er: Að börnunum okkar líði vel og þau öðlist menntun fyrir líf og starf í nútímasamfélagi.

Í starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2003 var lögð áhersla á eftirtalda fimm meginþætti um grunnskólann sem mótast hafa smám saman á undanförnum árum:

a) Einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda

b) Skóla án aðgreiningar

c) Náin tengsl skóla og grenndarsamfélags

d) Sjálfstæði skóla, styrka stjórnun og eftirlit

e) Jafnræði í umgjörð skólastarfsins

Hér á eftir verður gerð grein fyrir skrefum sem stigin voru á árinu í átt að ofannefndum markmiðum í samræmi við áætlanir í starfsáætlun 2003, auk þess sem kynntar eru lykiltölur sem sýna árangur eða umfang á viðkomandi sviði.

### a) Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda

Síðastliðin fjögur ár eða frá og með starfsáætlun 2000 hefur einn af megináhersluþáttum í málefnum grunnskólans í Reykjavík verið að gera nám nemenda einstaklingsmiðaðra en áður og auka markviss þemanám og samvinnu nemenda. Með einstaklingsmiðuðu námi og samvinnu nemenda er átt við að skipulag námsins taki mið af stöðu hvers og eins en ekki hóps nemenda eða heils bekkjar. Nemendur eru ekki að læra það sama á sama tíma heldur geta þeir verið að fást við ólík viðfangsefni og verkefni einir sér eða í hópum. Nemendur bera ábyrgð á námi sínu og nám hvers og eins byggir á einstaklingsáætlun. Hún er formleg

Tafla 4.1
**Námskeið um þróun kennsluhátta og einstaklingsmiðað nám á skólaárinu 2003-2004**

| | Tegund námskeiðs | Umsjón/tengiliður |
|---|---|---|
| Borgarhluti 4[1)] | Einstaklingsmiðað nám | Skólastjórar |
| Borgaskóli | Einstaklingsmiðað nám | Valgerður Janusdóttir, kennsluráðgjafi |
| Foldaskóli | Einstaklingsmiðað nám | Valgerður Janusdóttir, kennsluráðgjafi |
| Hólabrekkuskóli | Einstaklingsmiðað nám | Sigurjón Fjeldsted, skólastjóri |
| Ingunnarskóli | Þróun kennsluhátta 2 | Guðlaug Sturlaugsdóttir, skólastjóri |
| Korpuskóli | Þróun kennsluhátta 2 | Svanhildur M. Ólafsdóttir, skólastjóri |
| Selásskóli | Einstaklingsmiðað nám | Brynhildur A. Ragnarsdóttir, kennsluráðgjafi |
| Seljaskóli | Einstaklingsmiðað nám | Brynhildur A. Ragnarsdóttir, kennsluráðgjafi |
| Víkurskóli | Þróun kennsluhátta 2 | Árný Inga Pálsdóttir, skólastjóri |
| Vogaskóli | Þróun kennsluhátta 2 | Birna Sigurjónsdóttir, deildarstj. kennsludeildar |
| Fossvogsskóli | Þróun kennsluhátta 2 | Guðrún Þórsdóttir, kennsluráðgjafi |

1) Námskeiðið var haldið að frumkvæði skólastjóra og á því voru 2-4 úr hverjum skóla. Kennaraháskóli Íslands sá um skipulag og kennslu. Inntakið var einstaklingsmiðað nám.
Öll önnur námskeið voru fyrir alla kennara viðkomandi skóla.

áætlun sem nemandi setur sér fyrir ákveðið tímabil í samvinnu við kennara sinn og foreldra og byggir á markmiðum aðalnámskrár. Áætlunin nær til þeirra meginmarkmiða sem nemandinn hyggst ná í náminu og þeirra leiða sem hann ætlar sér að fara og byggir á mati á stöðu hans.

Skólar eru farnir að leggja áherslu á breytta kennsluhætti í símenntun kennara og annarra starfsmanna og gera grein fyrir því í símenntunaráætlunum sínum, en segja má að símenntunaráætlanir séu grunnur að breytingum á kennsluháttum í skólunum. Það færist í vöxt að kennarar hafi samvinnu um nám nemenda í heilum árgöngum eða jafnvel fleiri árgöngum til að losa um bekkjarkerfið. Skólar eru auk þess farnir að auka þemanám þvert á bekki eða árganga og þvert á námsgreinar þar sem nemendum er skipt í hópa með margvíslegum hætti og þjálfa nemendur í samvinnu, upplýsingaöflun og nýtingu upplýsinga. Allir nemendur í ákveðnum nemendahópi geta þá verið að fást við sama viðfangsefnið en verkefni einstakra nemenda eða lítilla hópa eru ólík að þyngd og umfangi, og löguð að getu, hæfileikum og áhuga, án þess þó að nemendum sé almennt skipt upp í hópa eftir getu. Skólar nýta tölvutæknina í auknum mæli fyrir einstaklingsverkefni, samvinnuverkefni og fjarnám og gefa nemendum kost á að taka framhaldsskólaáfanga í síðustu bekkjum grunnskólans. Í auknum mæli er tekið mið af fjölgreindarkenningunni í skipulagi náms nemenda. Sumir skólar eru farnir að losa um stundaskrá og skipuleggja lengri vinnulotur en 40 mínútur og í nokkrum skólum eru menn að fikra sig áfram með einstaklingsáætlanir nemenda.

## Ráðstefna, sýning og hvatningarverðlaun

Á árinu var lögð áhersla á að kynna hugtakið einstaklingsmiðað nám og efla umræðu um það, auk þess að kynna nýmæli í kennsluháttum í skólunum og hvetja skóla til nýsköpunar. Í febrúar árið 2003 var haldin ráðstefna í samvinnu Kennarafélags Reykjavíkur, Skólastjórafélags Reykjavíkur og Fræðslumiðstöðvar um nýbreytni í kennsluháttum grunnskóla. Í tengslum við ráðstefnuna var haldin sýning á nýbreytniverkefnum úr grunnskólum Reykjavíkur í Tjarnarsal Ráðhússins. Á síðari degi sýningarinnar voru afhent í fyrsta sinn hvatningarverðlaun fræðsluráðs (sjá nánar í kafla 2 um Fræðslumiðstöð, bls. 27 og í kafla 6 um verðlaun, bls. 70-71).

## Námskeið og símenntunaráætlanir

Haustið 2003 hófst umfangsmikið námskeið fyrir skólastjóra og stjórnendur á Fræðslumiðstöð um einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda sem standa mun fram á haust 2004. Markmið þess er að styrkja skólastjóra sem faglega leiðtoga, efla og samræma skilning á þeim mun sem er á bekkjarstýrðu námi og námi sem miðar við stöðu og áhuga einstaklinganna og örva skólastjóra til að undirbúa frekari skref í þessa átt í sínum skólum (sjá nánar í kafla um starfsmenn, bls. 37).

Í um 15 skólum voru í gangi námskeið um breytta kennsluhætti á árinu. Um 10 námskeið voru á vorönn og höfðu sum þeirra hafist haustið áður og 5 námskeið til viðbótar hófust haustið 2003 (tafla 4.1). Kennsluráðgjafar á Fræðslumiðstöð veittu skólum ráðgjöf, héldu fyrirlestra og stóðu fyrir fræðslufundum um kennsluhætti (sjá kafla um Fræðslumiðstöð, þjónustusvið, bls. 21-23).

Eins og fyrr segir eru símenntunaráætlanir skólanna grunnur að breyttum kennsluháttum. Í lok ársins voru flestallir skólar (94%) komnir með símenntunaráætlun. Þessar áætlanir byggja á greiningu á styrkleikum og veikleikum og eru hluti af umbótaáætlun skólans. Í þeim er meðal annars tekið mið af stefnu borgarinnar um einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda.

## Nýting tölvutækninnar

Upplýsinga- og samskiptatæknin auðveldar skólum að miða nám nemenda við stöðu hvers og eins og gera námið þar með árangursríkara. Á árinu var samið við fyrirtækið Mentor um að þróa kerfiseiningu í forritinu Stundvísi sem styður við gerð einstaklingsáætlana. Prófanir á einingunni hófust í tveimur skólum. Kerfið er þannig byggt upp að kennari sækir þrepamarkmið úr Aðalnámskrá grunnskóla og merkir við þau markmið sem vinna á með á skilgreindu tímabili. Auðvelt er að kalla á gögn upp úr Aðalnámskránni eftir fagi, faghluta og árgöngum. Kerfið býður upp á sveigjanleika þannig að mögulegt er að velja í sömu áætlun markmið fyrir mismunandi árganga, t.d. ef gerð er áætlun fyrir sterkan nemanda í 6. bekk eru ef til vill valin markmið fyrir 7. bekk. Á sama hátt má velja markmið úr mörgum greinum í sömu áætlun svo sem íslensku, stærðfræði og samfélagsfræði til að vinna að áætlun í þemavinnu eða samþættu námi. Kennarinn getur síðan bætt við nánari lýsingu eða áherslum skóla og skilgreint félagsleg markmið. Að markmiðasetningu lokinni skilgreinir kennari þær kennsluaðferðir sem hann ætlar að nota til þess að ná fram markmiðum, námsefni og námsmatsaðferðir. Kennsluaðferðir og námsmatsleiðir eru birtar í gátlista sem ætlað er að kveikja hugmyndir hjá kennurum og hvetja þannig til fjölbreytilegra kennsluhátta. Í lok tímabils getur kennari metið fyrir hvern nemanda hvaða markmiðum hann hefur náð og unnið upp nýja námsáætlun með tilliti til þess. Kerfiseiningunni fylgja ýmis hjálpartæki fyrir kennara til þess að skrá og fylgjast með námsframvindu nemenda, svo sem verkefnabók, niðurstöður lesskimunarprófa, samræmdra prófa og yfirlitsskýrslur. Þannig er stuðlað að því að upplýsingakerfi skóla styðji við einstaklingsmiðað nám.



Mikil áhersla er lögð á að upplýsingamiðlun til foreldra sé einföld og foreldrar hafi greiðan aðgang að upplýsingum um börn sín. Á heimasvæði foreldra á Mentor.is hafa þeir aðgang að upplýsingum um ástundun, heimavinnu, námsferil og námsáætlanir barna sinna, auk almennra upplýsinga og tilkynninga frá skólanum og kennurum.

Hlutfall kennara með virkt netfang hjá Íslenska menntanetinu haustið 2003 var 85% (notað sl. þrjá mánuði) (mynd 4.1, sjá einnig töflu 4.23 um tölvueign skólanna og mynd 4.14 um meðalfjölda nemenda um tölvu, bls. 64-65 ).

Á árinu var unnið að þýðingu á námsefninu Skole-IT sem notað hefur verið í Danmörku til að þjálfa kennara í notkun tölvu- og upplýsingatækni. Um er að ræða námskeiðspakka sem skiptist upp í átta einingar sem hafa það að markmiði að auka og dýpka skilning og vitneskju þátttakanda á upplýsinga- og samskiptatækninni sem fagi, verkfæri og samskiptamiðli. Námskeiðið er þekkt í Evrópu undir heitinu Tölvuökuskírteini en hefur hér gengið undir heitinu Tölvutök.

Mynd 4.1
**Hlutfall kennara með virkt netfang hjá Íslenska menntanetinu 2000-2003**



Tafla 4.2
**Útlán í skólasöfnum 2003**

| Skóli | Fjöldi útlána á nemanda 2000 | Fjöldi útlána á nemanda 2002 | Fjöldi útlána á nemanda 2003 | Heildarfjöldi útlána til nemenda 2003 |
|---|---|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | 22,8 | 12,4 | 16,4 | 10.210 |
| Álftamýrarskóli | 15 | 9,2 | 11,3 | 4.054 |
| Árbæjarskóli | 14,6 | 15,2 | 19,4 | 15.457 |
| Ártúnsskóli | 38,2 | 31,4 | 34,3 | 6.242 |
| Borgaskóli[1)] | - | - | - | - |
| Breiðagerðisskóli | 12,8 | 9,0 | 7,1 | 2.588 |
| Breiðholtsskóli | 17,4 | 18,1 | 17,3 | 10.423 |
| Engjaskóli | 7,1 | 6,1 | 6,0 | 2.325 |
| Fellaskóli | 8,6 | 15,2 | 15,5 | 7.896 |
| Foldaskóli | 11,6 | 12,9 | 11,5 | 6.878 |
| Fossvogsskóli | 9,3 | 11,4 | 9,7 | 3.411 |
| Grandaskóli | 15 | 20,1 | 16,4 | 5.819 |
| Hagaskóli | 3,5 | 2,1 | 2,7 | 1.616 |
| Hamraskóli | 10 | 9,4 | 10,1 | 3.516 |
| Háteigsskóli | 6,4 | 6,2 | 6,1 | 2.181 |
| Hlíðaskóli | 17,2 | 14,0 | 14,1 | 8.572 |
| Hólabrekkuskóli | 25,1 | 20,8 | 18,0 | 10.331 |
| Húsaskóli | 12 | 12,6 | 12,6 | 5.678 |
| Hvassaleitisskóli | 10 | 16,4 | 16,1 | 4.595 |
| Ingunnarskóli[2)] | - | - | - | - |
| Klébergsskóli[3)] | - | - | - | - |
| Korpuskóli[4)] | - | - | - | - |
| Langholtsskóli | 12,1 | 11,8 | 11,6 | 6.433 |
| Laugalækjarskóli[5)] | - | - | - | 83 |
| Laugarnesskóli | 19,6 | 21,5 | 26,4 | 11.435 |
| Melaskóli | 14,3 | 23,3 | 22,3 | 13.188 |
| Réttarholtsskóli | 2,5 | 3,1 | 2,5 | 814 |
| Rimaskóli | 8,8 | 8,3 | 9,8 | 7.651 |
| Selásskóli | 35,1 | 27,2 | 32,0 | 11.909 |
| Seljaskóli | 15,9 | 9,1 | 7,5 | 5.157 |
| Vesturbæjarskóli | 10,1 | 9,7 | 8,6 | 2.722 |
| Víkurskóli[2)] | - | - | - | - |
| Vogaskóli | 9,9 | 14,1 | 15,6 | 6.418 |
| Ölduselsskóli | 13,2 | 22,4 | 16,0 | 9.447 |
| **Samtals** | **11,2**[6)] | **13,8**[6)] | **13,9**[6)] | **187.049** |

1) Útlán ekki talin.

2) Bókasafn ekki komið upp.

3) Safnið er bæði skólabókasafn og Borgarbókasafn.

4) Upplýsingar vantar.

5) Útlán talin frá ágúst 2003.

6) Vegið meðaltal.

## Skólasöfn

Skólasöfn eru starfrækt við alla almenna grunnskóla borgarinnar. Þau gegna mikilvægu hlutverki í viðleitninni til að laga námið meira að einstaklingunum og þjálfa nemendur í samvinnu og nýtingu gagna, meðal annars með hjálp upplýsingatækninnar. Þar er að finna margvíslegt efni, bækur, tímarit, ýmis kennslugögn, geisladiska, myndbönd og tölvuforrit. Mjög misjafnt er hve marga titla er að finna á hverju safni, allt frá nokkuð hundruð í minnsta skólanum upp í yfir 18.000 titla, en alls eru yfir 190.000 gögn á skólasöfnum í grunnskólum Reykjavíkur (tafla 2.12, bls. 25). Nýting skólasafna er vaxandi þáttur í skólastarfinu og útlán gagna hafa aukist jafnt og þétt á undanförnum árum einkum á yngri barna og miðstigi (mynd 4.2). Fjöldi útlána á nemanda er misjafn eftir skólum, allt frá 2,5 upp í 34,3 útlán á nemanda að meðaltali (tafla 4.2).

Mynd 4.2
**Fjöldi útlána skólasafna á nemanda 1999, 2000, 2002 og 2003 eftir árgöngum**




## Móðurskólar

Móðurskólar hafa það hlutverk að vera frumkvöðlar á sínu sviði í uppbyggingu náms og gegna ráðgjafarhlutverki gagnvart öðrum skólum, meðal annars með fræðslufundum og námskeiðum, auk þess að taka á móti kennurum sem áhuga hafa á að kynna sér kennslu- eða starfshætti skólans og vera með kynningar í öðrum skólum sé þess óskað. Fræðsluráð auglýsir árlega styrki til móðurskóla á ákveðnum sviðum skólastarfs og sækja skólar um að verða móðurskólar. Fyrstu móðurskólarnir voru útnefndir árið 1998. Á árinu fóru af stað tveir nýir móðurskólar í

listum og verkgreinum. Hlíðaskóli varð móðurskóli í list- og verkgreinum og Háteigsskóli varð móðurskóli í leikrænni tjáningu/leiklist í skólastarfi. Haustið 2003 voru móðurskólar í Reykjavík alls 10 og mótuðu kennsluhætti í fjölmenningarlegum kennsluháttum, tungumálakennslu, þróun kennsluhátta í átt til einstaklingsmiðaðra náms, nýsköpun, samstarfi við leikskóla, list- og verkgreinum og náttúrufræðum (tafla 4.3). Gefinn var út kynningarbæklingur um móðurskólana á árinu og haldnir kynningarfundir um starf þeirra.

Tafla 4.3
**Móðurskólar í Reykjavík 2003**

| Nafn skóla | Móðurskóli í: |
|---|---|
| Austurbæjarskóli | Fjölmenningarlegum kennsluháttum 2. ár |
| Álftamýrarskóli | Tungumálakennslu 3. ár |
| Breiðagerðisskóli | Þróun kennsluhátta 2. ár |
| Foldaskóli | Nýsköpun 5. ár |
| Hamraskóli | Að brúa bilið. Samstarf Hamraskóla og Klettaborgar 1. ár |
| Háteigsskóli | Leikrænni tjáningu/leiklist í skólastarfi |
| Hlíðaskóli | List- og verkgreinum |
| Korpuskóli | Þróun kennsluhátta 2. ár |
| Melaskóli | Náttúrufræði/tækni og vísindakennslu 5. ár |
| Selásskóli | Náttúrufræði með áherslu á umhverfismál 5. ár |

## Tungumálaver

Tungumálaver grunnskóla Reykjavíkur hefur starfað í Laugalækjarskóla frá árinu 2002. Hlutverk þess er að sinna einstaklingsmiðuðu námi nemenda sem valið hafa að taka sænsku eða norsku í stað dönsku og veitir kennsluráðgjöf til skóla um allt land í þessum tungumálum, auk þess sem það er hlutverk versins að stuðla að efldri tungumálakennslu almennt.

Nemendur í Reykjavík í sænsku haustið 2003 voru 99 og var þeim kennt í fjórum skólum (7. og 8. bekk) og fjarkennslu (9. og 10. bekk) og í norsku voru 75 nemendur sem kennt var í þremur skólum (7. og 8. bekk) og fjarkennslu (9. og 10. bekk, tafla 4.4 og mynd 4.3). Á árinu var veitt kennsluráðgjöf vegna 32 nemenda utan Reykjavíkur í norsku og 49 í sænsku.

Tungumálaverið hefur unnið að þróun fjarnáms í tungumálum. Alls tóku 49 nemendur, 33 úr Reykjavík og 4 utan borgarinnar, þátt í fjarnámi í sænsku. Í fjarnámi í norsku voru 40 nemendur í Reykjavík og 6 utan. Þróað hefur verið fjarnám í ensku og dönsku fyrir nemendur á unglingastigi sem hafa forskot í þessum tungumálum og til að auka framboð á valgreinum á unglingastigi. Á árinu hófst tilraunakennsla með þessum hætti í ensku og tóku 16 nemendur þátt í henni. Nemendur gera einstaklingsáætlun um framvindu og áherslur náms í samráði við fjarkennara á 2-3 vikna fresti. Nýbreytni við þjálfun og mat í munnlegri færni fjarnema er fólgin í að nýta símann.

Loks hefur tungumálaverið þróað aðferðir í tungumálakennslu sem stuðla að nemendasjálfstæði og nemendaábyrgð. Liður í því er að vinna að forsögn að stöðumati í ensku sem nú er í vinnslu í samstarfi við Kennaraháskóla Íslands og mun þeirri vinnu ljúka árið 2004. Starfsmenn tungumálavers tóku þátt í að aðlaga markmið aðalnámskrár grunnskóla að Evrópsku tungumálamöppunni (ETM). Verkefnið *Framfaramöppur í tungumálum* í Laugalækjarskóla hlaut European Label viðurkenningu árið 2003.

Við tungumálaverið starfa þrír kennsluráðgjafar í 1,5 stöðugildum, auk kennara og fjarkennara í tveimur stöðugildum.

Tafla 4.4
**Sænsku- og norskukennsla í Reykjavík 2003**

| Kennslustaður | Fjöldi nemenda í sænsku | Fjöldi nemenda í norsku |
|---|---|---|
| Breiðholtsskóli | 6 | 9 |
| Foldaskóli | 9 | |
| Hagaskóli | | 10 |
| Laugalækjarskóli | 28 | 10 |
| Miðbæjarskóli | 19 | |
| Fjarkennsla | 37 | 46 |
| **Samtals** | **99** | **75** |
| Kennsluráðgjöf í sveitarfélögum utan Reykjavíkur | 49 | 32 |

Mynd 4.3
**Fjöldi nemenda í norsku og sænsku í Reykjavík á árunum 1998-2003**







Mynd 4.4
**Fjöldi nemenda og kennara[1] sem nýttu sér þjónustu myndversins á árunum 1999-2003**




1) Kennarar eru meðtaldir frá árinu 2002

Tafla 4.5
**Starfsemi myndvers grunnskóla í Reykjavíkur 2003**

| | Fjöldi |
|---|---|
| Verkefni úti í skólum með nemendum og kennurum | 160 |
| Verkefni í myndveri með nemendum og kennurum | 175 |
| Námskeið og fundir með kennurum | 179 |
| Umsagnir um bækur - verkefni í myndveri með 5. bekk | 860 |
| Fundir með nemendum | 65 |
| Kynning á myndveri | 45 |
| **Samtals** | **1.484** |

## Myndver

Myndver grunnskóla Reykjavíkur er starfrækt í Réttarholtsskóla og er hlutverk þess að gefa nemendum í borginni kost á að vinna margvísleg verkefni og tjá sig á fjölbreyttan og skapandi hátt með ljósmyndum og kvikmyndum. Nemendur vinna þar fræðsluþætti, fréttaþætti og stuttmyndir, auk þess að fá leiðsögn og þjálfun í ljósmyndun. Aðstoð er veitt skólum við sérstök verkefni eftir óskum og námskeið haldin fyrir kennara, auk þess sem lánuð eru út tæki. Verið á í fórum sínum ljósmynda- og myndbandasafn um skólastarf í Reykjavík.

Í október kom hópur nemenda í Ringstabekk skólanum í Osló í Noregi til Reykjavíkur og vann með nemendum í 10. bekk úr Háteigsskóla og Réttarholtsskóla að myndbandagerð í fjóra daga. Saman gerðu þessir nemendur 18 stuttmyndir á ensku og lauk samvinnunni með lokahátíð í hátíðarsal Réttarholtsskóla.

Fjöldi nemenda og kennara sem nýtti sér þjónustu myndversins á árinu var um 1.500 (mynd 4.4 og tafla 4.5). Einn starfsmaður starfar við myndverið.

## Námskeið fyrir bráðger börn

Reykjavíkurborg átti frumkvæði að samstarfi við Háskóla Íslands og landssamtökin Heimili og skóla um námskeið fyrir bráðger börn í Háskólanum sem hófust á árinu 2001 og var ætlað að standa í tvö ár en var síðan framlengt um eitt ár. Tilgangur þessa verkefnis er að bregðast við óskum bráðgerra barna og forráðamanna þeirra um fleiri og fjölbreyttari námstilboð en almennt er boðið upp á í skólum og koma þar með betur til móts við þessa nemendur. Í verkefninu hefur verið lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð þátttakenda, samvinnu, sköpun og verklegt og bóklegt nám, en jafnframt góða leiðsögn sérfræðinga á þeim sviðum sem um ræðir. Verkefnin á árinu 2003 voru meðal annars á sviðum eðlisfræði, verkfræði, hagfræði, heimspeki, trúfræði, kvikmyndafræði, þjóðfræði, tungumála, raftækni og stærðfræði. Kostnaður var greiddur af Fræðslumiðstöð, styrktaraðilum og þátttakendum, auk þess sem Háskólinn lagði fram aðstöðu og Heimili og skóli veitti vinnuframlag.

Vorið 2003 voru haldin 18 námskeið fyrir bráðger börn og sóttu þau 182 nemendur. Haustið 2003 voru 19 námskeið haldin (17 námskeið en tveimur var skipt í tvo hópa) og sóttu þau 177 nemendur í 6. - 9. bekk (fædd 1988-1991). Þetta ár var níu nágrannasveitarfélögum boðið að taka þátt í þessu verkefni eins og á síðasta ári og komu þaðan 96 nemendur á námskeiðin. Gert er ráð fyrir að verkefnið með þeim hætti sem hér er lýst ljúki vorið 2004.

## Líðan nemenda, átak gegn einelti og fleiri verkefni

Könnun á líðan og fleiri þáttum er lögð fyrir nemendur í grunnskólum Reykjavíkur annað hvert ár. Niðurstöður könnunar árið 2003 leiddu í ljós að 73% nemenda í 5.-7. bekk sögðust líða oft eða mjög oft vel í kennslustundum og hafði þetta hlutfall hækkað um 10% frá árinu 2001. Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem sögðust líða oft eða mjög oft vel í kennslustundum var 69% og hafði einnig hækkað um 10% frá 2001.

Tafla 4.6

**Sérstök verkefni sem lúta að því að auka markvisst félags- og tilfinningaþroska barna skólárið 2003-2004**

| Verkefni | Skólar |
|---|---|
| **Hringurinn**<br>(verkefni þar sem tekið er á afbrotamálum) | Borgaskóli, Engjaskóli, Hólabrekkuskóli, Húsaskóli, Korpuskóli, Rimaskóli, Ölduselsskóli |
| **Hugur og Heilsa**<br>(verkefni gegn þunglyndi) | Árbæjarskóli, Rimaskóli |
| **Olweus**<br>(átak gegn einelti) | Austurbæjarskóli, Breiðagerðisskóli, Engjaskóli, Klébergsskóli, Melaskóli, Réttarholtsskóli, Vesturbæjarskóli, Víkurskóli, Seljaskóli, Ölduselsskóli |
| **PBS**<br>(stuðningur við jákvæða hegðun) | Fellaskóli, Hólabrekkuskóli, Ingunnarskóli, Korpuskóli, Seljaskóli |
| **Stig af stigi**<br>(kennsluefni til að auka félags- og tilfinningaþroska) | Árbæjarskóli, Ártúnsskóli, Borgaskóli, Engjaskóli, Fossvogsskóli, Grandaskóli, Hamraskóli, Hlíðaskóli, Hólabrekkuskóli, Ingunnarskóli, Korpuskóli, Laugarnesskóli, Rimaskóli, Selásskóli |
| **Uppbyggingarstefnan**<br>(stuðlar að sterkari sjálfsmynd nemenda) | Engjaskóli, Foldaskóli, Húsaskóli, Korpuskóli, Réttarholtsskóli, Seljaskóli |
| **Vinátta**<br>(verkefni þar sem háskólanemendur eiga vikulegar samverustundir með ákveðnum nemendum) | Austurbæjarskóli, Breiðagerðisskóli, Fellaskóli, Fossvogsskóli, Grandaskóli, Hlíðaskóli, Langholtsskóli |
| **BBB**<br>Breytt skipulag, bætt nám, betri líðan | Árbæjarskóli |
| **Fjölmenningarlegir kennsluhættir** „Clim“ | Austurbæjarskóli, Hlíðaskóli |
| **Hugur og hönd,** listmeðferð | Húsaskóli |
| **Jákvætt agaátak**<br>(stuðningur við jákvæða hegðun) | Fossvogsskóli |
| **Námskeið fyrir nemendur í 8. bekk**<br>hjá sálfræðingi og námsráðgjafa | Fellaskóli |
| **Perluvinafélagið**<br>(um hugtakanotkun, þ.e. læra að setja tilfinningar í orð) | Laugarnesskóli |
| **Adrenalín gegn rasisma**<br>Samvinnuverkefni í samvinnu við Laugarneskirkju, Ísjakinn, í samvinnu við ÍTR | Austurbæjarskóli |
| **Sjálfsmynd og sjálfstraust** | Hagaskóli |
| **Sjálfsstyrkingarnámskeið** | Borgaskóli, Hólabrekkuskóli, Korpuskóli, Rimaskóli |
| **SOS verkefni**<br>(jákvæð agastjórnun) | Álftamýrarskóli, Hvassaleitiskóli, Korpuskóli, Fellaskóli |
| **Vinabekkir** | Grandaskóli, Húsaskóli, Laugarnesskóli |
| **Vinahópur í unglingadeild**<br>Þróunarverkefni styrkt af forvarnarsjóði | Hólabrekkuskóli |

Í upphafi ársins fór af stað umfangsmikið átaksverkefni gegn einelti á vegum menntamálaráðuneytisins og sveitarfélaganna í landinu, svonefnd Olweusaráætlun. Sjálft átakið tekur 18 mánuði í hverjum skóla. Markmið þess er að draga úr tækifærum til eineltis og skapa þannig andrúmsloft að einelti borgi sig ekki. Á árinu tóku 10 skólar þátt í verkefninu sem hófst í byrjun ársins og lýkur vorið 2004. Það verður



endurtekið frá og með hausti 2004. Um 82% skólanna voru á árinu komin með áætlun um viðbrögð við einelti í skólanámskrá sinni.

Margs konar önnur verkefni sem lúta að því að auka markvisst félags- og tilfinningaþroska nemenda voru í gangi í skólunum á árinu (tafla 4.6).

## Námsráðgjöf

Frá hausti 2001 eru starfandi námsráðgjafar við alla grunnskóla Reykjavíkur. Hlutverk þeirra er að standa vörð um velferð nemenda, styðja þá og liðsinna í málum er snerta nám, skólavist, framhaldsnám og starfsval. Námsráðgjafi er málsvari einstakra nemenda og trúnaðarmaður og aðstoðar þá við lausn persónulegra vandamála.

## Skimunarpróf

Ýmiss konar skimunarpróf eru lögð fyrir nemendur í grunnskólunum, einkum við upphaf skólagöngu, til að afmarka þann hóp nemenda sem þarfnast einstaklingsmiðaðrar aðstoðar á tilteknu námssviði eða í námsgrein. Tilgangurinn er að finna nemendur sem skera sig á einhvern hátt úr snemma á námsferlinum til að unnt sé að bregðast við með sérkennslu eða stuðningi áður en vandinn verður meiri. Niðurstöður skimana eru notaðar til að gera áætlanir fyrir viðkomandi nemendur.

Hreyfiþroskapróf og kannanir á hugtakaskilningi (Boehm) og teikniróf (Tove Krogh) voru lögð fyrir nemendur í 1. bekk í öllum skólunum haustið 2003.

Lesskimun fór fram við lok 2. bekkjar í öllum grunnskólum borgarinnar eins og síðastliðið ár og komu skýrslur um niðurstöður út í ágúst bæði um heildarútkomu í borginni allri og fyrir einstaka skóla. Markmið hennar er að skapa skólunum viðmið um val á nemendum í sérkennslu í lestri til viðbótar við niðurstöður samræmdra prófa í íslensku í 4. og 7. bekk og margvíslegar mælingar kennara. Niðurstöður leiddu í ljós að 63% nemenda stóðst aldursbundin viðmið um árangur, það er töldust geta lesið sér gagns samkvæmt þeim skilgreiningum að ná að minnsta kosti 65% árangri á prófinu (mynd 4.5). Í skorkorti fræðslumála var sett það markmið að 70% nemenda gætu lesið sér til gagns við lok 2. bekkjar. Fylgjast þarf með þeim rúmlega þriðjungi nemenda sem ekki náðu ofannefndum viðmiðum og veita þeim sérstakan stuðning í lestri við upphaf 3. bekkjar.

Talnalykill, skimunarpróf í stærðfræði, var lagt fyrir nemendur í 12 skólum í Reykjavík í 3. bekk í nóvember 2003. Allir nemendur tóku fyrsta hluta prófsins af þremur. Þeir sem stóðust ákveðin viðmið tóku ekki hina hluta prófsins þar sem þeir þættir sem

Mynd 4.5
**Hlutfall nemenda sem gátu lesið sér til gagns vorin 2002 og 2003 í 2. bekk**



prófaðir eru í fyrsta hluta hafa forspárgildi um þá þætti sem á eftir koma. Ákveðið var að láta þá nemendur sem ekki stóðust viðkomandi viðmið taka annan og í sumum tilfellum einnig þriðja hluta prófsins til að finna hvar skóinn kreppti. Að meðaltali stóðust tæplega 60% nemenda fyrsta hluta prófsins. Í hópnum sem tók allt prófið, sem var um 18% nemenda, er að finna þá sem eiga í erfiðleikum með stærðfræðinám eða munu eiga í erfiðleikum og kennarar þurfa að fylgjast sérstaklega með. Þar kemur fram greining á getu nemenda í mismunandi prófþáttum. Aðeins hluti þeirra sem fara í gegnum allt prófið greinast með námsvanda, allt frá því að vera enginn nemandi og í um 11% nemenda í einum skólanna. Tilgangur skimunarinnar er að fá heildarmynd af stöðu nemenda í stærðfræði á þessum aldri í Reykjavík og gera þar með kennurum og skólum kleift að setja sér markmið um framfarir nemenda með samanburði við stærri heild. Einnig er tilgangurinn að finna þá nemendur sem eru líklegir til að lenda í vanda í stærðfræðinámi og bregðast fljótt við með einstaklingsáætlun og/eða sérkennslu.

Tafla 4.7

**Samræmdar normaldreifðar meðaleinkunnir nemenda í 10. bekk vorið 2003[1)]**

| | Stærðfræði | Íslenska | Danska | Enska | Náttúrufræði | Samfélagsfræði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík: Suður | 5,2 | 5,4 | 5,6 | 5,4 | 6,2 | 5,5 |
| Reykjavík: Norður | 5,3 | 5,2 | 5,0 | 5,3 | 5,4 | 5,4 |
| Suðvesturkjördæmi | 5,2 | 5,1 | 5,1 | 5,0 | 5,1 | 5,1 |
| Norðvesturkjördæmi | 4,7 | 4,6 | 4,7 | 4,6 | 4,4 | 4,7 |
| Norðausturkjördæmi | 4,8 | 4,8 | 4,6 | 4,6 | 4,7 | 5,0 |
| Suðurkjördæmi | 4,4 | 4,6 | 4,6 | 4,7 | 4,4 | 4,5 |
| Landið allt | 5,0 | 5,0 | 5,0 | 5,0 | 5,0 | 5,0 |

1) Normaldreifðar einkunnir á kvarðanum 1-9.

Tafla 4.8

**Samræmdar normaldreifðar meðaleinkunnir nemenda í 7. bekk haustið 2003[1)]**

| | Stærðfræði | Íslenska |
|---|---|---|
| Reykjavík: Suður | 5,0 | 5,1 |
| Reykjavík: Norður | 5,1 | 5,1 |
| Suðvesturkjördæmi | 5,1 | 5,3 |
| Vesturkjördæmi | 4,8 | 4,8 |
| Austurkjördæmi | 5,0 | 5,2 |
| Suðurkjördæmi | 4,8 | 4,5 |
| Landið allt | 5,0 | 5,0 |

1) Normaldreifðar einkunnir á kvarðanum 1-9.

Tafla 4.9

**Samræmdar normaldreifðar meðaleinkunnir nemenda í 4. bekk haustið 2003[1)]**

| | Stærðfræði | Íslenska |
|---|---|---|
| Reykjavík: Suður | 4,9 | 5,2 |
| Reykjavík: Norður | 4,9 | 5,0 |
| Suðvesturkjördæmi | 5,3 | 5,2 |
| Vesturkjördæmi | 4,8 | 4,8 |
| Austurkjördæmi | 5,1 | 5,2 |
| Suðurkjördæmi | 4,8 | 4,6 |
| Landið allt | 5,0 | 5,0 |

1) Normaldreifðar einkunnir á kvarðanum 1-9.

## Árangur samræmdra prófa

Grunnskólanemendur þreyttu samræmd könnunarpróf á árinu 2003 í tveimur greinum í 4. og 7. bekk, stærðfræði og íslensku, og samræmd próf að eigin vali í allt að fimm greinum í 10. bekk, íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, náttúrufræði og samfélagsfræði. Nemendum var ekki skylt að taka þessi próf í 10. bekk.

Á samræmdum prófum í 10. bekk voru reykvískir nemendur yfir meðaltali normaldreifðra einkunna í öllum sex greinunum og með hæstu normaldreifðu meðaleinkunn yfir landið í báðum kjördæmum borgarinnar í fjórum greinum en sömu einkunn og einn landshluti í einni grein (tafla 4.7). Á samræmdum prófum í 4. og 7. bekk var normaldreifð meðaleinkunn í Reykjavík um og yfir meðaltali í báðum prófum í 7. bekk og íslensku í 4. bekk en undir meðaltali í stærðfræði í 4. bekk (töflur 4.8 og 4.9). Alls luku 152 nemendur í 9. bekk einu eða fleiri samræmdum prófum 10. bekkjar vorið 2003 (tafla 4.10).

Tafla 4.10

**Fjöldi prófa og fjöldi nemenda sem luku samræmdu prófi við lok 9. bekkjar árið 2003**

| | Íslenska | Stærðfræði | Enska | Danska | Sænska | Norska | Samfélagsfræði | Náttúrufræði | Fjöldi nemenda |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 próf | 7 | 22 | 30 | 30 | 32 | 7 | 5 | | 133 |
| 2 próf | 4 | 8 | 9 | 4 | 0 | 1 | 3 | 5 | 17 |
| 3 próf | | | 2 | 2 | | | | 2 | 2 |
| **Samtals** | **11** | **30** | **41** | **36** | **32** | **8** | | **7** | **152** |

Skóli án aðgreiningar er að sjálfsögðu liður í einstaklingsmiðuðu námi, sbr. næsta kafla. Sjá einnig kafla um náin tengsl við grenndarsamfélagið þar sem fjallað er um margs konar verkefni sem falla undir einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda.





## b) Skóli án aðgreiningar

Á árinu var lokið við að koma í framkvæmd stefnu fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu sem samþykkt var í lok árs 2001, en stefnan kom til framkvæmda í áföngum eða á fjórum önnum í einum borgarhluta í einu. Stefnan byggir meðal annars á umfangsmikilli könnun á sérkennslu og sérúrræðum í Reykjavík sem gerð var árið 2000 og fyrirmyndum frá New Brunswick í Kanada, Noregi og Bretlandi. Meginleiðarljós stefnunnar er skóli án aðgreiningar. Það felur í sér að skóli sé fær um að sinna öllum nemendum sínum, jafnt fötluðum sem ófötluðum, og að allir nemendur eigi kost á að sækja hverfisskóla sinn. Grundvallarregla skóla án aðgreiningar er að öll börn eigi, hvar sem því verður við komið, að læra saman, hvað sem líður mun á þeim og hugsanlegum örðugleikum. Nám án aðgreiningar er talin virkasta leiðin til að treysta samstöðu meðal barna með sérþarfir á sviði menntunar og skólafélaga þeirra. Stefnan gerir þó ráð fyrir að um 1% nemenda stundi nám í sérskólum og sérhæfðum sérdeildum og hafi foreldrar val um almennan skóla, sérskóla eða sérhæfða sérdeild fyrir barn sitt.

Á árinu voru haldnir fundir starfsmanna Fræðslumiðstöðvar um sérkennslustefnuna með öllum kennurum í 17 skólum í Austurbæ, Vesturbæ og Árbæ. Um 94% almennu grunnskólanna í Reykjavík voru með stefnumörkun í sérkennslu í skólanámskrá sinni fyrir skólaárið 2003-2004.

### Styrking innviða skólanna

Megináherslan í innleiðingu sérkennslustefnunnar hefur verið að skólarnir styrki innviði sína til að vera betur færir um að leysa málefni nemenda sem eiga við fötlun, námslegan eða hegðunarlegan vanda að etja. Á árinu var því marki náð að allir skólarnir hafa sett á stofn eða undirbúið stofnun sérkennsluvers/námsvers í skólanum, ráðnir höfðu verið stjórnendur sérkennslu í 32 skólum (af 34 almennum grunnskólum) sem stýra og bera ábyrgð á námsverinu og sinna fyrst og fremst skipulagi og ráðgjöf við bekkjarkennara, þar með talin ráðgjöf við gerð einstaklingsnámskráa. Stofnuð hafa verið ráðgjafarteymi eða lausnateymi sem kennarar geta leitað til vegna nemenda með náms- og hegðunarvanda í 27 skólum af 34 almennum grunnskólum. Sveigjanlegir kennsluhættir og einstaklingsmiðað nám sem tekur mið af stöðu hvers og eins er mikilvægur liður í að styrkja skóla án aðgreiningar. Lögð er áhersla á að séraðstoð fari sem mest fram inni í bekk eða námshópi, meðal annars með tveggja eða þriggja kennara kerfi og gerð sé einstaklingsnámskrá fyrir alla nemendur í sérkennslu og nemendur í atferlisvanda eigi kost á atferlisþjálfun.

## Nýjar reglur um úthlutun fjármagns vegna fatlaðra nemenda

Á árinu voru teknar upp nýjar reglur við úthlutun fjármagns til skóla vegna fatlaðra nemenda og nemenda með miklar sérkennsluþarfir. Tekið er mið af að nemandi hafi fengið greiningu á greiningarstofnun sem fellur að viðmiðunarreglum Fræðslumiðstöðvar sem spannar 6 flokka fötlunar (tafla 4.13). Úthlutað var um 320 millj. kr. vorið 2003 vegna um 650 nemenda sem er 3,6% nemenda grunnskóla í Reykjavík, þar af voru tæplega 90 sex ára börn. Á árinu var í síðasta sinn úthlutað til nokkurra almennra sérdeilda sérstaklega. En á næsta ári falla nemendur þeirra undir ofannefndar reglur.

## Áhersla á atferlisgreiningu og atferlisþjálfun

Á árinu var lögð sérstök áhersla á að styrkja skólana í að greina svo sem unnt er á milli þjónustu við nemendur vegna námslegs vanda annars vegar og félagslegs vanda eða atferlisvanda hins vegar. Ráðinn var sálfræðingur að Fræðslumiðstöð á árinu 2002 til að halda námskeið fyrir kennara um atferlisgreiningu og atferlisþjálfun undir handleiðslu aðila frá Háskóla Íslands. Á árinu 2003 voru haldin tvö slík námskeið sem stóðu í eina önn hvort. Þau skiptust í þrjá heila daga og fjóra hálfa daga með fyrirlestrum, verkefnum og umræðum, alls um 40 klst., handleiðslu í um tvær klst. á viku einstaklingslega og í hópi og loks sjálfstæð verkefni um erfiða hegðun nemenda og nýtingu aðferða atferlisgreiningar til að breyta henni. Fyrra námskeiðið var fyrir kennara í hverfi 2 og luku því 13 kennarar og það síðara var fyrir hverfi 1 og luku því 15 kennarar. Gert er ráð fyrir að kennarar sem lokið hafa námskeiðinu starfi sem atferlisþjálfar í skóla sínum og séu öðrum kennurum til stuðnings eftir því sem unnt er. Segja má að atferlisgreining sé tæki til að skilja hegðun í samhengi við nánasta umhverfi með því meðal annars að skoða áreiti fyrir hegðun og þau sem fylgja á eftir. Gerð er áætlun fyrir hvern nemanda þar sem meðal annars eru gerðar markvissar breytingar á umhverfi til að bæta hegðun.

## Greining á sérkennsluþörf

Nemendur með mikla sérkennsluþörf fá sérstuðning í kjölfar greiningar frá sérhæfðum greiningarstofnunum eins og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Barna- og unglingageðdeild Landspítala-Háskólasjúkrahúss (BUGL), Sjónstöð Íslands og Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Aðrir nemendur fá greiningu hjá sálfræðingi skólans til að

Tafla 4.11

**Fjöldi 6 ára barna sem fengið höfðu greiningu hjá sérkennslu- og sálfræðideild Reykjavíkur (SOS) og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR) áður en þau innrituðust í grunnskóla**

| Ár | Fæðingar-ár | Fjöldi innritaðra í 1. bekk | Fjöldi nemenda frá SOS og GRR | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|
| 1995 | 1989 | 1.401 | 104 | 7,4% |
| 1996 | 1990 | 1.462 | 105 | 7,2% |
| 1997 | 1991 | 1.447 | 87 | 6,0% |
| 1998 | 1992 | 1.467 | 92 | 6,3% |
| 1999 | 1993 | 1.527 | 121 | 7,9% |
| 2000 | 1994 | 1.486 | 124 | 8,3% |
| 2001 | 1995 | 1.425 | 146 | 10,2% |
| 2002 | 1996 | 1.457 | 136 | 9,3% |
| 2003 | 1997 | 1.385 | 140 | 10,1% |

Tafla 4.12

**Fjöldi nemenda í sérhæfðum sérdeildum, sérsviðum og sérskólum 2003**

| Skóli | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarkarhlíð (nemendur með félagslegan- og hegðunarvanda) | 7 | 2 | 4 | 6 | 5 |
| Blindradeild Álftamýrarskóla | 3 | 5 | 5 | 3 | 3 |
| Brúarskóli (nemendur með félagslegan- hegðunar- og geðrænan vanda)1) | | | | | 20 |
| Dalbrautarskóli (nemendur í greiningu á BUGL) | 13 | 19 | 12 | 14 | 15 |
| Einholtsskóli (nemendur með félagslegan- og hegðunarvanda) | 16 | 20 | 19 | 19 | |
| Einhverfudeild Hamraskóla | 5 | 4 | 5 | 4 | 6 |
| Einhverfudeild Langholtsskóla | 7 | 6 | 7 | 8 | 8 |
| Hlíðarhúsaskóli (nemendur með geðrænan vanda) | | | 7 | 8 | |
| Hreyfihömlunardeild í Hlíðaskóla | 7 | 6 | 7 | 7 | 6 |
| Málörvunardeild í Hlíðaskóla | 7 | 6 | 5 | 10 | 5 |
| Safamýrarskóli (fjölfatlaðir nemendur) | 26 | 20 | 23 | 22 | 18 |
| Táknmálssvið Hlíðaskóla2) | 21 | 20 | 18 | 16 | 19 |
| Öskjuhlíðarskóli (fatlaðir nemendur) | 89 | 96 | 97 | 96 | 97 |
| **Samtals** | **201** | **204** | **209** | **213** | **202** |

1) Brúarskóli varð til þegar Einholtsskóli og Hlíðarhúsaskóli voru lagðir niður.

2) Á árunum 1999-2001 er tilgreindur nemendafjöldi í Vesturhlíðarskóla.

Mynd 4.6

**Skipting kennslumagns í grunnskólum Reykjavíkur í almenna kennslu og sérkennslu**




1) Sérhæfðar sérdeildir í Reykjavík eru: Blindradeild í Álftamýrarskóla, deild hreyfihamlaðra í Hlíðaskóla, deildir einhverfra í Langholtsskóla og Hamraskóla og Vesturhlíðarskóli, táknmálssvið í Hlíðaskóla.

Tafla 4.13

**Fatlaðir nemendur og nemendur með mikla sérkennsluþörf í almennum grunnskólum Reykjavíkur skipt upp eftir greiningarflokkum**

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| **Flokkur 1** Hreyfihömlun | 25 | 5,1% |
| **Flokkur 2** Þroskahömlun | 58 | 11,8% |
| **Flokkur 3** Málhömlun | 54 | 11,0% |
| **Flokkur 4** Gagntækar þroskaraskanir | 48 | 9,7% |
| **Flokkur 5** Skynhamlanir | 15 | 3,0% |
| **Flokkur 6** Hegðunar- og tilfinningaraskanir | 210 | 42,6% |
| Fleiri en einn flokkur | 83 | 16,8% |
| **Samtals** | **493** | **100,0%** |
| Atferlismótandi aðferðir vegna ofvirkni | 160 | |
| **Samtals** | **653** | |

undirbyggja séraðstoð og loks greina kennarar ýmiss konar námsvanda nemenda sinna með þar til gerðum skimunarprófum í lestri og stærðfræði. Niðurstöður lesskimunarprófsins *Læsis* sem lagt hefur verið fyrir nemendur í grunnskólum Reykjavíkur við lok 2. bekkjar síðan vorið 2002 nýtast sem viðmið um sérkennslu í lestri. Sjá hér að framan (bls.47) frásögn af fleiri skimunarprófum sem nýtt eru til að afmarka þann hóp nemenda sem þarfnast aðstoðar og finna nemendur sem skera sig á einhvern hátt úr eins snemma á námsferlinum og unnt er, til að unnt sé að bregðast við með sérkennslu eða stuðningi áður en vandinn verður meiri.

Um 10 % nemenda sem innrituðust í 1. bekk haustið 2003 höfðu þegar fengið greiningu um sérkennsluþörf frá greiningarstofnunum eða Sérkennslu- og sálfræðideild Leikskóla Reykjavíkur (tafla 4.11). Þetta er svipað hlutfall og undanfarin tvö ár. Hér er um að ræða um helming þeirra nemenda sem njóta munu sérstuðnings á grunnskólaárum sínum, en almennt eru tæplega 20% nemenda í grunnskólum Reykjavíkur sem eru í einhvers konar sérkennslu eða sérúrræði ár hvert. Reikna má með að nánast allir líkamlega fatlaðir, greindarskertir, sjónskertir og heyrnarskertir nemendur hafi verið greindir áður en grunnskólaganga hefst. Þeir sem fyrst eru greindir eftir að grunnskólanám hefst eru einkum nemendur hegðunar- og tilfinningaraskanir og síðan nemendur sem þurfa sérstakan stuðning við að ná færni í lestri.

Sálfræðingar sem starfa á Fræðslumiðstöð sinna skólum í borgarhlutum 2 og 3 og hluta af borgarhluta 1. Skólaárið 2002-2003 komu til þeirra um 570 tilvísanir og var hlutfall drengja þar af um 67%, flestir á aldrinum 7-12 ára, en stúlkna um 33%, flestar 8-11 ára (sjá nánar í kafla um Fræðslumiðstöð, bls. 20).

Skólar í Grafarvogi (borgarhluta 4) fá sálfræðiþjónustu frá Miðgarði. Þangað komu á árinu um 300 tilvísanir frá skólum, 32 vegna nemenda 15-16 ára, 88 vegna nemenda 12-14 ára, 111 vegna nemenda 9-11ára og 69 vegna 6-8 ára nemenda. Drengir voru alls 205 í þessum hópi eða 68%, en stúlkur 95 eða 32%. Algengustu tilvísunarástæður voru hegðunarerfiðleikar, slök námsstaða og samskiptaerfiðleikar.

Skólar í Vesturbæ (vesturhluta borgarhluta 1) fengu sálfræðiþjónustu frá Vesturgarði. Þangað komu á árinu 136 tilvísanir frá skólunum fjórum, 40 af unglingastigi og 96 af barnastigi, um 3/4 drengir. Þar af voru um 130 mál unnin af sálfræðingi og um 40 unnin með félagsráðgjafa. Keyptar voru tæplega 20 greiningar að.

## Almenn sérkennsla, sérhæfðar sérdeildir og sérskólar

Sérkennsla í grunnskólum Reykjavíkur skiptist í sérkennslu í almennum skólum annars vegar og sérkennslu í sérskólum og sérhæfðum sérdeildum hins vegar. Á árinu var lokið við að leggja niður almennar sérdeildir sem þjónuðu gjarnan nokkrum skólum, en námsverin í sérhverjum skóla koma í stað þeirra. Í sérkennslu í almennum skólum njóta nemendur stuðnings í námsveri

skólans, ýmist í litlum hópum eða einstaklingslega, og/eða inni í almennum bekkjum. Sumir njóta sérkennslu aðeins tímabundið eða fáa tíma á viku, aðrir meiri hluta skólatímans og sumir alla skólagönguna. Kennt er samkvæmt einstaklingsnámskrá eða hópnámskrá. Á árinu nutu um 20% nemenda í almennum grunnskólum sérkennslu (töflur 4.14 og 4.15).

Sérhæfðar sérdeildir voru alls 7 í borginni á árinu og þjónuðu nemendum með ákveðna fötlun, svo sem blindum, heyrnarskertum, einhverfum og hreyfihömluðum nemendum. Sérhæfðar sérdeildir eru ýmist fyrir nemendur af öllu landinu eins og blindradeild í Álftamýrarskóla og táknmálssviðið í Hlíðaskóla, nemendur úr allri borginni eins og deild hreyfihamlaðra eða nemendur úr ákveðnum borgarhlutum eins og einhverfudeildirnar. Í sérhæfðum sérdeildum voru um 50 nemendur haustið 2003 (tafla 4.12).

Sérskólarnir fjórir eru fyrir fjölfatlaða nemendur, þroskahefta og nemendur í miklum geðrænum og félagslegum vanda og þjóna nemendum af öllu landinu (tafla 4.12). Nemendur sækja sérskóla ýmist tímabundið eða til lengri tíma. Fjöldi nemenda í sérskólum 1. október 2003 var um 150. Alls voru um 1,3% nemenda í Reykjavík í sérhæfðum sérdeildum, sérsviðum og sérskólum haustið 2003 (tafla 4.12).

Um það bil fjórðungur alls kennslumagns í grunnskólum Reykjavíkur var nýttur í sérkennslu í almennum grunnskólum, sérhæfðum sérdeildum og sérskólum.

## Sjúkrakennsla á sjúkrahúsum

Með sjúkrakennslu á sjúkrahúsum er lögð áhersla á að nemendur sem liggja þurfa um tíma á sjúkrahúsi geti haldið námi sínu áfram þrátt fyrir fjarveru úr skóla. Stjórn og fagleg umsjón með sjúkrahúskennslu á Landsspítala-Háskólasjúkrahúsi er í höndum Austurbæjarskóla. Nemendur eru af öllu landinu og voru þeir um 190 á árinu og nutu kennslu að meðaltali í 6,5 daga hver. Með aukinni tækni hefur opnast nýr möguleiki fyrir nemendur að tengjast sínum bekk með gagnvirkum fjarkennslubúnaði. Nemendur sem liggja langdvölum á sjúkrahúsi nýta sér þessa tækni eða tvö til fjögur börn á ári, auk barna sem liggja skemur á sjúkrahúsi en ganga í skóla þar sem slíkur búnaður er fyrir. Fjöldi nemenda í sjúkrakennslu á sjúkrahúsum hefur dregist nokkuð saman á undanförnum árum (tafla 4.16).

Dalbrautarskóli sér um kennslu nemenda sem eru innlagðir á Barna- og unglingageðdeild Landsspítalans. Gert er ráð fyrir um 14 nemendum í einu að meðaltali. Einholtsskóli hefur séð um kennslu nemenda sem eru í greiningu á Stuðlum vegna fíkniefnaneyslu, en eftir að skólinn var lagður niður á árinu tók Brúarskóli við þessu verkefni. Á Stuðlum eru 8 nemendur í einu og eru nemendur þar að meðaltali 6 vikur í senn.

Nemendur sem liggja veikir heima eiga rétt á heimakennslu ef veikindi vara lengur en fimm daga og er miðað við fimm stunda kennslu á viku.

Tafla 4.14
**Fjöldi nemenda í Reykjavík með sérkennslu 1996-2003**

| | Hlutfall af heildarfjölda 1996 | Hlutfall af heildarfjölda 1998 | Hlutfall af heildarfjölda 2000 | Hlutfall af heildarfjölda 2002 | Hlutfall af heildarfjölda 2003 |
|---|---|---|---|---|---|
| Sérkennsla samkvæmt einstaklingsáætlun | 4,9% | 4,6% | 3,4% | 2,7% | 2,8% |
| Sérkennsla samkvæmt hópnámskrá | 9,1% | 9,2% | 5,0% | 10,6% | 11,6% |
| Sérkennsla samkvæmt einstaklings- og hópnámskrá | | | | 3,0% | 5,2% |
| Engin sérstök námskrá | | | 7,2% | 1,6% | |
| Almennar sérdeildir, 1.-7. bekkur | 0,6% | 0,5% | 0,5% | 0,4% | |
| Almennar sérdeildir, 8.-10. bekkur | 0,6% | 0,6% | 0,6% | 0,5% | |
| Sérskólar og sérhæfðar sérdeildir | 1,2%1) | 0,9%1) | 1,1%1) | 1,4% | 1,3% |
| **Samtals** | **15,2%** | **14,9%** | **16,7%** | **20,1%** | **20,9%** |

Tafla 4.15
**Skipting sérkennslustunda á árganga skólaárið 2003-2004**

| Árgangur | Fjöldi stunda | Hlutfall |
|---|---|---|
| 1. bekkur | 254 | 7,4% |
| 2. bekkur | 408 | 11,8% |
| 3. bekkur | 310 | 9,0% |
| 4. bekkur | 391 | 11,3% |
| 5. bekkur | 378 | 11,0% |
| 6. bekkur | 309 | 9,0% |
| 7. bekkur | 403 | 11,7% |
| 8. bekkur | 338 | 9,8% |
| 9. bekkur | 328 | 9,5% |
| 10. bekkur | 326 | 9,5% |
| **Samtals** | **3.445** | **100,0%** |

Tafla 4.16
**Yfirlit yfir kennslu á sjúkrahúsum 1997-2003**

| | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 252 | 286 | 215 | 224 | 187 | 157 | 186 |
| Heildarfjöldi kennsludaga | 1.542 | 1.395 | 1.805 | 1.177 | 824 | 824 | 1.216 |
| Fjöldi kennsludaga á nemanda | 6,1 | 4,9 | 8,4 | 5,3 | 5,2 | 5,2 | 6,5 |

Mynd 4.7
**Fjöldi nemenda með kennslu í íslensku sem öðru tungumáli eftir skólum haustið 2003 1) 2)**




1) Nemendur í móttökudeildum ekki meðtaldir
2) Alls 454

Mynd 4.8
**Fjöldi nemenda í móttökudeildum nýbúa haustið 2003[1)]**




1) Alls 39 nemendur

## Nemendur með íslensku sem annað tungumál

Nemendur sem ekki hafa íslensku að móðurmáli fá einstaklingsmiðaða umönnun í skólunum, einkum við upphaf skólagöngu sinnar hér á landi. Í málefnum þeirra er fylgt stefnu Reykjavíkurborgar um málefni barna með íslensku sem annað tungumál í grunnskólum Reykjavíkur frá árinu 2000 sem leggur áherslu á bætta þjónustu við erlenda nemendur og foreldra þeirra og fjölmenningarlegt starf. En einnig er byggt á stefnu Reykjavíkurborgar um fjölmenningarlegt samfélag 2001-2004 sem kom út árið 2001. Þeir sem hingað flytjast þurfa að aðlagast íslensku samfélagi og þeir sem fyrir eru þurfa að aðlagast íbúum af mismunandi uppruna. Því hefur svonefndri fjölmenningarlegri kennslu vaxið fiskur um hrygg í skólunum. Hún byggir meðal annars á því að tryggja virkni alls nemendahópsins og nýta fjölbreytileika hópsins til hins ýtrasta. Um fjórðungur skólanna er með stefnu um fjölmenningarkennslu í skólanámskrá sinni.

Á árinu var gefið út hefti um innritun og móttöku erlendra barna í grunnskólum Reykjavíkur. Einnig var gefinn út upplýsingabæklingur fyrir foreldra nemenda af erlendum uppruna á 12 tungumálum. Haldnir voru 6 fræðslufundir á vegum kennsludeildar Fræðslumiðstöðvar um ýmis mál sem varða kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku.

Nemendur 6-8 ára fara beint í almennan bekk í hverfisskóla en fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli sem skólinn skipuleggur í fjögur til fimm ár eða lengur.

Nemendur 9-15 ára byrja sitt fyrsta ár í svonefndri móttökudeild þar sem lögð er áhersla á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli ásamt aðlögun að íslensku samfélagi og um leið viðurkenningu á menningarlegum bakgrunni nemenda. Sumir nemendur eru í móttökudeild í tvö ár. Nemendur fá kennslu í íslensku máli og menningu í

Mynd 4.9
**Algengasta þjóðerni nemenda sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli haust 2003[1)]**




1) Miðað er við 6 nemendur eða fleiri af sama þjóðerni

20 kennslustundir á viku en sækja nám í listum og verkgreinum og fleiru með öðrum nemendum á sínum aldri. Eftir árið fara þeir alla jafnan í sinn heimaskóla og setjast í almennan bekk en fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Þrjár móttökudeildir fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál voru í borginni haustið 2003, í Austurbæjarskóla, Breiðholtsskóla og Háteigsskóla, og voru nemendur þar um 40 talsins, þar af yfir helmingur í deildinni í Austurbæjarskóla (mynd 4.8).

Íslenska sem annað tungumál var kennd í öllum almennum grunnskólum í Reykjavík og tveimur einkareknum skólum haustið 2003, alls um 450 nemendum (mynd 4.7) og auk þess voru um 40 nemendur í móttökudeildunum þremur. Þessi hópur, 530 nemendur alls, er um 3,5% nemenda í grunnskólum Reykjavíkur. Nemendur sem fá þessa kennslu eru langflestir af erlendum uppruna en hluti þeirra er af íslenskum ættum og hefur verið langdvölum erlendis. Um 40 íslenskir nemendur (báðir foreldrar íslenskir) sem dvalið hafa langdvölum erlendis (sex ár eða lengur) hófu nám í grunnskólum Reykjavíkur haustið 2003. 14 þjóðerni áttu sex fulltrúa eða fleiri í grunnskólum Reykjavíkur (mynd 4.9). Erfitt er að segja til um fjölda tungumála þar sem oft er erfitt að greina á milli tungumála og mállýska.

Sumarskóli fyrir börn og unglinga í íslensku fyrir útlendinga var starfræktur í júlí í þrjár vikur sem samstarfsverkefni Námsflokka Reykjavíkur, ÍTR og Fræðslumiðstöðvar. Hann var staðsettur í Austurbæjarskóla og sóttu hann um 100 nemendur á aldrinum 6-15 ára.

Rúmlega þriðjungur skólanna voru í lok ársins með teymi starfsmanna um þjónustu við nemendur með íslensku sem annað tungumál (mynd 4.10) og um fimmtungur hafði mótað sér stefnu um fjölmenningarkennslu í skólanámskrá (mynd 4.11). Bent skal á í þessu sambandi að í sumum skólum eru það fáir nemendur í þessum hópi að ekki þykir tímabært að hafa sérstakt teymi þar um.



Fjárúthlutun til skóla vegna kennslu í íslensku sem öðru tungumáli er einstaklingsmiðuð samkvæmt ákveðnum viðmiðum sem taka til aldurs, dvalartíma á landinu, uppruna og færni í íslensku. Miðað er við að nemendur fái kennslu í íslensku sem öðru tungumáli fyrstu fjögur til fimm árin sem þeir dvelja á landinu. Nemendur með tónamál að móðurmáli fá kennslu í íslensku allan grunnskólann sé þess þörf. Miðað er við að lágmarki tvo tíma á hvern einstakling á viku, en kennt er í hópum þannig að hver nemandi er fleiri tíma í íslensku en þessu nemur.

## Vímuvarnir - forvarnir

Í febrúar samþykkti fræðsluráð stefnumörkun um aðgerðir gegn neyslu og sölu fíkniefna í skólum. Í kjölfarið var Vímuvarnarskólinn endurvakinn í formi námskeiða fyrir kennara, vandinn kortlagður nákvæmar en áður og fleira. Alls hafði 21 skóli gert sér forvarnaráætlun á árinu og 13 voru með slíka áætlun í vinnslu. Með forvarnaráætlun er annars vegar átt við stefnumörkun sem nær til alls skólasamfélagsins til að efla og styrkja einstaklingana, en sértækar forvarnaráætlanir ná hins vegar til viðbragða í tengslum við einstaka málaflokka eins og einelti, áfalla eða vímuefnaneyslu.

Allir skólarnir hafa undir höndum niðurstöður könnunarinnar *Börnin í borginni* um sinn skóla og geta gert áætlanir sínar á grunni þeirra.

Mynd 4.10
**Hlutfall skóla með teymi um þjónustu við nemendur með íslensku sem annað tungumál 2001-2003**




Mynd 4.11
**Hlutfall skóla með stefnu um fjölmenningarkennslu í skólanámskrá 2000-2003**





## c) Náin tengsl við grenndarsamfélagið

Með grenndarsamfélagi skóla er annars vegar átt við landfræðilegt umhverfi skóla, bæði náttúru og manngert umhverfi, og hins vegar félagslegt, svo sem fjölskyldur, fyrirtæki, stofnanir, félög, samtök og vinahópa. Grenndarsamfélag skóla getur verið skólahverfið, borgarhlutinn eða öll Reykjavík.

### Samstarf við foreldra

Skólarnir starfa í nánum tengslum við foreldra og forráðamenn nemenda um nám barna þeirra. Reglubundið fara fram foreldraviðtöl í skólunum, kennarar eru í netsamskiptum við foreldra, haldnir eru bekkjarfundir með foreldrum og foreldrafundir og foreldrum er boðið að koma í heimsókn í skólann á starfstíma. Foreldrar taka þátt í ferðalögum og félagslífi á vegum skólans. Auk þess eiga kennarar og foreldrar margvísleg óformleg samskipti.

Upplýsingagjöf til foreldra hefur aukist hratt á síðastliðnum árum (tafla 4.17). Allir grunnskólar í Reykjavík voru á árinu komnir með virka heimasíðu þar sem eru margvíslegar upplýsingar um skólastarfið og 88% skóla gefa út skólahandbók. Um 94% skólanna gáfu út a.m.k. þrjú fréttabréf á árinu.

Á heimasíðu Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, www.grunnskolar.is er að finna margvíslegar upplýsingar sem koma forráðamönnum nemenda að notum.

Alls 32 skólar af 34 voru með námsefniskynningar fyrir foreldra allra árganga skólans haustið 2003. Kynningarnámskeið fyrir foreldra nemenda sem hófu nám í 1. bekk haustið 2003 voru haldin í 87% skóla með yngri barna stig, auk kynningarfunda að vori. Námskeið fyrir foreldra nemenda sem voru að hefja nám á unglingastigi haustið 2003 voru haldin í 40% skólanna (tafla 4.17). Víða eru haldin ýmiss konar forvarnarnámskeið fyrir foreldra og börn þeirra, svo sem um lífsleikni, einelti, samræmd próf og kynhegðun.

Foreldraráð og foreldrafélög starfa við alla grunnskóla borgarinnar. Haldnir eru fundir skólastjórnenda með foreldraráðum nokkrum sinnum á ári. Fulltrúar í foreldraráðum sækja árlega fundi um drög að starfsáætlun fræðslumála fyrir næsta ár sem haldnir eru í samvinnu Fræðslumiðstöðvar og SAMFOKs og voru fimm slíkir fundir haldnir í nóvember árið 2003 um starfsáætlun 2004. Flest foreldrafélög standa á hverju ári fyrir uppákomum í samvinnu við skólann og sum efna til fjáröflunar og gefa skólanum gjafir.

Tafla 4.17
**Nokkrar lykiltölur um náin tengsl skóla og grenndarsamfélags 2001-2003**

| | 2001 | 2002 | 2003 |
|---|---|---|---|
| - sem halda námskeið fyrir foreldra 6 ára nemenda | - | 81% | 87% |
| - sem halda námskeið fyrir foreldra nemenda á unglingastigi | - | 40% | 40% |
| - sem gefa út skólahandbók | 82% | 100% | 88% |
| - sem gefa a.m.k. 3 fréttabréf út á ári | 59% | 79% | 94% |
| - með virka heimasíðu | 70% | 100% | 100% |
| - með stefnu eða skráðar reglur um foreldrasamstarf í skólanámskrá | 52% | 71% | 67% |

### Samkomulag um grenndarskóga

Í janúar 2003 skrifaði bogarstjóri fyrir hönd Reykjavíkur undir samkomulag um samstarf til þriggja ára um skógarvistfræði og nýtingu grenndarskóga

fyrir grunnskóla Reykjavíkur, *Lesið í skóginn*, en aðilar að samkomulaginu eru auk Reykjavíkur, Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélag Reykjavíkur og Kennaraháskóli Íslands. Markmið verkefnisins er meðal annars að skipuleggja grenndarskóga fyrir grunnskólana, efla vitund nemenda um skógarvistfræði og skógarnytjar og stuðla að námsgagnagerð. Á árinu voru opnaðir þrír grenndarskógar, við Hvassaleitisskóla í janúar, við Öskjuhlíðarskóla í september og við Vesturbæjarskóla í desember (sjá einnig bls. 29).

## Vettvangsnám - samstarf við fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök

Skólarnir skipuleggja gagnvirk tengsl við hverfið sem skólinn er hluti af með samvinnuverkefnum þar sem atvinnulífið, menningarstofnanir og félagasamtök taka þátt í að efla skólastarfið og auðga skólasamfélagið.

Með þátttökunámi eða þjónustunámi er átt við að nemendur stundi hluta af námi sínu með því að vera þátttakendur í ýmiss konar verkefnum, gjarnan með fullorðnu fólki, í grenndarsamfélaginu og innan skólans - um leið og þeir láta í té þjónustu við samborgarana. Allt það sem nemendur taka sér fyrir hendur í þátttökunámsverkefnum þarf að uppfylla markmið í námskrá, eitt eða fleiri, það er því ekki viðbót heldur önnur nálgun að sama marki. Lykilorð í þessu sambandi eru því nám og þjónusta.

Á árinu voru búnar til viðmiðunarreglur og samningsrammi vegna samstarfssamninga við fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök um ákveðin verkefni. Einnig voru unnin öryggisviðmið vegna vettvangsferða og útikennslu.

Árið 2003 voru einstakir skólar og grunnskólar Reykjavíkur sem heild í margs konar samstarfsverkefnum við aðila utan skólans, eins og undanfarin ár. Sem dæmi má nefna:

- Stóra upplestrarkeppnin fyrir nemendur í 7. bekk (samstarf við Heimili og skóla, Íslenska málnefnd, Íslenska lestrarfélagið, Kennaraháskóla Íslands, Kennarasamband Íslands og Samtök móðurmálskennara, þátttaka árið 2003: 1.614 nemendur úr 74 bekkjardeildum)
- Lesið í skóginn (samstarf við Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélag Reykjavíkur og Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur)
- Dagblöð í skólum (samstarf við útgáfufyrirtæki dagblaðanna)
- Bráðger börn - verkefni við hæfi (samstarf við Háskóla Íslands og Landssamtökin Heimili og skóla)
- Tölvunámskeið fyrir eldri borgara (samstarf við Námsflokka Reykjavíkur)
- Kynslóðir saman (samstarf við Félagsstarf Gerðubergs)
- Töfrar Elliðaárdalsins (samstarf við Orkuveitu Reykjavíkur og Menningarmiðstöðina Gerðuberg)
- Skólavist (samstarf við Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur, Staðardagskrá 21 og Sorpu)
- Lífríki Hafnarinnar (samstarf við Reykjavíkurhöfn og Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands)
- Dagur með bónda (samstarf við útgáfu- og kynningarsvið Bændasamtaka Íslands)
- Rétt með strætó og heimsókn á lögreglustöð (samstarf við Strætó bs og lögregluna í Reykjavík)
- Ljósberinn (samstarf við Félagsþjónustuna í Reykjavík, ÍTR, Neyðarmóttökuna, Lögregluna í Reykjavík, SAMFOK, Landlæknisembættið og Menningarmiðstöðina Gerðuberg).





- Vetrarhátíð Reykjavíkurborgar sem stýrt er af Höfuðborgarstofu. Aðrir samstarfsaðilar eru Orkuveitan og SPRON.
- Bækur og móðurmál (samstarf við Alþjóðahús, Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna, Fjölmenningarsetur og Alþjóðastofu).

Starfsmaður í Vinnuskóla Reykjavíkur sem hefur umsjón með starfstengdu námi nemenda í efstu bekkjum grunnskólans er launaður af Fræðslumiðstöð að tveimur þriðju. Alls voru um tæplega 70 nemendur í starfstengdu námi í samvinnu Vinnuskólans og grunnskólanna haustið 2003. Þeir komu úr 20 skólum og unnu í rúmlega 70 fyrirtækjum og stofnunum í alls um 7.500 vinnustundir yfir skólaárið.

## Vettvangsnám - útikennsla og umhverfismennt

Náttúran og sagan í umhverfi skólanna er í auknum mæli vettvangur skólastarfsins. Með lengingu skólaársins hafa möguleikar skóla aukist í þessum efnum. Þar er fjaran, umhverfi Reykjavíkur og opin svæði innan borgarmarkanna, svo sem Laugardalurinn, Elliðaárdalurinn og Öskjuhlíðin, kjörin námsvettvangur. Útivist, náttúruskoðun og ferðir á sögustaði eru liður í námi um náttúru og sögu í grunnskólum Reykjavíkur, auk þess sem slíkar ferðir eru farnar til skemmtunar og yndisauka.

Á árinu setti Fræðslumiðstöð sér umhverfisstefnu og vill með henni vera grunnskólum borgarinnar góð fyrirmynd, auk þess að veita skólunum hvatningu og ráðgjöf til að efla umhverfisstarf sitt (sjá nánar um umhverfisstefnuna í kafla 2 um Fræðslumiðstöð, bls.28-29).

Ráðgjafi um umhverfismál starfaði með skólum á vorönn 2003. Sjá nánar í kafla 2, bls. 28-29).

## Erlent samstarf

Mikill vöxtur hefur orðið á þátttöku skólanna í alþjóðlegum verkefnum á undanförnum árum. Á árinu 2003 tóku yfir 3.000 nemendur í grunnskólum Reykjavíkur þátt í fjölþjóðlegum verkefnum af ýmsu tagi (mynd 4.12).

Mynd 4.12
**Heildarfjöldi þátttakenda í fjölþjóðlegum verkefnum 1999-2002**




## Nýting skólahúsnæðis utan skólatíma

Í stafsáætlun ársins 2003 er sett það markmið til þriggja ára að skólarnir marki sér stefnu um hvernig skólinn geti orðið menningarmiðstöð í hverfinu, til dæmis með því að þar fari fram menningarviðburðir, félagsstarf og frístundaiðkun og íbúar geti komið í skólann og stundað þar símenntun af einhverju tagi. Reykjavíkurborg hefur komið upp glæsilegu húsnæði fyrir starfsemi grunnskóla. Lögð er áhersla á að það sé nýtt utan skólatíma á kvöldin, um helgar og á sumrin fyrir borgarbúa. Að sjálfsögðu er misjafnt hve auðvelt er að afmarka einstaka hluta bygginga til slíkra nota.

Á árinu var könnuð nýting skólahúsnæðis fyrir ýmiss konar starfsemi hverfisins. ÍTR rak tómstundastarf sitt í skólunum, auk frístundaheimila fyrir nemendur í 1.-4. bekk. Vinnuskóli Reykjavíkur og ÍTR fengu aðstöðu í skólunum vegna sumarstarfs, auk þess sem forskóli tónlistarskóla var starfræktur í nokkrum skólum. Það færist auk þess í vöxt að félög og hópar leigi skólahúsnæði til félagsstarfsemi, svo sem funda og kóræfinga. Farin var sérstök kynnisferð til Noregs í tengslum við þetta verkefni (sjá bls. 26).

## Samstarf við leikskóla

Allir grunnskólar í Reykjavík með yngri barna stig voru í samvinnu við leikskóla í hverfi sínu á árinu. Hver grunnskóli tekur alla jafna við nemendum úr allt að þremur leikskólum. Samstarfið er einkum með þrennum hætti:

- Aðlögun og kynning sem fer fram með gagnkvæmum heimsóknum milli leik- og grunnskóla.
- Skipulögð móttaka verðandi 1. bekkinga í grunnskólum. Markmiðið er að stuðla að vellíðan og öryggi barnanna á þessum tímamótum og byggja starfið í grunnskólanum á fyrri reynslu barnanna í leikskólanum til að stuðla að samfellu í námi. Á vorönn 2003 voru allir skólar með yngri barna stig, alls 31, með sérstaka dagskrá til að kynna leikskólabörnum skólastarfið í grunnskólanum. Börnin koma ýmist með leikskólanum sínum eða foreldrum. Leikskólabörnin fá að vera í kennslustund, nestistíma og frímínútum á meðan foreldrar kynna sér skólann.
- Árlegir fundir eru haldnir um væntanlega nemendur í grunnskóla sem þurfa sérstuðning (sjá töflu 4.11, bls. 50).

## Samstarf við framhaldsskóla

Nemendur á síðustu árum grunnskólanáms ljúka í auknum mæli framhaldsskólaáföngum sem vali í grunnskólanum. Þannig er komið til móts við bráðgera nemendur og nemendur sem hafa forskot og eru áhugasamir um ákveðnar greinar. Þetta dregur út skörpum skilum á milli grunnskóla og framhaldsskóla. Framkvæmdin er ýmist þannig að nemendur fara í framhaldsskólann og sækja þar ákveðna áfanga, bæði bóklega og verklega, nemendur sækja nám í framhaldsskólaáföngum í eigin grunnskóla og taka próf frá framhaldsskóla eða nemendur taka framhaldsskólaáfanga í fjarnámi frá einhverjum framhaldsskólanna. Framhaldsskólar með áfangakerfi meta framhaldsskólaeiningar sem nemendur ljúka í grunnskóla inn í framhaldsnám þeirra.

Alls luku um 260 nemendur í 12 grunnskólum í Reykjavík framhaldsskólaáföngum á vorönn 2003 og um 350 í 17 skólum á haustönn 2003 (nemendur geta verið tvítaldir). Flestir þessir áfangar voru í tungumálum, stærðfræði og málmsmíði og voru teknir undir handleiðslu Fjölbrautaskólanna við Ármúla og í Breiðholti, Borgarholtsskóla, Menntaskólans við Hamrahlíð og Iðnskólans í Reykjavík, auk þess sem nemendur stunduðu fjarkennslu við Verkmenntaskólann á Akureyri (töflur 4.18 og 4.19).

Mynd 4.13
**Fjöldi nemenda sem lokið hafa framhaldsskólaáföngum á unglingastigi í Reykjavík á árunum 1999-2003**




Tafla 4.18
**Framhaldsskólaáfangar á unglingastigi vor 2003**

| Grunnskóli | Framhaldsskóli | Áfangar vor 2003 | Fjöldi nemenda |
|---|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | Menntaskólinn við Hamrahlíð | Stæ 103 | 28 |
| Árbæjarskóli | Borgarholtsskóli | Málmsmíði | 11 |
| Árbæjarskóli | Fjölbrautarskólinn við Ármúla | Ens 103, fra103, stæ.192, bók 103, þýs103 | 76 |
| Breiðholtsskóli | Fjölbrautarskólinn í Breiðholti | Stæ 102, ens102 | 15 |
| Engjaskóli | Borgarholtsskóli | Stæ 103, ens 103, málmsmíði, félags- og uppeldissvið | 23 |
| Fellaskóli | Fjölbrautarskólinn í Breiðholti | Stæ 102 | 5 |
| Foldaskóli | Borgarholtsskóli | Stæ 103, málmsmíði | 10 |
| Foldaskóli | Fjölbrautarskólinn við Ármúla | Ens 103 | 14 |
| Hólabrekkuskóli | Fjölbrautarskólinn í Breiðholti | Stær 103, spæ 103 | 6 |
| Húsaskóli | Borgarholtsskóli | Stæ 103, málmsmíði | 8 |
| Klébergsskóli | Borgarholtsskóli | Málmsmíði | 8 |
| Seljaskóli | Fjölbrautarskólinn í Breiðholti | Þýs 103, ens 102 | 20 |
| Vogaskóli | Fjölbrautarskólinn við Ármúla | Töl 131, töl 121, töl 251, ens 103, stæ 102 | 38 |
| Ölduselsskóli | Verkmenntaskólinn á Akureyri | Hsp 103, stæ 133 | 2 |
| | | **Samtals:** | **264** |

## Samstarf við tónlistarskóla

Á haustönn 2003 var starfræktur forskóli tónlistarskóla á vegum tónlistarskóla í borginni fyrir yngstu nemendurna í fimm skólum af 31. Tónskólinn Do Re Mi var með starfsemi í einum skóla í borgarhluta 1, eða Melaskóla, Tónskóli grunnskólanna í Grafarvogi var með starfsemi í þremur skólum í Grafarvogi, það er í Hamra-, Húsa- og Foldaskóla. Tónskólinn á Klébergi starfar í Klébergsskóla og er undir stjórn skólastjóra grunnskólans.

Nefnd um tónlistaruppeldi starfaði á árinu á vegum fræðsluráðs (sjá kafla 1, bls. 13).

Tafla 4.19
**Framhaldsskólaáfangar á unglingastigi haust 2003**

| Grunnskóli | Framhaldsskóli | Áfangar haust 2003 | Fjöldi nemenda |
|---|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | Menntaskólinn við Hamrahlíð | Ísl 103, stæ 103 | 36 |
| Árbæjarskóli | Borgarholtsskóli | Málmsmíði | 7 |
| Árbæjarskóli | Fjölbrautarskólinn við Ármúla | Ens 103, fra 103, stæ 192, bók 103, þýs 103 | 82 |
| Borgaskóli | Borgarholtsskóli | Ens 103, stæ 103, málmsmíði, félags- og uppeldissvið | 18 |
| Borgaskóli | Fjölbrautarskólinn við Ármúla | Stæ 103 | 1 |
| Breiðholtsskóli | Fjölbrautarskólinn í Breiðholti | Stæ.102, ens 102 | 21 |
| Engjaskóli | Borgarholtsskóli | Stæ 103, ens 103, málmsmíði, félags- og uppeldissvið | 23 |
| Fellaskóli | Fjölbrautarskólinn í Breiðholti | Stæ 102, dan 102, spæ 103 | 10 |
| Foldaskóli | Verkmenntaskólinn á Akureyri | Fran 103 | 9 |
| Foldaskóli | Borgarholtsskóli | Stæ 103, málmsmíði, félags- og uppeldissvið, ens 103 | 17 |
| Hagaskóli | Menntaskólinn við Hamrahlíð | Ísl.103 stæ 103 | 47 |
| Háteigsskóli | Fjölbrautarskólinn við Ármúla | Ens 103, dan 103, stæ 102 | 7 |
| Hólabrekkuskóli | Fjölbrautarskólinn í Breiðholti | Stæ 102, spæ 103 | 8 |
| Húsaskóli | Borgarholtsskóli | Ens 103, málmsmíði, stæ 103, félags- og uppeldissvið | 17 |
| Korpuskóli | Borgarholtsskóli | Ens 103, stæ 103 | 9 |
| Korpuskóli | Iðnskólinn í Reykjavík | Upplýsinga- og tæknimennt | 2 |
| Langholtsskóli | Fjölbrautarskólinn við Ármúla | Ens 103 | 3 |
| Réttarholtsskóli | Fjölbrautarskólinn við Ármúla | Ens 103 | 2 |
| Víkurskóli | Borgarholtsskóli | Stæ 103, ens 103, málmsmíði | 7 |
| Vogaskóli | Fjölbrautarskólinn við Ármúla | Nát 103, dan 103 | 4 |
| Vogaskóli | Borgarholtsskóli | Málmsmíði | 10 |
| Ölduselsskóli | Verkmenntaskólinn á Akureyri | Bók 103, sæn 103, ensk 102, fra 103, dan 102, hsp 103 | 11 |
| | | **Samtals:** | **351** |

Tafla 4.20
**Skil á skólanámskrá**

| | 1998-1999 | 1999-2000 | 2000-2001 | 2001-2002 | 2002-2003[1)] | 2003-2004 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Skila fullnægjandi skólanámskrá | 24 | 15 | 28 | 32 | 36 | 37 |
| Skila inn drögum eða hluta námskrár | 5 | 10 | 5 | 6 | 5 | 4 |
| Skila ekki | 5 | 12 | 4 | 2 | 3 | 2 |
| Skólar samtals | 34 | 37 | 37 | 40 | 44 | 43 |

1) Einkareknir skólar meðtaldir frá skólaárinu 2002-2003.

# d) Sjálfstæði skóla - stjórnun - eftirlit

Sjálfstæði grunnskólanna í Reykjavík hefur aukist á undanförnum árum eins og annarra borgarstofnana með aukinni dreifstýringu. Með sjálfstæði skóla er átt við faglegt, fjárhagslegt og stjórnunarlegt sjálfstæði skóla til að útfæra þá stefnu sem mörkuð hefur verið af ríki (lög, reglugerðir og aðalnámskrá), sveitarfélaginu (bæði um grunnskólann og aðra þætti) og með kjarasamningum. Skólinn ber ábyrgð á framkvæmd ofannefndrar stefnumótunar. Grunnskólarnir í Reykjavík eiga kost á margvíslegri ráðgjöf og stuðningi frá Fræðslumiðstöð (sjá kafla 2).

## Faglegt sjálfstæði og starfsáætlanir

Með faglegu sjálfstæði er átt við að skóli móti sjálfur faglegt starf sitt og sérstöðu innan ramma laga, þar með taldar reglugerðir og aðalnámskrá, og stefnumörkun borgarinnar. Stefna skólans er birt í starfsáætlun/skólanámskrá hans ásamt áætlun um skólastarfið næsta skólaár innan ofannefnds ramma. Áætlun um sjálfsmat skólans, símenntunaráætlun og fleira eru hluti af starfsáætlun/skólanámskrá skóla. Alls töldust 37 skólar af 43 vera með fullnægjandi skólanámskrá vorið 2003 samkvæmt þar til gerðum gátlista (tafla 4.20). Símenntunaráætlanir fyrir skólaárið 2003-2004 voru innkallaðar í júní og metnar með hliðsjón af þar til gerðum gátlista. Skóladagatöl skólanna eru staðfest af fræðsluráði ár hvert að vori. Þar er gerð grein fyrir þeim 180 dögum sem skólar starfa á ári.

Skólar geta sótt um styrki til þróunar- og nýbreytniverkefna í Þróunarsjóð grunnskóla Reykjavíkur, Verkefna- og námsstyrkjasjóð Kennarasambands

Íslands og Þróunarsjóð grunnskóla hjá menntamálaráðuneytinu (sjá nánar í 6. kafla, bls 71-73).

## Fjárhagslegt sjálfstæði og rekstraráætlanir

Með fjárhagslegu sjálfstæði er átt við að skóli ráðstafi því fjármagni sem hann fær úthlutað við upphaf hvers almanaksárs innan ramma laga, kjarasamninga og stefnumörkunar sveitarfélagsins. Hver skóli fær úthlutað fjárhagsramma skólans fyrir viðkomandi ár við upphaf ársins. Úthlutun fjármagns til skóla er samkvæmt þar til gerðu reiknilíkani. Líkanið var endurskoðað á árinu. Hver skóli gerir sér rekstraráætlun í upphafi árs. Í henni er kynnt ráðstöfun þess fjármagns sem skólinn fær úthlutað. Skólastjóri ber ábyrgð á því að skólinn sé innan fjárhagsrammans við lok hvers árs.

## Stjórnunarlegt sjálfstæði

Með stjórnunarlegu sjálfstæði er átt við að skólar móti sjálfir skipulag og stjórnun innan skólans og hafi ráðningu allra starfsmanna í höndum sínum.

Á árinu samþykkti fræðsluráð að færa ráðningu aðstoðarskólastjóra frá fræðsluráði til skólastjóranna. Skólastjóri ræður aðstoðarskólastjóra að fengnu samþykki fræðsluráðs.

## Eftirlit með skólastarfi

Eftirlit með skólastarfi fer fram bæði með sjálfsmati skóla og ytra mati. Sjálfsmat skóla felst í því að afla með skipulegum hætti upplýsinga um ákveðna þætti skólastarfsins. Til þess eru nýtt ýmiss konar gögn sem fyrir eru í skólanum, niðurstöður kannana og fleira. Gæði starfsins eru síðan metin með því að bera niðurstöður saman við markmið eða viðmið. Á grundvelli matsins eru loks teknar ákvarðanir um breytingar til að bæta árangur, sett markmið og gerð framkvæmdaáætlun þar um.

Í lögum um grunnskóla nr. 66/1995 eru ákvæði þess efnis að sérhver skóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Menntamálaráðuneytið metur sjálfsmatsaðferðir skóla á 5 ára fresti og hafði í lok árs 2003 metið sjálfsmatsaðferðir allra skóla í Reykjavík. Þær þóttu fullnægjandi í 5 skólum og fullnægjandi að hluta í öðrum 5.



Árið 1999 samþykkti fræðsluráð viðmið um góðan skóla sem sumir skólar hafa nýtt sér við sjálfsmat skólans. Viðmiðin fjalla um stefnumörkun og forystu, lærdómsumhverfið, væntingar til nemenda og ábyrgð þeirra, mat á árangri og símenntun.

Eftirlit Fræðslumiðstöðvar fer fram með ýmsum hætti. Með samhæfðu árangursmati eða skorkorti er unnt að fylgjast með meginþáttum skólastarfsins í heild. Árlega er farið yfir skóladagatöl næsta árs eftir gátlista, skólanámskrá/starfsáætlun eftir gátlista, rekstraráætlanir og framkvæmd kjarasamninga. Þjónustukannanir eru gerðar árlega, en á árinu 2003 var gerð könnun meðal nemenda og dregnar saman niðurstöður um einstaka skóla. Gerðar eru lesskimanir við lok 2. bekkjar og ýmis skimunarpróf í 1. bekk. Skólastjórar svara eftir hverja önn spurningalistum um fjölda þátta í skólastarfinu og sjást niðurstöður þeirra meðal annars í þessari ársskýrslu. Auk þess er skipulegt eftirlit með tölvukerfum skólanna og innkaupum.



## e) Jafnræði í umgjörð skólastarfsins

Fasteignastofa Reykjavíkur gegnir hlutverki eiganda fasteigna borgarinnar. Stofnanir borgarinnar, þar með taldir skólarnir, greiða stofunni leigu sem meðal annars er nýtt til að halda við byggingunum.

### Áætlun um húsnæði og búnað

Frá árinu 2002 hefur verið unnið að stöðugreiningu á húsnæði og búnaði grunnskóla Reykjavíkur í samvinnu við Fasteignastofu Reykjavíkur. Ítarleg rýmisúttekt var gerð á árinu 2002, árið 2003 var síðan gerð úttekt á búnaði skólanna, tölvueign, mötuneytisaðstöðu og skólalóðum.

### Stærð húsnæðis

Heildarstærð varanlegs húsnæðis almennra grunnskóla Reykjavíkur (34 skólar) var haustið 2003 um 152 þús. fermetrar. Auk þess voru færanlegar stofur við 14 skóla alls 96 að tölu og töldust þær rétt rúmlega 7 þús. fermetrar. Kennslurými voru alls tæplega 1.200. Fjöldi fermetra á nemanda í varanlegu húsnæði er um 10, en nokkuð misjafn á milli skóla eða frá aðeins um 7 til 8 fermetrar í Hagaskóla, Korpuskóla, Laugarnesskóla, Rimaskóla og Vogaskóla upp í 18 fermetra í Víkurskóla og 13 til 16 fermetra í Fellaskóla, Klébergsskóla, Ártúnsskóla og Hvassaleitisskóla. Nýbyggingarframkvæmdir á næstu árum verða við þá skóla þar sem mest þrengsli eru nú (töflur 4.21, 4.22 og 4.24).

### Nýbyggingar og breytingar á húsnæði

Á vegum Fasteignastofu Reykjavíkurborgar var á árinu lokið að mestu við endurbætur og viðbyggingar við 6 skóla, Árbæjarskóla, Fellaskóla, Hlíðaskóla, Hólabrekkuskóla, Klébergsskóla og Selásskóla. Auk þess varð einn nýr skóli fullbúinn á árinu, Víkurskóli. Fram fór á árinu boðskeppni um hönnun viðbyggingar við Laugarnesskóla og tóku 5 arkitektastofur þátt í henni. Unnið var að hönnun á viðbyggingu og breytingum á Breiðagerðisskóla og lokið hönnun Ingunnarskóla. Forval og síðan alútboð fór fram um hönnun og byggingu fyrir Korpuskóla á grunni umfangsmikils undirbúningsstarf í samvinnu við Leikskóla Reykjavíkur (sbr. skýrslu sem kom út í lok árs 2002). Fimm verktakar tóku þátt í því. Undirbúin var hönnun viðbygginga við

Tafla 4.21

**Nýbyggingar, breytingar og viðhald skólahúsnæðis**

| Skóli | Nýbyggingar og breytingar á húsnæði | Viðhald á skólahúsnæði |
|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | | Endurnýjaður var gólfdúkur á átta kennslustofum og verulegt átak gert í málun innanhúss. |
| Álftamýrarskóli | | Íþróttahús var málað að utan og keyptir rafmagnslampar í íþróttasal. |
| Árbæjarskóli | Framkvæmdum við utanhússklæðningu og standsetningu innanhúss lokið. | |
| Ártúnsskóli | Lokið við uppgjör frá fyrra ári, búnaðarkaup og frágangi í eldra húsnæði og á lóð. Malbikaður göngustígur neðan við skólahús. | |
| Borgaskóli | Lokið við ýmis smáverk, svo sem í rafmagni. | |
| Breiðagerðisskóli | Jarðvinnu vegna viðbyggingar lokið, boðin var út uppsteypa og frágangur hennar. | |
| Breiðholtsskóli | | Endurnýjaðar loftaplötur í bókasafni. |
| Foldaskóli | Framkvæmdum við viðbyggingu og íþróttahús lokið, vinna hafin við breytingar innanhúss. | |
| Fossvogsskóli | | Nýr gólfdúkur var settur á gólf í íþróttasal. |
| Grunnskóli í Staðarhverfi | Niðurstaða dómnefndar um byggingu skólans liggur fyrir. | |
| Hagaskóli | | Smíðaðir voru stigar á íþróttahús sem eru rýmingarleið vegna eldvarna. Fram fóru töluverðar múrviðgerðir utanhúss á skólahúsinu. Keyptir voru nýir raflampar í íþróttahúsið. Lyfta var sett í skólahúsið. |
| Hamraskóli | Húsnæði í kjallara viðbyggingar standsett og tekið í notkun í september 2003. | |
| Háteigsskóli | | Múrviðgerðir utanhúss. |
| Hlíðaskóli | Framkvæmdum við viðbyggingu lokið. | |
| Hólabrekkuskóli | Framkvæmdum við viðbyggingu lokið. | Áfangar II og III voru málaðir að utanverðu, gólfdúkur á hátíðasal var endurnýjaður og endurbætur fóru fram á raflýsingu í skólastofum. |
| Húsaskóli | | Síðari áfanga við endurbætur lýsingar utanhúss lauk á árinu. |
| Hvassaleitisskóli | | Endurnýjaðir voru lampar í íþróttasal. |
| Ingunnarskóli | Unnið var að fullnaðarhönnun og uppsteypu skólans. | |
| Klébergsskóli | Viðbyggingu lokið að mestu. Farið var í breytingar sem áætlaðar voru 2004. | |
| Korpuskóli | Fyrrverandi húsvarðaríbúð hefur verið breytt og húsnæðið tekið undir skólastarf. | |
| Langholtsskóli | Unnið var við uppsteypu viðbyggingar og hönnun endurskipulagningar innanhúss. | Stærsta framkvæmd ársins í viðhaldi grunnskóla var utanhússklæðning og gluggaviðgerðir á C-álmu skólans, einnig fór fram endurnýjun á raflömpum í skólastofum. |
| Laugalækjarskóli | Unnið að frágangi tengibyggingar og uppsetningu lyftu í suðurhúsi. Eftir er að ljúka við skólasafn, mötuneyti og sal. | |
| Laugarnesskóli | Unnið var að hönnun viðbyggingar og færslu á fjórum færanlegum kennslustofum. | |
| Réttarholtsskóli | Lokið framkvæmdum við nýtt bókasafn og aðstöðu fyrir tölvukennslu. | Þakjárn á stjórnunarálmu var endurnýjað. |
| Melaskóli | Framkvæmdum ársins við lóð var lokið, ákveðið var að fresta hluta framkvæmda til ársins 2004. | |
| Selásskóli | Framkvæmdum við bílastæði, útigarð og mötuneyti var lokið. | |
| Seljaskóli | Endurskoðun á rýmisþörf skólans og forsagnargerð fyrir viðbyggingu var lokið. Undirbúningur og gerð forsagnar hefur tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir. | Skólinn var málaður að utan og umtalsvert átak í málun einnig gert innanhúss. |
| Víkurskóli | Öllum framkvæmdum er lokið. | |
| Breytingar á eldhúsum í grunnskólum | Lokið var breytingum í Folda-, Mela-, Rima-, Hamra-, Húsa-, Engja- og Austurbæjarskóla. Framkv. var frestað í Háteigs- og Vesturbæjarskóla. | |
| Færanlegar kennslustofur | Alls 14 lausar kennslustofur fluttar og byggðar tvær nýjar kennslustofur við Ingunnarskóla (sjá töflu 4.24) | |
| Smærri verk | Unnið við lagfæringar og breytingar í nokkrum skólum t.d. Voga-, Breiðagerðis- og Álftamýrarskóla. | |
| Tölvu-, raf- og símalagnir í eldri skóla | Lokið vinnu við Folda- og Húsaskóla og að hluta til í Selásskóla ásamt ýmsum smáverkum í öðrum skólum. | |

Tafla 4.22
**Húsnæði almennra grunnskóla í Reykjavík haustið 2003**

| | Fjöldi bekkjardeilda/ umsjónarhópa 2003 | Fjöldi almennra kennslustofa og sérgreina-stofa | Þar af fjöldi færanlegra stofa | Skóladagvist og sérkennslu-herbergi | Stærð varanlegs húsnæðis í fermetrum [1] | Fjöldi m² á nemanda haust 2003 [2] |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | 27 | 35 | 4 | 13 | 5.380 | 8,6 |
| Álftamýrarskóli [3] | 18 | 27 | 0 | 8 | 4.380 | 12,2 |
| Árbæjarskóli | 37 | 46 | 5 | 7 | 6.903 | 8,7 |
| Ártúnsskóli | 9 | 16 | 0 | 4 | 2.394 | 13,2 |
| Borgaskóli | 22 | 31 | 7 | 6 | 3.930 | 9,7 |
| Breiðagerðisskóli [4] | 19 | 23 | 5 | 9 | 3.292 | 9,1 |
| Breiðholtsskóli | 29 | 41 | 10 | 7 | 5.505 | 9,1 |
| Engjaskóli | 20 | 32 | 3 | 6 | 4.483 | 11,6 |
| Fellaskóli | 24 | 38 | 0 | 10 | 7.425 | 14,6 |
| Foldaskóli | 29 | 43 | 0 | 5 | 6.845 | 11,4 |
| Fossvogsskóli | 16 | 24 | 0 | 3 | 3.860 | 11,0 |
| Grandaskóli | 18 | 25 | 0 | 5 | 4.089 | 11,5 |
| Hagaskóli | 24 | 36 | 0 | 2 | 4.970 | 8,4 |
| Hamraskóli | 19 | 29 | 0 | 7 | 3.943 | 11,3 |
| Háteigsskóli | 20 | 30 | 0 | 3 | 4.352 | 12,3 |
| Hlíðaskóli | 27 | 36 | 1 | 8 | 6.925 | 11,4 |
| Hólabrekkuskóli | 29 | 41 | 0 | 9 | 6.755 | 11,8 |
| Húsaskóli | 21 | 34 | 5 | 4 | 4.661 | 10,3 |
| Hvassaleitisskóli | 15 | 25 | 0 | 4 | 3.594 | 12,6 |
| Ingunnarskóli [5] | 11 | 17 | 20 | 3 | 0 | 0 |
| Klébergsskóli | 10 | 15 | 0 | 3 | 2.663 | 15,6 |
| Korpuskóli | 12 | 18 | 0 | 8 | 1.590 | 8,0 |
| Langholtsskóli | 26 | 35 | 0 | 4 | 5.917 | 10,7 |
| Laugalækjarskóli | 13 | 23 | 0 | 3 | 2.936 | 10,2 |
| Laugarnesskóli | 20 | 31 | 5 | 8 | 3.282 | 7,6 |
| Melaskóli | 28 | 40 | 0 | 9 | 5.232 | 8,9 |
| Réttarholtsskóli [6] | 13 | 21 | 0 | 12 | 3.749 | 11,3 |
| Rimaskóli | 36 | 41 | 10 | 12 | 6.350 | 8,1 |
| Selásskóli | 17 | 27 | 0 | 3 | 4.407 | 11,8 |
| Seljaskóli | 31 | 45 | 5 | 7 | 6.589 | 9,6 |
| Vesturbæjarskóli | 16 | 20 | 0 | 6 | 3.200 | 10,1 |
| Víkurskóli | 13 | 27 | 0 | 3 | 3.950 | 18,0 |
| Vogaskóli | 20 | 24 | 9 | 7 | 2.750 | 6,7 |
| Ölduselsskóli | 30 | 36 | 7 | 12 | 5.430 | 9,2 |
| Samtals [7] | 719 | 1,032 | 96 | 220 | 151.731 | 10,2 |

1) Upplýsingar fengnar úr: Arkís ehf (2002). *Grunnskólar Reykjavíkur. Rýmisathugun 2002*. Reykjavík: Fasteignastofa Reykjavíkurborgar og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

2) Færanleg kennslurými ekki meðtalin í fjölda m² á nemanda.

3) Leiguhúsnæði fyrir skóladagvist ekki meðtalið, 130m².

4) Mosagerði 14A er talið með.

5) Skólinn er alfarið í færanlegu kennslurými. Ný skólabygging verður væntanlega tekin í notkun haustið 2005.

6) Bjarkarhlíð er talin með.

7) Færanleg kennslurými grunnskóla, 7.079m².



Rimaskóla og Vogaskóla. Undirbúningur hönnunar viðbygginga við skóla og nýbygginga er unnin í samstarfi Fasteignastofu, Fræðslumiðstöðvar, skólastjóra viðkomandi skóla og starfsmanna og foreldraráðs.

## Viðhald skólahúsnæðis

Bráðaviðhald og umfangsmikið viðhald samkvæmt verkáætlun á grunnskólum Reykjavíkur er í höndum Fasteignastofu Reykjavíkurborgar (tafla 4.21).

## Búnaður

Skipting fjármagns til búnaðarkaupa er með tvennu móti, annars vegar framlög til tölvumála og hins vegar framlög á hvern skóla sem skipt er milli skóla með hliðsjón af nemendafjölda.

Unnið var að endurskoðun stefnu fræðsluráðs Reykjavíkur í tölvumálum grunnskóla frá árinu 2000, en þar er gert ráð fyrir að um 5 nemendur séu um hverja nemendatölvu í skólunum. Alls var tölvueign grunnskóla Reykjavíkur í lok ársins rúmlega 2.700 tölvur sem bæði eru ætlaðar starfsmönnum og nemendum. Tölvur eldri en 5 ára, þ.e. frá árinu 1998, sem endurnýja átti á árinu 2003 voru ekki settar upp fyrr en í janúar 2004.

Tafla 4.23

## Yfirlit yfir fjölda tölva í grunnskólum Reykjavíkur haustið 2003[1)]

| Skóli | Starfsfólk | | | | Nemendur | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Mac | PC tölvur | PC-fistölvur | Alls tölvur fyrir starfsfólk | Mac | PC-tölvur | PC-fistölvur | Alls nemenda-tölvur | Heildar-fjöldi tölva | Fjöldi nemenda 1. okt 2002 | Fjöldi nemenda um hverja tölvu 2002 |
| Austurbæjarskóli | 0 | 38 | 2 | 40 | 0 | 39 | 0 | 39 | 79 | 624 | 16,0 |
| Álftamýrarskóli | 0 | 33 | 2 | 35 | 0 | 17 | 0 | 17 | 52 | 358 | 21,1 |
| Árbæjarskóli | 1 | 75 | 3 | 79 | 0 | 52 | 12 | 64 | 143 | 796 | 12,4 |
| Ártúnsskóli | 1 | 23 | 4 | 28 | 0 | 30 | 2 | 32 | 60 | 182 | 5,7 |
| Borgaskóli | 0 | 45 | 1 | 46 | 0 | 22 | 0 | 22 | 68 | 406 | 18,5 |
| Breiðagerðisskóli | 0 | 22 | 1 | 23 | 0 | 44 | 0 | 44 | 67 | 362 | 8,2 |
| Breiðholtsskóli | 0 | 45 | 4 | 49 | 0 | 38 | 0 | 38 | 87 | 604 | 15,9 |
| Engjaskóli | 0 | 46 | 3 | 49 | 0 | 28 | 28 | 56 | 105 | 386 | 6,9 |
| Fellaskóli | 0 | 49 | 3 | 52 | 0 | 24 | 0 | 24 | 105 | 509 | 21,2 |
| Foldaskóli | 0 | 23 | 3 | 26 | 0 | 54 | 0 | 54 | 80 | 600 | 11,1 |
| Fossvogsskóli | 0 | 38 | 5 | 43 | 0 | 24 | 0 | 24 | 67 | 352 | 14,7 |
| Grandaskóli | 0 | 38 | 6 | 44 | 0 | 34 | 0 | 34 | 78 | 355 | 10,4 |
| Hagaskóli | 0 | 31 | 17 | 48 | 0 | 42 | 0 | 42 | 90 | 591 | 14,1 |
| Hamraskóli | 0 | 39 | 3 | 42 | 1 | 30 | 0 | 31 | 73 | 349 | 11,3 |
| Háteigsskóli | 0 | 24 | 12 | 36 | 0 | 22 | 10 | 32 | 68 | 355 | 11,1 |
| Hlíðaskóli | 0 | 33 | 3 | 36 | 0 | 30 | 15 | 45 | 81 | 606 | 13,5 |
| Hólabrekkuskóli | 0 | 42 | 6 | 48 | 0 | 26 | 1 | 27 | 75 | 574 | 21,3 |
| Klébergsskóli | 0 | 10 | 0 | 10 | 0 | 0 | 0 | 0 | 10 | 171 | - |
| Korpuskóli | 0 | 17 | 2 | 19 | 0 | 14 | 20 | 34 | 53 | 199 | 5,9 |
| Langholtsskóli | 0 | 42 | 3 | 45 | 1 | 33 | 7 | 41 | 86 | 553 | 13,5 |
| Laugalækjarskóli | 0 | 21 | 3 | 24 | 0 | 0 | 19 | 19 | 43 | 289 | 15,2 |
| Laugarnesskóli | 0 | 37 | 33 | 70 | 0 | 26 | 0 | 26 | 96 | 433 | 16,7 |
| Melaskóli | 1 | 46 | 5 | 52 | 0 | 43 | 14 | 57 | 109 | 591 | 10,4 |
| Réttarholtsskóli | 0 | 26 | 4 | 30 | 0 | 19 | 15 | 34 | 64 | 332 | 9,8 |
| Rimaskóli | 0 | 68 | 13 | 81 | 0 | 34 | 0 | 34 | 115 | 784 | 23,1 |
| Selásskóli | 0 | 38 | 6 | 44 | 0 | 51 | 0 | 51 | 95 | 372 | 7,3 |
| Seljaskóli | 1 | 59 | 6 | 66 | 0 | 27 | 0 | 27 | 93 | 685 | 25,4 |
| Vesturbæjarskóli | 0 | 30 | 4 | 34 | 0 | 20 | 0 | 20 | 54 | 316 | 15,8 |
| Víkurskóli | 0 | 30 | 5 | 35 | 0 | 22 | 41 | 63 | 98 | 219 | 3,5 |
| Vogaskóli | 0 | 26 | 2 | 28 | 0 | 14 | 0 | 14 | 42 | 411 | 29,4 |
| Ölduselsskóli | 0 | 50 | 0 | 50 | 0 | 41 | 0 | 41 | 91 | 591 | 14,4 |
| Samtals | 6 | 1.223 | 196 | 1.425 | 2 | 947 | 223 | 1.172 | 2.626 | 14.870 | 12,7 |
| | | | | | | | | | | | |
| Brúarskóli | 0 | 10 | 3 | 13 | 0 | 2 | 0 | 2 | 15 | 20 | 10,0 |
| Dalbrautarskóli | 0 | 8 | 0 | 8 | 0 | 4 | 0 | 4 | 12 | 15 | 3,8 |
| Öskjuhlíðarskóli | 1 | 31 | 1 | 33 | 0 | 12 | 0 | 12 | 45 | 97 | 8,1 |
| Safamýrarskóli | 0 | 5 | 1 | 6 | 0 | 7 | 0 | 7 | 13 | 28 | 4,0 |
| Samtals | 1 | 54 | 5 | 60 | 0 | 25 | 0 | 25 | 85 | 160 | 6,4 |
| | | | | | | | | | | | |
| Samtals | 7 | 1.277 | 201 | 1.485 | 2 | 972 | 223 | 1.197 | 2.711 | 15.030 | 12,6 |

1) Tölvur frá árinu 1998 og eldri hafa verið afskrifaðar og eru því ekki taldar með í þessu yfirliti.

Mynd 4.14

**Fjöldi nemenda að meðaltali um hverja tölvu í grunnskólum Reykjavíkur 1997-2003**




Tafla 4.24

**Færanlegar kennslustofur sem fluttar voru á árinu**

| Fluttar að eftirtöldum skólum | Fjöldi stofa | Fluttar frá eftirtöldum skólum |
|---|---|---|
| Borgaskóli | 4 | 2 frá Hamraskóla, 2 frá Selásskóla |
| Ingunnarskóli | 8 | 3 frá Klébergsskóla, 2 frá Árbæjarskóla, 3 byggðar úr gömlum gæsluvallarhúsum |
| Ölduselsskóli | 1 | Frá Húsaskóla |
| Breiðholtsskóli | 1 | Frá Hlíðaskóla |

Tafla 4.25

**Næðisstund haustið 2003**

| Skólar | Árgangar sem fá næðisstund | Lengd næðis-stunda |
|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | 1.-4.bekkur | 30 mín |
| Árbæjarskóli | 1.-7.bekkur | 40 mín |
| Álftamýrarskóli | 1.-7.bekkur | 30 mín |
| Ártúnsskóli | 1.-7.bekkur | 30 mín |
| Borgaskóli | 1.-4.bekkur | 20 mín |
| Breiðagerðisskóli | 1.-4.bekkur | 30 mín |
| Breiðholtsskóli | 1.-4.bekkur | 20 mín |
| Engjaskóli | 1.-4.bekkur | 20 mín |
| Fellaskóli | 1.-7.bekkur | 30 mín |
| Foldaskóli | 1.-4.bekkur | 30 mín |
| Fossvogsskóli | 1.-7.bekkur | 20 mín |
| Grandaskóli | 1.-7.bekkur | 20 mín |
| Háteigsskóli | 1.-4.bekkur | 30 mín |
| Hamraskóli | 1.-5.bekkur | 30 mín |
| Hlíðaskóli | 1.-4.bekkur | 20 mín |
| Hólabrekkuskóli | 1.-4.bekkur | 20 mín |
| Húsaskóli | 1.-3.bekkur | 30 mín |
| Hvassaleitisskóli | 1.-4.bekkur | 30 mín |
| Ingunnarskóli | 1.-4.bekkur | 25 mín |
| Klébergsskóli | 1.-7.bekkur | 20 mín |
| Korpuskóli | 1.-4.bekkur | 20 mín |
| Langholtsskóli | 1.-7.bekkur | 25 mín |
| Laugarnesskóli | 1.-6.bekkur | 20 mín |
| Melaskóli | 1.-4.bekkur | 20 mín |
| Rimaskóli | 1.-4.bekkur | 30 mín |
| Selásskóli | 1.-4.bekkur | 30 mín |
| Seljaskóli | 1.-4.bekkur | 20 mín |
| Vesturbæjarskóli | 1.-7.bekkur | 20 mín |
| Víkurskóli | 1.-4.bekkur | 30 mín |
| Vogaskóli | 1.-4.bekkur | 30 mín |
| Ölduselsskóli | 1.-7.bekkur | 20 mín |

Ekki var bætt við tölvukost skólanna á árinu og seinkar því framkvæmd tölvustefnunnar. Á árinu 2003 fór fjöldi nemenda á hverja tölvu ætlaða nemendum upp í 12,7 sem er svipað hlutfall og var árið 2000, en var komin niður í 8,3 árið 2002 (mynd 4.14 og tafla 4.23).

## Hádegisverður og næðisstund

Hratt hefur miðað á undanförnum árum að koma á máltíðum í skólum eftir að hafist var handa við gerð mötuneytiseldhúsa í skólunum. Á árinu var unnið við mötuneytiseldhús í 10 skólum á vegum Fasteignastofu Reykjavíkur.

Haustið 2003 var fullnægjandi eldhús í 22 almennum skóla og hafði fjölgað um 12 frá síðasta ári, þar af þörfnuðust tvö lagfæringar, en vantaði í 12 almenna skóla af 34. Boðið var upp á aðkeyptan mat í 6 almennum skólum og einum sérskóla.

Næðisstund er samverustund umsjónarkennara og nemenda í hádeginu (tafla 4.25).

# 5 Listaskólar og fullorðinsfræðsla

Reykjavíkurborg rak á árinu fjórar skólahljómsveitir og einn tónlistarskóla og veitti reglubundin fjárframlög til 18 tónlistarskóla sem reknir eru af einkaaðilum og eins myndlistarskóla.

Reykjavíkurborg rekur Námsflokka Reykjavíkur.

## Skólahljómsveitir

Skólahljómsveitirnar fjórar starfa í Vesturbæ-Miðbæ, Austurbæ, Árbæ-Breiðholti og Grafarvogi. Meginleiðarljós þeirra er að koma þátttakendum til aukins þroska og auka víðsýni þeirra og rækta listræna hæfileika og efla sköpunargáfu. Starf þeirra skiptist í kennslu á hljóðfæri í einka- eða hóptímum, samæfingar einu sinni í viku eða svo og kennslu í tónfræði. Um 30% nemenda sveitanna eiga þess kost að fara í tíma í skólahljómsveitinni yfir skóladaginn, það er fara úr tímum í grunnskólanum. Allar sveitirnar eru deildarskiptar eftir getu og aldri nemenda og voru þátttakendur í þeim um 400 haustið 2003 (töflur 5.1 og 5.2) og starfsmenn um 35 talsins. Á árinu var stofnuð úrvalssveit úr sveitunum fjórum og kom hún fram í fyrsta sinn á ráðstefnu vísindamanna um vatn í tilefni af ári ferskvatnsins 13. október og flutti kafla úr Vatnasvítu Händels. Sveitirnar tóku allar þátt í Degi lúðrasveitanna í júní og þrjár þeirra, í Vesturbæ-Miðbæ, Árbæ-Breiðholti og Grafarvogi, fóru á landsmót skólalúðrasveita sem að þessu sinni var haldið á Akureyri í júní.

Meginhlutverk skólahljómsveita er að stuðla að aukinni tónlistariðkun, auka félagslegan þroska ungmenna með hljómsveitarstarfi og hljóðfæraleik og styðja við tónlistaruppeldi grunnskólanemenda í samstarfi við grunnskólana, auk þess að jafna tækifæri nemenda til tónlistarnáms. Sveitirnar halda tónleika og koma fram opinberlega með tónlistarflutningi. Á starfsárinu komu skólahljómsveitirnar í Reykjavík fram við fjölmörg tækifæri sem flest tengdust þeirra borgarhluta, meðal annars á vor- og hausthátíðum grunnskólanna, vortónleikum skólahljómsveitanna, jólaskemmtunum grunnskólanna og jólatónleikum skólahljómsveitanna.

Á árinu var gefinn út öðru sinni sérstakur kynningarbæklingur um sveitirnar sem dreift var í maí til allra nemenda í 3. og 4. bekk í grunnskólum borgarinnar. Hljóðfærakynningar voru í nokkrum skólum.

Tafla 5.2
**Skólahljómsveitir í Reykjavík haustið 2003**

| Skólahljómsveit | Stjórnandi/stjórnendur |
|---|---|
| Austurbæjar (Laugarnesi) | Stefán Þ. Stephensen |
| Árbæjar og Breiðholts | Knútur Birgisson og Lilja Valdimarsdóttir |
| Grafarvogs | Jón Hjaltason |
| Vesturbæjar og Miðbæjar | Lárus H. Grímsson |

Tafla 5.1
**Fjöldi nemenda í skólahljómsveitum eftir skólum haustið 2003**

| Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar | Fjöldi |
|---|---|
| Austurbæjarskóli | 23 |
| Grandaskóli | 12 |
| Hagaskóli | 10 |
| Melaskóli | 48 |
| Vesturbæjarskóli | 12 |
| Annað | 8 |
| Samtals | 113 |
| **Skólahljómsveit Grafarvogs** | **Fjöldi** |
| Borgaskóli | 5 |
| Engjaskóli | 10 |
| Foldaskóli | 29 |
| Hamraskóli | 9 |
| Húsaskóli | 18 |
| Korpuskóli | 9 |
| Rimaskóli | 14 |
| Seljaskóli | 1 |
| Annað | 3 |
| Samtals | 98 |
| **Skólahljómsveit Austurbæjar** | **Fjöldi** |
| Álftamýrarskóli | 4 |
| Árbæjarskóli | 1 |
| Breiðagerðisskóli | 30 |
| Engjaskóli | 1 |
| Fossvogsskóli | 2 |
| Háteigsskóli | 3 |
| Hlíðaskóli | 1 |
| Ísaksskóli | 1 |
| Landakotsskóli | 2 |
| Langholtsskóli | 12 |
| Laugalækjarskóli | 8 |
| Laugarnesskóli | 26 |
| Réttarholtsskóli | 5 |
| Rimaskóli | 2 |
| Vogaskóli | 3 |
| Samtals | 101 |
| **Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts** | **Fjöldi** |
| Árbæjarskóli | 17 |
| Ártúnsskóli | 1 |
| Breiðholtsskóli | 37 |
| Fellaskóli | 18 |
| Fossvogsskóli | 1 |
| Hólabrekkuskóli | 5 |
| Langholtsskóli | 1 |
| Selásskóli | 3 |
| Seljaskóli | 5 |
| Ölduselsskóli | 5 |
| Annað | 1 |
| **Samtals** | **94** |
| Heildarfjöldi í skólahljómsveitum: | 406 |

Mynd 5.1
**Fjárframlög borgarinnar til tónlistarskóla í Reykjavík 2003**






# Tónlistar- og myndlistarskólar

Reykjavíkurborg rak á árinu einn tónlistarskóla, Tónlistarskólann á Klébergi á Kjalarnesi. Alls hlutu 18 tónlistarskólar í Reykjavík sem reknir eru af einkaaðilum föst rekstrarframlög frá borginni á árinu, þar af bættust fjórir við haustið 2003. Fjárframlög borgarinnar til tónlistarskóla voru um 551 millj. kr. á árinu 2003 og voru framlög til einstakra skóla fyrir heilt ár frá um 5 millj. kr. upp í 100 millj. kr. Nemendur skólanna voru um 2.850 haustið 2003 á öllum aldri og nutu þar af um 2.600 nemendur styrkja frá Reykjavíkurborg. Nemendafjöldi einstakra skóla er frá um 50 nemendum í þremur skólum og upp í um 580 nemendur í þeim stærsta. Tónlistarskólar starfa eftir námskrá um tónlistarkennslu sem gefin er út af menntamálaráðuneytinu. Langflestir nemendur tónlistarskólanna stunda for- og grunnnám eða um 2.200 (mynd 5.1 og tafla 5.3).

Unnið var að því að koma tillögum um tónlistarskóla sem samþykktar voru í fræðsluráði í upphafi ársins í framkvæmd (sjá kafla 1 um fræðsluráð). Reglur hafa verið settar um styrkumsóknir tónlistarskóla til Reykjavíkurborgar en þar er meðal annars kveðið á um að skólarnir geri sér reglugerð sbr. lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, geri grein fyrir ábyrgð á fjármálum og fjárhagsáætlun, hafi skólanefnd og geri ráðningarsamninga við starfsmenn, auk þess sem fjallað er um fjölda nemenda og menntun skólastjóra. Þjónustusamningar til eins árs voru gerðir á árinu við tónlistarskólana og skráður vinnuferill við gerð þjónustusamninga. Hætt var að greiða framlög með nemendum með lögheimili utan Reykjavíkur (voru um 270 haustið 2003, en 60 reykvískir nemendur í tónlistarskólum í öðrum sveitarfélögum). Undirbúin var nemendaskrá tónlistarskóla á Fræðslumiðstöð. Á Fræðslumiðstöð hefur starfað starfsmaður vegna tónlistarskóla, tónmenntar í grunnskólum og skólahljómsveita frá 1. ágúst 2002.

Fræðsluráð styrkti Myndlistarskólann í Reykjavík um 10 millj. kr. á árinu.



Tafla 5.3

**Tónlistarskólar, nemendafjöldi, aldursskipting og fjárframlög 2003**

| Tónlistarskóli | Skólastjóri | Fjárveiting frá Reykjavíkurborg árið 2003 | | | Heildarfjöldi nemenda haustið 2003[1] | | Fjöldi nemenda eftir stigi | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Heildar í þús. kr. | Haust í þús. kr. | Vor í þús. kr. | | | For-nám | Grunn-nám | Mið-nám | Fram-halds-nám | Há-skóla-nám |
| Allegro suzukitónlistarskólinn | Kristinn Örn Kristinsson | 5.119.852 | 2.776.667 | 2.343.185 | 51 | (50) | | 46 | 5 | | |
| Domus Vox[2] | Margrét Pálmadóttir | 2.261.667 | 2.261.667 | 0 | 76 | (50) | 48 | 16 | 12 | | |
| Gítarskóli Íslands[2] | Torfi Ólafsson | 2.507.083 | 2.507.083 | 0 | 151 | (50) | | 151 | | | |
| Nýi söngskólinn Hjartansmál | Guðbjörg Sigurjónsdóttir | 13.345.966 | 5.823.000 | 7.522.966 | 72 | (72) | 9 | 32 | 16 | 11 | 4 |
| Nýi tónlistarskólinn | Sigrún Björnsdóttir | 54.631.468 | 13.666.667 | 40.964.801 | 177 | (177) | 11 | 107 | 32 | 15 | 12 |
| Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík | Mary Anna Campell | 26.518.701 | 7.532.000 | 18.986.701 | 130 | (133) | | 107 | 23 | | |
| Söngskólinn í Reykjavík | Garðar Cortes | 58.345.135 | 16.403.667 | 41.941.468 | 137 | (137) | | 65 | 25 | 30 | 17 |
| Tónlistarskóli Árbæjar | Stefán. S Stefánsson | 11.001.065 | 3.871.667 | 7.129.398 | 83 | (83) | | 83 | | | |
| Tónlistarskóli FÍH | Björn Th. Árnason | 41.995.774 | 13.347.000 | 28.648.774 | 200 | (187) | | 112 | 50 | 31 | 7 |
| Tónlistarskólinn á Klébergi | Sigþór Magnússon | 5.228.541 | 2.178.559 | 3.049.982 | 91 | (91) | 57 | 34 | | | |
| Tónlistarskólinn í Grafarvogi | Sigríður Árnadóttir | 28.020.406 | 9.217.667 | 18.802.739 | 177 | (173) | 31 | 110 | 28 | 8 | |
| Tónlistarskólinn í Reykjavík | Kjartan Óskarsson | 87.845.371 | 21.342.000 | 66.503.371 | 164 | (164) | | 53 | 42 | 49 | 20 |
| Tónmenntaskóli Reykjavíkur | Stefán Edelstein | 63.339.964 | 16.949.333 | 46.390.631 | 250 | (250) | 28 | 171 | 50 | 1 | |
| Tónskóli Eddu Borg | Edda Borg Ólafsdóttir | 21.731.473 | 6.980.000 | 14.751.473 | 164 | (163) | 35 | 121 | 8 | | |
| Tónskóli grunnsk. í Grafarvogi | Jón Hjaltason | 6.760.252 | 2.184.667 | 4.575.585 | 51 | (50) | 18 | 33 | | | |
| Tónskóli Hörpunnar[2] | Kjartan Eggertsson | 2.592.812 | 2.592.812 | 0 | 110 | (50) | | 109 | 1 | | |
| Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar | Sigursveinn K. Magnússon | 100.371.619 | 31.493.000 | 68.878.619 | 578 | (558) | 94 | 358 | 73 | 42 | 11 |
| Tónskólinn Do Re Mí | Vilberg Viggósson | 17.475.092 | 5.389.669 | 12.085.423 | 141 | (102) | 44 | 75 | 22 | | |
| Tónstofa Valgerðar[2] | Valgerður Jónsdóttir | 2.005.667 | 2.005.667 | | 45 | (45) | | 45 | | | |
| **Samtals:** | | **551.097.908** | **168.522.792** | **382.575.116** | **2.848** | **(2.582)** | **375** | **1.828** | **387** | **187** | **71** |

1) Innan sviga er nemendafjöldi sem nýtur styrks frá Reykjavíkurborg í viðkomandi skóla.

2) Skólar sem fengu fyrst fast framlag á haustönn 2003.

Tafla 5.4
**Skipting nemenda í Námsflokkum Reykjavíkur eftir námssviðum árið 2003**

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Frístundanám | 500 | 13% |
| Íslenska fyrir útlendinga | 1.800 | 47% |
| Prófanám | 370 | 10% |
| Samstarfsverkefni | 1.120 | 30% |
| **Samtals** | **3.790** | **100%** |

# Námsflokkar Reykjavíkur

Leiðarljós Námsflokka Reykjavíkur er: Svo lengi lærir sem lifir.

Markmið Námsflokka Reykjavíkur eru:

- að veita fólki tækifæri til að bæta menntun sína, jafnt almenna sem sértæka
- að styðja þá sem borið hafa skarðan hlut frá borði í skólanámi til að vinna upp það sem þeir hafa misst af, þar með talin aukin grunnmenntun og bætt félagsleg staða

Starfsemi Námsflokka Reykjavíkur skiptist í fjögur meginsvið:

a) almennt frístundanám, bæði bóklegt og verklegt,

b) íslensku fyrir útlendinga,

c) prófanám á grunnskóla- og framhaldsskólastigi og sérkennslu

d) ýmiss konar samstarfsverkefni við aðra aðila, svo sem námskeið fyrir atvinnulausa, vinnumarkaðsnám fyrir ófaglært starfsfólk í umönnunarstörfum og sumarskólinn sem er fyrir útlendinga.

## Nemendur og starfsmenn

Fjöldi nemenda sem sóttu Námsflokkana á árinu voru samtals tæplega 4.000 (tafla 5.4). Þeir voru á öllum aldri og úr öllum stéttum þjóðfélagsins. Um 76% nemenda voru búsettir í Reykjavík.

Auk forstöðumanns voru þrír fastráðnir stafsmenn á skrifstofu Námsflokkanna. Kennarar sem kenndu að staðaldri við Námsflokkana voru 10 talsins, en auk þeirra tók fjöldi sérfræðinga að sér tímabundna kennslu.

Höfuðstöðvar Námsflokkanna eru í Miðbæjarskólanum en kennsla fór einnig fram í Mjódd og á Laufásvegi 1. Sumarskóli fyrir nýbúa var í Austurbæjarskóla, auk þess sem haldin voru námskeið á vinnustöðum.

# 6 Verðlaun og styrkir

Fræðsluráð Reykjavíkur veitti á árinu hvatningarverðlaun til skóla, nemendaverðlaun til einstakra nemenda, umgengnisverðlaun til skóla og barnabókaverðlaun til höfundar og þýðanda. Fræðsluráð úthlutar árlega almennum styrkjum og styrkjum úr Þróunarsjóði grunnskóla Reykjavíkur. Grunnskólar Reykjavíkur fá einnig styrki úr Þróunarsjóði grunnskóla í menntamálaráðuneytinu og úr Verkefna- og námsstyrkjasjóði á vegum Kennarasambands Íslands.



## Hvatningarverðlaun

Á árinu veitti fræðsluráð Reykjavíkur í fyrsta sinn hvatningarverðlaun til skóla, sem veitt voru 16. febrúar í Ráðhúsi Reykjavíkur í tengslum við sýningu á nýbreytniverkefnum grunnskóla Reykjavíkur. Markmið verðlaunanna er að veita grunnskólum í Reykjavík jákvæða hvatningu í starfi, vekja athygli á því gróskumikla starfi sem fram fer í grunnskólum Reykjavíkur og stuðla að nýbreytni- og þróunarstarfi í grunnskólum Reykjavíkur. Auglýst var eftir tilnefningum sem berast áttu á þar til gerðum eyðublöðum. Foreldar, kennarar, skólar, Fræðslumiðstöð og aðrar borgarstofnanir geta tilnefnt verkefni. Dómnefnd var skipuð af fræðsluráði til að fara yfir tilnefningar og velja verðlaunahafa. Í viðmiðum vegna úthlutar segir meðal annars að verkefnið þurfi að falla að markmiðum sem sett eru hverju sinni í Reykjavík, fela í sér umbætur á skólastarfi og rökstutt sé í hverju nýbreytnin sé fólgin, lýsing þarf að vera á markmiði, skipulagi, framkvæmd og mati og verkefnið þarf að vera öðrum hvatning til eftirbreytni.

Alls bárust 53 tilnefningar um 41 verkefni (nokkur verkefni fengu fleiri en eina tilnefningu). Sex skólar hlutu verðlaun sem fólust í viðurkenningarskjali, en þrír þeirra hlutu einnig verðlaunagrip sem var leirlistarverk eftir Steinunni Marteinsdóttur, leirlistarkonu, og bar heitið „Allir synda vel“ (tafla 6.1).

Tafla 6.1
**Hvatningarverðlaun fræðsluráðs árið 2003**

| Skóli | Verkefni | Markmið verkefnis | |
|---|---|---|---|
| Laugarnesskóli | Smíðavöllur á lóð skólans | Markmið verkefnisins er að auka fjölbreytni í leikjum á skólalóð. Komið er til móts við athafnaþrá nemenda/drengja og sköpunargleði og þeir virkjaðir til verka á jákvæðan hátt. | Verðlaun |
| Vogaskóli | Ábyrgð nemenda | Markviss vinna að því að auka ábyrgð nemenda á eigin námi og umgengni í skóla eftir fjölþættum leiðum með það að markmiði að auka námsárangur og metnað og bæta líðan í skóla. Nemendur setja sér einstaklingsmiðuð markmið og meta sjálfir vinnu sína, foreldrar meta vinnu barna sinna og kennarar vinnu nemenda. | Verðlaun |
| Ölduselsskóli | Breyttir kennsluhættir. Í átt að einstaklingsmiðuðu námi | Meginmarkmið verkefnisins er að bæta námsárangur og aðlaga kennsluna að námi í skóla sem vinnur samkvæmt kenningum um skóla án aðgreiningar. Unnið er með árganginn sem heild. Verkefnið tekur til útfærslu á allri bóklegri kennslu nema náttúrufræði í 6. og 7. bekk. | Verðlaun |
| Breiðholtsskóli | Fjölmenningarvefur Breiðholtsskóla | Verkefnið kynnir menningarsvæði og upprunalönd nemenda af erlendum uppruna og samþættir við notkun upplýsingatækni í námi. Vefnum er ætlað að byggja brú milli menningarheima. Hér er um að ræða metnaðarfullt verkefni og frumkvöðulsstarf sem nýtist bæði í viðkomandi skóla og öðrum. | Viðurkenning |
| Fellaskóli | Kynslóðir saman í Breiðholti | Tengsl grenndarsamfélags og skóla. Verkefnið hefur verið í gangi í nokkur ár. Samstarf og samskipti nemenda úr Fellaskóla við eldri borgara í Gerðubergi hafa gengið sérstaklega vel og nemendur verið til fyrirmyndar. | Viðurkenning |
| Laugalækjarskóli | Framfaramöppur í tungumálanámi á unglingastigi | Skref í átt að einstaklingsmiðuðu námi á unglingastigi. Nemendur skrásetja vinnu sína og framfarir með því að safna efni í framfaramöppu og leggja sjálfir mat á vinnu sína og rökstyðja fyrir kennara og foreldrum. Skrá einnig í leiðarbók í lok hverrar kennslustundar. | Viðurkenning |

## Nemendaverðlaun

Á árinu veitti fræðsluráð einnig í fyrsta sinn nemendaverðlaun til 9 nemenda sem afhent voru í Ráðhúsinu á 17. júní.



Tafla 6.2
**Almennir styrkir 2003**

| Styrkhafi | Fjárhæð |
|---|---|
| Afmæli skóla | 450.000 |
| Fjölbrautaskólinn í Breiðholti (Stærðfræðikeppni grunnskólanema í Breiðholti í 8.-10. bekk) | 200.000 |
| Foreldrafélag Fellaskóla (Átak til eflingar starfsemi foreldrafélagsins) | 70.000 |
| Íþróttafélag fatlaðra (Þjónustusamningur) | 609.000 |
| Krabbameinsfélag Reykjavíkur (Fræðslu- og forvarnarstarf) | 500.000 |
| Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (Brunavarnarátak fyrir nemendur í 3. bekk grunnskóla) | 450.000 |
| Leikhús (Leikhúsmessa) | 200.000 |
| Manneldisráð Íslands (Handbók um framleiðslu matar í skólamötuneytum) | 450.000 |
| Myndlistaskólinn í Reykjavík (Rekstrarstyrkur) | 10.000.000 |
| Nema ehf. (Þróun og gerð NemaCode stoðtækis við túlkun og úrvinnslu áhugasviðsgreiningar) | 800.000 |
| Rannveig Lund og Ásta Lárusdóttir (Til útgáfu hópprófs (Greinandi ritmálsprófs) fyrir 14 ára unglinga ) | 250.000 |
| SAMFOK (Þjónustusamningur) | 2.262.000 |
| Samtökin 78 (Til að afhenda eintök af kvikmyndinni: Hrein og bein sem sýna á í skólum og félagsmiðstöðvum ásamt fyrirlestrum tengdum efninu ) | 250.000 |
| Skák/atburðir/hvatningaverðlaun (Styrkir og verðlaun) | 1.000.000 |
| Tónstofa Valgerðar (Þjónustusamningur)[1)] | 2.536.000 |
| Ungmennafélag Íslands (Leikjakennsla og átak í grunnskólum) | 500.000 |
| **Samtals** | **20.527.000** |

1) Vegna vorannar 2003. Sjá töflu 5.3 vegna haustannar

Markmið þeirra er að hvetja nemendur til að leggja sig enn betur fram til að skara fram úr í námi, í félagsstarfi eða í skapandi starfi. Í viðmiðum vegna verðlaunanna er meðal annars fjallað um góðan námsárangur, framfarir í námi, virkni í félagsstarfi og félagslega færni, frábæra frammistöðu í íþróttum og listum, listsköpun og tjáningu í skólastarfi, nýsköpun og hönnun. Ýmsir aðilar geta tilnefnt nemendur til verðlaunanna og komu tilnefningar að þessu sinni frá 9 skólum, en markmiðið er að veita þau einum nemanda úr hverjum skóla.

## Umgengnisverðlaun

Fræðsluráð veitti 6 skólum viðurkenningu fyrir bætta umgengni samkvæmt tillögum frá nefnd um bætta umgengni í grunnskólum Reykjavíkur. Þeir voru Álftamýrarskóli, Borgaskóli, Hólabrekkuskóli, Grandaskóli, Korpuskóli og Vogaskóli. Verðlaunin voru að þessu sinni afhent í Ráðhúsinu 26. ágúst.

## Barnabókaverðlaun

Barnabókaverðlaun fræðsluráðs Reykjavíkur voru veitt á árinu í 31. sinn og fór athöfnin fram í Höfða 22. apríl. Tilgangurinn með verðlaununum er að örva metnaðarfullar ritsmíðar og þýðingar fyrir börn og unglinga og vekja athygli á því sem vel er gert á þeim vettvangi. Verðlaun fyrir bestu frumsömdu bókina hlaut Kristín Steinsdóttir fyrir bókina „Engill í Vesturbænum“ sem gefin var út af Eddu útgáfu hf. Verðlaun fyrir bestu þýðinguna hlutu Sigfríður Björnsdóttir og Ragnheiður Erla Rósarsdóttir fyrir þýðingu sína á bókinni „Milljón holur“ eftir Louis Sachar, útgefandi Mál og menning. Alls bárust úThlutunarnefnd 53 barna- og unglingabækur sem komu út á árinu 2002. Úthlutunarnefnd skipuðu Katrín Jakobsdóttir, formaður, Hanna Birna Kristjánsdóttir og Eiríkur Brynjólfsson.

## Almennir styrkir

Fræðsluráð veitti á árinu styrki að upphæð alls 38,5 millj. kr. Svonefndir almennir styrkir voru þar af tæplega 21 millj. kr. vegna 16 verkefna sem ætluð eru til að efla skólastarf á fjölmörgum sviðum, svo sem með stærðfræðikeppni, forvarnarstarfi, handbók fyrir starfsfólk mötuneyta, greinandi prófi og dreifingu myndbands á skólasöfn um lesblindu, auk rekstrarstyrks til Myndlistarskólans í Reykjavík og þjónustusamninga við Tónstofu Valgerðar, Íþróttafélag fatlaðra og SAMFOK. Alls bárust 37 umsóknir um almenna styrki (tafla 6.2).

## Styrkir úr Þróunarsjóði grunnskóla Reykjavíkur

Styrkir úr Þróunarsjóði grunnskóla Reykjavíkur voru að upphæð samtals 17,5 millj. kr. og voru veittir til 28 verk-



efna, þar af 10 móðurskóla og 18 nýbreytniverkefna. Alls bárust 45 umsóknir um styrki úr sjóðnum. Starfsmenn Fræðslumiðstöðvar eru tengiliðir við styrkþega úr þróunarsjóði. Þeir fylgjast með framvindu verkefna og aðstoða við kynningu á þeim (tafla 6.3).

## Styrkir frá öðrum aðilum

Menntamálaráðuneytið veitti styrki úr Þróunarsjóði grunnskóla til 19 verkefna í grunnskólum landsins árið 2003 að upphæð samtals 12,2 millj. kr. (33 umsóknir bárust). Á árinu var lögð áhersla á menntun tvítyngdra, fjölmenningarlega kennslu og læsi. Alls hlutu reykvískir skólar eða kennarar styrki úr sjóðnum til 7 verkefna að upphæð 2,8 millj. kr. eða um 23% af þeirri fjárupphæð sem úthlutað var (tafla 6.4).

Á árinu lagði Reykjavíkurborg 1,72% af dagvinnulaunum kennara í Verkefna- og námsstyrkjasjóð Kennarasambands Íslands í samræmi við kjarasamninga. Sjóðurinn úthlutar annars vegar styrkjum til þróunarverkefna og hins vegar til símenntunar kennara. Sjóðurinn úthlutaði á árinu 2003 þróunarstyrkjum til 19 verkefna að upphæð 9,2 millj. kr. og komu fjórir styrkir í hlut skóla eða kennara í Reykjavík að upphæð um 2 millj. kr. eða 22% af heildarupphæðinni (tafla 6.5).

Tafla 6.3
**Styrkveitingar úr Þróunarsjóði grunnskóla Reykjavíkur 2003**

| Skóli | Verkefni | Fjárhæð |
|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | Móðurskóli í fjölmenningarlegum kennsluháttum 2. ár | 900.000 |
| Álftamýrarskóli | Móðurskóli í tungumálakennslu 3. ár | 900.000 |
| Álftamýrarskóli | Þróunarverkefni í heimilisfræðum | 400.000 |
| Álftamýrarskóli | Þróunarverkefni í hönnun og smíði | 300.000 |
| Árbæjarskóli | Breytt skipulag - Bætt nám - Betri líðan | 700.000 |
| Breiðagerðisskóli | Móðurskóli í þróun kennsluhátta 2. ár | 900.000 |
| Breiðholtsskóli | Fjölmenningarvefur Breiðholtsskóla: http://breidholtsskoli.ismennt.is/fjolmenning | 500.000 |
| Fellaskóli | Þróunarverkefni í list- og verkgreinum | 700.000 |
| Fellaskóli | Skref í rétta átt | 400.000 |
| Foldaskóli | Móðurskóli í nýsköpun 5. ár | 600.000 |
| Hagaskóli | Lestrar- og stafsetningarnámskeið fyrir lesblinda nema í 8. - 10. bekk í fjarkennslu (þ.e. námskeiðið fer fram með tölvukennslu) | 500.000 |
| Hamraskóli | Móðurskóli: Að brúa bilið. Samstarf Hamraskóla og Klettaborgar 1. ár | 800.000 |
| Háteigsskóli | Móðurskóli í leikrænni tjáningu/leiklist í skólastarfi 1. ár | 900.000 |
| Hlíðaskóli | Móðurskóli list- og verkgreina 1. ár | 900.000 |
| Hólabrekkuskóli | Einstaklingsmiðaðir kennsluhættir | 700.000 |
| Hvassaleitisskóli | Leikni (Auka leikni nemandans til sjálfstýringar í námi) | 400.000 |
| Ingunnarskóli | Þróunarverkefni í list- og verkgreinum (með áherslu á samþættingu listgreina við aðrar námsgreinar) | 400.000 |
| Klébergsskóli | Þróunarverkefni í breyttum starfsháttum : Nemendamótað skólastarf | 600.000 |
| Korpuskóli | Móðurskóli í þróun kennsluhátta 2. ár | 900.000 |
| Langholtsskóli | Gagnasmiðja - Nýmiðlun í skólastarfi | 400.000 |
| Langholtsskóli | Stærðfræði strax | 400.000 |
| Laugalækjarskóli | Framfaramöppur í öllum námsgreinum í Laugalækjarskóla | 700.000 |
| Laugarnesskóli | Aukin tengsl list- og verkgreina við bekkjarstarf | 600.000 |
| Melaskóli | Móðurskóli í náttúrufræði /tækni og vísindakennslu 5. ár | 600.000 |
| Selásskóli | Selásskóli móðurskóli í náttúrufræði - með áherslu á umhverfismál 5. ár | 600.000 |
| Víkurskóli | Sveigjanlegir kennsluhættir | 500.000 |
| Vogaskóli | Einstaklingsmiðað nám - á grunni kenninga um „Professional learning community“ (PLC) eða skóla sem lærir | 700.000 |
| Ölduselsskóli | Breyttir kennsluhættir í 5. - 7. bekkjum, í átt að einstaklingsmiðuðu námi | 600.000 |
| **Samtals** | | **17.500.000** |



Í kafla um starfsmenn grunnskóla, bls. 37-39, er sagt frá styrkveitingum fræðsluráðs vegna framhaldsnáms kennara, styrkjum úr þeim hluta Verkefna- og námsstyrkjasjóðs K.Í. sem ætlaður er í námsleyfi kennara, styrkjum úr námsleyfasjóði sem er í vörslu Sambands íslenskra sveitarfélaga og styrkjum úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla sem er í höndum menntamálaráðuneytisins samkvæmt ákvæði í grunnskólalögum frá 1995.

Tafla 6.4

**Styrkir úr Þróunarsjóði grunnskóla í menntamálaráðuneytinu sem komu í hlut skóla/kennara í Reykjavík skólaárið 2003-2004**

| Styrkþegi | Heiti | Úthlutun |
|---|---|---|
| **Menntun tvítyngdra nemenda - fjölmenningarleg kennsla** | | |
| Austurbæjarskóli | Austurbæjarskóli  fjölmenningarlegur skóli | 400.000 |
| Breiðagerðisskóli | Algengustu skilaboð frá skóla til erlendra foreldra | 400.000 |
| Breiðholtsskóli | Þróun námsefnis í íslensku sem annað tungumál fyrir nemendur í móttökudeildum | 400.000 |
| **Læsi til menntunar** | | |
| Ártúnsskóli | Dregið úr fötlun með notkun fartölvu | 300.000 |
| Hólabrekkuskóli | Læsi til skilnings | 400.000 |
| **Almenn þróunarverkefni** | | |
| Klébergsskóli | Nemendamótað skólastarf | 500.000 |
| Laugalækjarskóli | European Language Portfolio | 350.000 |
| **Samtals** | | **2.750.000** |



Tafla 6.5

**Styrkir til kennara í grunnskólum Reykjavíkur úr *Verkefna- og námsstyrkjasjóði KÍ* til rannsókna og þróunarverkefna 2003.**

| Styrkþegar | | Fjárhæð |
|---|---|---|
| Anna Guðrún Júlíusdóttir, Breiðholtsskóla | Fjölmenningarvefur Breiðholtsskóla | 300.000 |
| Kennarar Breiðholtsskóla | Skilgreind skráning. Leið til skilvirkari hegðunargreiningar | 452.900 |
| Kennarar Korpuskóla | Heildstætt tölvukennsluefni fyrir nemendur í 1.  8. bekk | 341.280 |
| Kennarar Melaskóla | Nýbreytni í kennsluháttum í stærðfræði | 948.000 |
| **Samtals** | | **2.042.180** |

# 7 Ársreikningur fræðslumála í Reykjavík 2003

Rekstrarniðurstaða málaflokksins í lok árs 2003 var um 10,4 milljarðar kr., en fjárhagsáætlun hljóðaði upp á 10,2 milljarða kr. Halli varð því á rekstri upp á um 200 milljónir kr. Eiginfjárstaða málaflokksins er þó enn jákvæð, en hefur rýrnað verulega. Eign málaflokksins á yfirfærslureikningi var um 145 milljónir kr. í árslok.

Í fjárhagsáætlun ársins 2003 var gert ráð fyrir 1,5% hagræðingarkröfu eða sem nemur ríflega 130 milljónum kr. Niðurskurðinum var mætt með ýmsu móti, svo sem breytingu á styrkjum til tónlistarskóla (hætt var að greiða með nemendum úr öðrum sveitarfélögum), lækkun á styrkjaliðum, flötum niðurskurði og með því að nýta sparnað frá fyrri árum.

Rekstrarniðurstaða málaflokksins stefndi í að verða í samræmi við áætlun árið 2003, en í upphafi árs 2004 kom í ljós að forsendur Ráðhússins fyrir útreikningi launatengdra gjalda í launakerfinu voru rangar. Vegna ársins 2003 voru af þeim sökum vangreiddar um 75 milljónir kr., sem voru færðar á málaflokkinn þegar mistökin komu í ljós. Málaflokkurinn bar þennan kostnað þrátt fyrir að í ljós kæmi að ekki hafði verið gert ráð fyrir þessum greiðslum í forsendum fjárhagsáætlunar. Einnig bar málaflokkurinn 55 milljóna kr. styrk til Ísaksskóla vegna rekstrarerfiðleika skólans, auk um 14 milljóna kr. niðurfellingu á skuld skólans við málaflokkinn. Ekkert af þessu var bætt í fjárhagsáætlun.



Afkoma var mjög misjöfn hjá einstökum rekstrareiningum málaflokksins og voru 9 skólar reknir með afgangi, en 29 með halla. Það er talsverður viðsnúningur frá fyrra ári, en þá voru flestir skólarnir reknir með afgangi. Af þeim 29 skólum sem voru með halla, átti 21 skóli afgang frá fyrra ári sem þeir nýttu á móti hallarekstrinum. Um 6 skólar geta talist eiga við fjárhagsvanda að etja og er verið að vinna að lausn þar á. Að auki eiga Námsflokkar Reykjavíkur í fjárhagserfiðleikum, en þeir hafa verið reknir með talsverðum halla undanfarið (tafla 7.2).

Á árinu var skólunum í þriðja sinn gert að skila rekstraráætlunum í upphafi ársins. Skiluðu allir skólarnir rekstraráætlun að þessu sinni. Í rekstraráætl-

Tafla 7.1
**Lykiltölur fjármála**

| | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2003[1)] |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög til fræðslumála á íbúa[2)] | 41.961 | 46.390 | 51.086 | 58.384 | 69.059 | 74.950 | 89.992 |
| Rekstrarframlög á nemanda í almennum grunnskólum[3)] | 250.900 | 281.500 | 314.200 | 370.000 | 430.000 | 465.000 | 580.000 |
| Rekstrarframlög á nemanda í sérskólum | 1.849.429 | 2.015.915 | 2.102.000 | 2.289.000 | 2.679.000 | 3.031.000 | |
| Rekstrarframlög á nemanda í einkaskólum | 120.000 | 160.000 | 174.000 | 218.500 | 228.000 | 302.910 | |
| Rekstrarframlög á barn í skólahljómsveit | 119.503 | 124.286 | 158.264 | 155.900 | 133.900 | 189.000 | |

1) Með innri leigu

2) Miðað er við áætlaðan íbúafjölda 1. des. ár hvert

3) Án þyngri sérúrræða og viðhalds húsnæðis

Tafla 7.2

## Ársreikningur fræðslumála í Reykjavík 2003

| Rekstrareining | | Rekstrarniðurstaða ársins 2003 | | | | | | Fjárhagsáætlun | Reikningur 2002 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Laun | Önnur gjöld | Búnaður | Samtals | Tekjur | Mismunur | | (í þús.kr.) |
| **Yfirstjórn** | | | | | | | | | |
| M1001 | Fræðsluráð | 6.024.717 | 1.440.836 | 0 | 7.465.553 | 0 | 7.465.553 | 7.190.000 | 7.912 |
| M1002 | Fræðslumiðstöð | 152.786.618 | 38.610.080 | 4.903.117 | 196.299.815 | -4.910.428 | 191.389.387 | 189.824.679 | 177.203 |
| | Yfirstjórn samtals: | 158.811.335 | 40.050.916 | 4.903.117 | 203.765.368 | -4.910.428 | 198.854.940 | 197.014.679 | 185.115 |
| **Grunnskólar** | | | | | | | | | |
| M2101 | Vesturbæjarskóli | 129.842.075 | 61.981.514 | 682.452 | 192.506.041 | -5.511.732 | 186.994.309 | 184.612.200 | 134.688 |
| M2102 | Grandaskóli | 162.367.448 | 78.943.710 | 1.235.217 | 242.546.375 | -19.353.744 | 223.192.631 | 219.916.894 | 175.262 |
| M2103 | Melaskóli | 256.131.504 | 88.708.277 | 2.743.289 | 347.583.070 | -20.809.767 | 326.773.303 | 312.195.799 | 265.650 |
| M2104 | Hagaskóli | 193.757.984 | 83.852.947 | 5.009.718 | 282.620.649 | -6.641.005 | 275.979.644 | 274.166.690 | 218.190 |
| M2105 | Austurbæjarskóli | 274.701.211 | 95.240.012 | 1.747.229 | 371.688.452 | -15.570.077 | 356.118.375 | 351.204.262 | 276.384 |
| M2106 | Hlíðaskóli | 309.627.049 | 115.605.610 | 1.028.531 | 426.261.190 | -21.309.458 | 404.951.732 | 391.335.179 | 252.070 |
| M2107 | Háteigsskóli | 171.940.210 | 73.472.323 | 2.639.841 | 248.052.374 | -15.646.422 | 232.405.952 | 222.371.535 | 176.149 |
| M2120 | Álftamýrarskóli | 186.556.526 | 77.307.197 | 1.084.927 | 264.948.650 | -23.767.748 | 241.180.902 | 242.834.260 | 192.106 |
| M2121 | Hvassaleitisskóli | 140.432.307 | 65.825.483 | 3.310.121 | 209.567.911 | -14.103.432 | 195.464.479 | 195.351.441 | 151.711 |
| M2122 | Breiðagerðisskóli | 186.711.932 | 63.126.017 | 644.338 | 250.482.287 | -21.075.975 | 229.406.312 | 221.104.115 | 180.422 |
| M2123 | Réttarholtsskóli | 156.690.602 | 68.313.096 | 2.719.608 | 227.723.306 | -8.493.845 | 219.229.461 | 217.661.778 | 170.236 |
| M2124 | Fossvogsskóli | 157.032.867 | 59.486.816 | 1.175.771 | 217.695.454 | -19.105.467 | 198.589.987 | 193.071.401 | 157.576 |
| M2125 | Vogaskóli | 161.347.111 | 55.157.432 | 1.509.698 | 218.014.241 | -11.081.366 | 206.932.875 | 206.362.092 | 167.100 |
| M2126 | Langholtsskóli | 225.947.295 | 91.579.847 | 7.147.042 | 324.674.184 | -13.525.611 | 311.148.573 | 299.154.042 | 225.801 |
| M2127 | Laugalækjarskóli | 116.546.226 | 60.654.741 | 6.591.462 | 183.792.429 | -2.995.602 | 180.796.827 | 175.410.303 | 92.099 |
| M2128 | Laugarnesskóli | 189.070.202 | 61.411.646 | 1.940.660 | 252.422.508 | -17.959.121 | 234.463.387 | 226.137.484 | 215.777 |
| M2140 | Breiðholtsskóli | 285.328.134 | 116.004.092 | 3.512.531 | 404.844.757 | -39.108.092 | 365.736.665 | 361.278.965 | 284.989 |
| M2141 | Ölduselsskóli | 256.204.486 | 87.766.012 | 2.223.068 | 346.193.566 | -12.491.939 | 333.701.627 | 326.736.594 | 265.639 |
| M2142 | Seljaskóli | 261.322.495 | 97.513.969 | 3.833.030 | 362.669.494 | -7.008.912 | 355.660.582 | 347.497.377 | 271.650 |
| M2143 | Fellaskóli | 235.889.380 | 112.664.294 | 1.089.252 | 349.642.926 | -22.526.230 | 327.116.696 | 337.151.151 | 256.617 |
| M2144 | Hólabrekkuskóli | 229.744.130 | 113.226.018 | 4.581.257 | 347.551.405 | -19.345.021 | 328.206.384 | 319.013.363 | 246.943 |
| M2145 | Selásskóli | 183.524.161 | 77.404.283 | 286.687 | 261.215.131 | -17.418.751 | 243.796.380 | 228.362.449 | 189.935 |
| M2146 | Árbæjarskóli | 313.505.023 | 125.466.960 | 7.306.609 | 446.278.592 | -15.427.435 | 430.851.157 | 427.875.083 | 332.569 |
| M2147 | Ártúnsskóli | 105.031.557 | 43.569.181 | 605.348 | 149.206.086 | -15.546.512 | 133.659.574 | 139.499.994 | 101.544 |
| M2160 | Foldaskóli | 248.801.434 | 105.202.841 | 7.841.628 | 361.845.903 | -16.877.541 | 344.968.362 | 341.540.619 | 267.569 |
| M2161 | Húsaskóli | 172.651.754 | 80.576.880 | 3.375.361 | 256.603.995 | -4.679.471 | 251.924.524 | 252.187.109 | 192.617 |
| M2162 | Engjaskóli | 181.754.588 | 86.286.075 | 5.481.325 | 273.521.988 | -15.602.516 | 257.919.472 | 252.642.187 | 203.099 |
| M2163 | Rimaskóli | 305.991.945 | 128.798.397 | 4.710.739 | 439.501.081 | -25.669.457 | 413.831.624 | 407.647.329 | 302.065 |
| M2164 | Hamraskóli | 174.509.731 | 70.222.311 | 285.452 | 245.017.494 | -11.190.718 | 233.826.776 | 228.358.783 | 183.744 |
| M2165 | Borgaskóli | 166.983.749 | 83.913.758 | 2.326.168 | 253.223.675 | -16.956.342 | 236.267.333 | 233.468.941 | 160.299 |
| M2166 | Korpuskóli | 89.564.561 | 34.144.360 | 964.072 | 124.672.993 | -9.522.835 | 115.150.158 | 109.164.905 | 82.039 |
| M2167 | Víkurskóli | 77.299.391 | 71.450.680 | 7.903.990 | 156.654.061 | -6.783.576 | 149.870.485 | 146.255.274 | 74.844 |
| M2168 | Ingunnarskóli | 75.797.949 | 26.135.207 | 39.037 | 101.972.193 | -6.986.087 | 94.986.106 | 87.322.766 | 47.811 |
| M2170 | Klébergsskóli | 82.522.924 | 33.975.530 | 892.983 | 117.391.437 | -2.605.519 | 114.785.918 | 109.958.586 | 89.772 |
| M2180 | Endurgreitt v. sérskóla | 0 | 0 | 0 | 0 | -431.584.425 | -431.584.425 | -412.000.000 | -434.940 |
| M2181 | Vesturhlíðaskóli | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 61.042 |
| M2182 | Öskjuhlíðarskóli | 274.045.882 | 14.666.467 | 1.332.630 | 290.044.979 | -12.697.728 | 277.347.251 | 248.906.737 | 245.729 |
| M2183 | Safamýrarskóli | 103.951.774 | 5.157.383 | 542.835 | 109.651.992 | -1.446.794 | 108.205.198 | 101.657.225 | 102.208 |
| M2184 | Dalbrautarskóli | 30.406.018 | 2.230.015 | 0 | 32.636.033 | 0 | 32.636.033 | 33.189.432 | 30.738 |
| M2185 | Einholtsskóli | 20.815.064 | 2.542.199 | 128.667 | 23.485.930 | 0 | 23.485.930 | 23.165.710 | 36.313 |
| M2186 | Hlíðarhúsaskóli | 22.389.796 | 2.435.172 | 18.980 | 24.843.948 | 0 | 24.843.948 | 24.030.063 | 36.366 |
| M2187 | Brúarskóli | 32.077.136 | 4.459.304 | 737.298 | 37.273.738 | -215.000 | 37.058.738 | 32.064.000 | 0 |
| M2191 | Styrkir til einkaskóla | 0 | 104.279.664 | 0 | 104.279.664 | 0 | 104.279.664 | 104.580.000 | 95.409 |
| M2201 | Forföll | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 27.399.000 | 11.062 |
| M2202 | Endurúthlutun á haustönn o.fl. | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 47.385.000 | 0 |
| M2204 | Norska og sænska | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 7.206 |
| M2206 | Sérkennsla | 15.791.516 | 7.398.545 | 0 | 23.190.061 | 0 | 23.190.061 | 2.841.000 | 17.696 |
| M2207 | Nýbúakennsla | 10.288.321 | 2.399.056 | 0 | 12.687.377 | -5.778.123 | 6.909.254 | 12.019.000 | 8.442 |
| M2208 | Uppgjör sveitarfélaga á skólakostn. | 0 | 40.953.126 | 0 | 40.953.126 | -178.580.413 | -137.627.287 | -134.500.000 | -133.553 |
| M2219 | Sálfræðiþjónusta skóla | 43.112.818 | 2.793.770 | 0 | 45.906.588 | 0 | 45.906.588 | 44.046.000 | 46.337 |
| M2220 | Skólasafnamiðstöð | 13.836.361 | 3.000.795 | 82.812 | 16.919.968 | 0 | 16.919.968 | 17.097.000 | 16.171 |
| M2221 | Víðnetið | 0 | 83.068.324 | 1 | 83.068.325 | 0 | 83.068.325 | 46.323.000 | 40.619 |
| M2222 | Réttindagreiðslur vegna tölvuforrita | 0 | 31.582.618 | 1.313.100 | 32.895.718 | 0 | 32.895.718 | 27.200.000 | 18.602 |
| M2223 | Skólaakstur | 0 | 120.094.158 | 0 | 120.094.158 | 0 | 120.094.158 | 139.000.000 | 108.576 |
| M2224 | Sameiginleg þjónusta grunnskóla | 26.846.978 | 59.844.560 | 103.969.507 | 190.661.045 | -3.007.944 | 187.653.101 | 229.385.000 | 273.642 |
| M2227 | Kostnaður vegna meiðsla skólabarn | 0 | 658.452 | 0 | 658.452 | 0 | 658.452 | 1.990.000 | 714 |
| M2229 | M2000 Listamenn í skólum | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 468 |
| M2230 | Vesturgarður | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.391 |
| M2270 | Þróunarsjóður-Kannanir | 0 | 9.265.893 | 0 | 9.265.893 | 0 | 9.265.893 | 6.970.000 | 8.898 |
| M2272 | Símenntun | 22.182.981 | 24.857.382 | 0 | 47.040.363 | -3.845.000 | 43.195.363 | 51.450.000 | 23.219 |
| | Grunnskólar samtals: | 7.080.874.586 | 3.216.674.399 | 206.594.271 | 10.504.143.256 | -1.139.852.753 | 9.364.290.503 | 9.263.049.117 | 7.227.322 |
| Tónlistarmál | | | | | | | | | |
| M3002 | Skólahljómsveit Vesturbæjar | 20.076.771 | 1.609.094 | 319.910 | 22.005.775 | -2.646.375 | 19.359.400 | 16.945.000 | 20.114 |
| M3003 | Skólahljómsveit Austurbæjar | 20.982.532 | 960.577 | 1.407.122 | 23.350.231 | -2.165.300 | 21.184.931 | 18.580.000 | 21.572 |
| M3004 | Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðhol | 16.675.346 | 1.489.972 | 119.400 | 18.284.718 | -2.087.250 | 16.197.468 | 16.960.000 | 16.182 |
| M3005 | Skólahljómsveit Grafarvogs | 13.764.487 | 2.469.170 | 611.870 | 16.845.527 | -2.151.900 | 14.693.627 | 15.685.000 | 13.604 |
| M3100 | Tónlistarskólar | 4.027.437 | 553.035.283 | 0 | 557.062.720 | 0 | 557.062.720 | 545.700.000 | 531.018 |
| M3201 | Tónlistarskóli Kjalarness | 5.466.176 | 383.389 | 61.460 | 5.911.025 | -529.400 | 5.381.625 | 4.680.000 | 4.838 |
| | Tónlistarmál samtals: | 80.992.749 | 559.947.485 | 2.519.762 | 643.459.996 | -9.580.225 | 633.879.771 | 618.550.000 | 607.328 |
| Námskeið og fullorðinsfræðsla | | | | | | | | | |
| M4001 | Námsflokkar Reykjavíkur | 106.211.411 | 33.974.425 | 628.257 | 140.814.093 | -49.048.315 | 91.765.778 | 78.637.000 | 76.096 |
| | Fullorðinsfræðsla samtals: | 106.211.411 | 33.974.425 | 628.257 | 140.814.093 | -49.048.315 | 91.765.778 | 78.637.000 | 76.096 |
| Styrkir til fræðslumála | | | | | | | | | |
| M5001 | Styrkir til fræðslumála | 0 | 33.597.791 | 0 | 33.597.791 | -333.333 | 33.264.458 | 38.800.000 | 33.265 |
| | Styrkir samtals: | 0 | 33.597.791 | 0 | 33.597.791 | -333.333 | 33.264.458 | 38.800.000 | 33.265 |
| Annað | | | | | | | | | |
| M9996 | Styrkur skv. ákv. borgarráðs | 0 | 55.000.000 | 0 | 55.000.000 | 0 | 55.000.000 | 0 | 0 |
| M9998 | Stofnk.framl. til Landakotsskóla | 0 | 30.000.000 | 0 | 30.000.000 | 0 | 30.000.000 | 30.000.000 | 17.500 |
| M9998 | Eignfærsla lausafjármuna | 0 | 11.503.786 | 0 | 11.503.786 | 0 | 11.503.786 | 0 | -7.512 |
| M9302 | Styrkir til framhaldsskóla | 0 | 5.453.483 | 0 | 5.453.483 | 0 | 5.453.483 | 5.000.000 | |
| | Annað samtals: | 0 | 101.957.269 | 0 | 101.957.269 | 0 | 101.957.269 | 35.000.000 | 9.988 |
| | Alls: | 7.426.890.081 | 3.986.202.285 | 214.645.407 | 11.627.737.773 | -1.203.725.054 | 10.424.012.719 | 10.231.050.796 | 8.139.113 |

unum forgangsraða skólastjórar og sýna hvernig þeir hyggjast nýta það fjármagn sem þeir fá úthlutað samkvæmt fjárhagsramma. Skólastjórar eru ekki bundnir af því hvernig fjármagn er reiknað á einstaka liði í fjárhagsáætlun, heldur geta þeir fært á milli liða eins og þeir telja hagkvæmast og réttast.

Innri leiga var nú í fyrsta sinn kostnaðarfærð á málaflokkinn. Er þar um verulega háa fjárhæð að ræða eða um 1,7 milljarð kr. í heild. Algengt er að innri leigan nemi um 1.000 kr. á fermetra skólahúsnæðis á mánuði. Ársleiga skólahúsnæðis er því mismunandi eftir stærð skólanna, en yfirleitt á bilinu 30 til 60 m.kr. á ári. Með þessari breytingu hafa viðhaldsverkefni færst til Eignasjóðs (Fasteignastofu Reykjavíkur) og voru því flutt tvö stöðugildi byggingareftirlitsmanna frá Fræðslumiðstöð til Fasteignastofu.

Á árinu var haldið áfram uppbyggingu mötuneyta í skólunum og jafnframt var boðið upp á niðurgreiddan aðsendan mat fyrir nemendur í 1.- 7. bekk í nokkrum skólum. Haustið 2003 var skóladagur lengdur í 2.- 4. bekk í samtals átta skólum í Grafarvogi, en haustið þar á undan var skóladagurinn lengdur í skólum í Vesturbæ, Miðbæ og Breiðholti. Samhliða lengingu skóladagsins var skóladagvist færð til ÍTR. Gert er ráð fyrir að lengingin taki gildi í áföngum þ.a. allir skólarnir verði komnir með lengdan skóladag haustið 2004. Kostnaður vegna þessa er samt meiri en það sem sparast við yfirfærslu skóladagvistarinnar til ÍTR.

Haustið 2003 var starfsemi Vesturhlíðarskóla, sem var sérskóli fyrir heyrnarlausa nemendur, færð inn í Hlíðarskóla. Stofnað var sérstakt táknmálssvið við skólann og hefur það mikil áhrif á reksturinn. Einnig voru Einholtsskóli og Hlíðarhúsaskóli lagðir niður, en starfsemi þeirra flutt í nýjan skóla, Brúarskóla. Sá skóli fékk inni í því húsnæði sem Vesturhlíðarskóli hafði áður til afnota í Öskjuhlíðinni.

Reiknilíkan sem notað er til að áætla framlög til grunnskólanna var endurhannað frá grunni á árinu. Líkaninu er nú skipt upp í vorönn og haustönn, en það einfaldar mjög endurúthlutun til skólanna að hausti. Endurúthlutunin er mikilvæg því forsendur skólanna breytast helst á haustin og starfsemi þeirra miðast við skólaárið, en fjárhagsárið er almanaksárið.

Byggingaframkvæmdir á skólahúsnæði hafa verið gríðarlegar síðustu árin og hefur það í för með sér aukinn rekstrarkostnað vegna húsnæðis. Byggðir hafa verið nýir skólar, viðbyggingar við eldri skóla og ýmsar breytingar gerðar á húsnæði. Framkvæmdirnar eru einkum tilkomnar vegna einsetningar skólanna, en einnig vegna fjölgunar nemenda, uppbyggingu á matarþjónustu, aukinna krafna um vinnuaðstöðu starfsmanna og krafna frá hinu opinbera um öryggi, aðstöðu og aðbúnað.

Á málaflokkinn er fært stofnkostnaðarframlag til Landakotsskóla upp á 30,0 milljónir kr. og stofnkostnaðarframlag til framhaldsskóla upp á 5,5 milljónir kr. Framlög til búnaðarkaupa fyrir málaflokkinn voru samtals 145 milljónir kr. árinu.



**Mynd 7.1**
Skipting rekstrarkostnaðar fræðslumála



# 8 Útgáfur árið 2003





***Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2003***,
Stefna Reykjavíkurborgar í fræðslumálum. Janúar 2003.

***Ársskýrsla fræðslumála í Reykjavík 2002.***
Umsjón: Guðrún Hjartardóttir
Ábyrgð: Gerður G. Óskarsdóttir.
September 2003.

***Skólastarf á nýrri öld.***
(Grein sem birtist upphaflega á dönsku í heftinu *Morgendagens skole i Norden - fem scenarier om skolen og den teknologiske utviklingen* sem gefið var út af Norrænu ráðherranefndinni í tilefni ráðstefnunnar *Morgendagens skole i Norden* sem haldin var í Osló, dagana 5.-6. desember 2002).
Gerður G. Óskarsdóttir.
Febrúar 2003.

***Niðurstöður lesskimunar í 2. bekk vorið 2003.***
Birna Sigurjónsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Ólafur Magnússon.
Ágúst 2003.

***Viðhorf til vetrarfría - Viðhorfskönnun.***
Könnun á viðhorfum foreldra grunnskólabarna unnin af Gallup fyrir Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.
Nóvember 2003.

***Jörðin séð frá himni - verkefnahefti.***
Í tengslum við sýninguna *Jörðin séð frá himni*. Þýð. Birna Sigurjónsdóttir. Umsjón með útgáfu Guðrún Hjartardóttir. September 2003.

***Vilji er allt sem þarf! - Samnýting skólahúsnæðis.***
Skýrsla um kynnisferð til Bergen 13.-18. sept. 2003. Í samstarfi við Fasteignastofu Reykjavíkur og ÍTR.
Október 2003.

***Tillögur um fyrirkomulag tónlistaruppeldis í grunnskólum Reykjavíkur.***
Starfshópur um samhæft tónlistaruppeldi í grunnskólum.
Október 2003.

***Umhverfisúttekt.***
Mat á helstu umhverfisáhrifum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur.
Maí 2003.

***Umhverfisátak Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur vorið 2003.***
Lokaskýrsla. Birna Helgadóttir.
Maí 2003.

***Stefnumörkun um aðgerðir gegn neyslu og sölu fíkniefna í grunnskólum.***
Starfshópur gegn fíkniefnadreifingu í grunnskólum Reykjavíkur. Febrúar 2003.

***Einkareknir grunnskólar í Reykjavík.***
Skýrsla starfshóps um fjárhag skólanna og tillaga að fjárframlagi.
Maí 2003.

***Líðan nemenda í grunnskólum Reykjavíkur.***
Nánari greining. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Guðný Bergþóra Tryggvadóttir. Apríl 2003.

***Upplýsingabæklingur fyrir erlenda foreldra grunnskólabarna.***
Gefinn út á 12 erlendum tungumálum auk íslensku.
Umsjón Friðbjörg Ingimarsdóttir.
Febrúar 2003.

***Innritun og móttaka erlendra barna í grunnskóla Reykjavíkur.***
Friðbjörg Ingimarsdóttir tók saman.
Febrúar 2003.

***Ráðgjafarskóli - Sérúrræði fyrir nemendur með geðrænan og félagslegan vanda.***
Skýrsla starfshóps um sérúrræði fyrir nemendur með geðrænan og félagslegan vanda. Apríl 2003.

***Könnun á samstarfi heimila og grunnskóla.***
Úrvinnsla og skýrslugerð Hallgerður Inga Gestsdóttir og Gunnlaugur Sigurðsson. Október 2003.

***Upplýsingabæklingar.***
Auk framangreinds voru gefnir út smærri upplýsingabæklingar um kennsluráðgöf, sálfræðiþjónustu, móðurskóla og skólahljómsveitir í Reykjavík.

***Heimasíða Fræðslumiðstöðvar.***
Útgefið efni Fræðslumiðstöðvar er gert aðgengilegt á heimasíðunni www.grunnskolar.is. Heimasíðan hefur að geyma mikið magn upplýsinga um þjónustu Fræðslumiðstöðvar og grunnskólastarfsemi í borginni, fréttir, fundargerðir fræðsluráðs, upplýsingar um skólahverfi, sálfræðiþjónustu, kennsluráðgjöf, kennslu nýbúa, sérkennslu o.fl.

# Grunnskólar Reykjavíkur - yfirlit (haust 2003)

## Austurbæjarskóli
v/Vitastíg, 101 R.
Skólastjóri: Guðmundur Sighvatsson
Aðstoðarskólastjóri: Héðinn Pétursson

## Álftamýrarskóli
Álftamýri 79, 108 R.
Skólastjóri: Steinunn Ármannsdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Brynhildur Ólafsdóttir

## Árbæjarskóli
Rofabæ 34, 110 R.
Skólastjóri: Þorsteinn Sæberg Sigurðsson
Aðstoðarskólastjórar: Ingvar Einarsson og Una Björg Einarsdóttir

## Ártúnsskóli
Árkvörn 8, 110 R.
Skólastjóri: Ellert Borgar Þorvaldsson
Deildarstjóri og staðgengill skólastjóra: Guðrún Þórðardóttir

## Borgaskóli
Vættaborgum 9, 112 R.
Skólastjóri: Inga Þórunn Halldórsdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Árdís Ívarsdóttir

## Breiðagerðisskóli
v/Breiðagerði, 108 R.
Skólastjóri: Guðbjörg Þórisdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Ingibjörg Sigurgeirsdóttir

## Breiðholtsskóli
Arnarbakka 1-3, 109 R.
Skólastjóri: Ragnar Þorsteinsson
Aðstoðarskólastjóri: Anna Sigríður Pétursdóttir

## Brúarskóli
Vesturhlíð 3, 105 R.
Skólastjóri: Björk Jónsdóttir

## Dalbrautarskóli
Dalbraut 12, 105 R.
Skólastjóri: Guðmundur Ingi Leifsson

## Engjaskóli
Vallengi 14, 112 R.
Skólastjóri: Hildur Hafstað
Aðstoðarskólastjóri: Marinó F. Einarsson

## Fellaskóli
Norðurfelli 17-19, 111 R.
Skólastjóri: Hólmfríður G. Guðjónsdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Guðrún Fanney Óskarsdóttir

## Foldaskóli
Logafold 1, 112 R.
Skólastjóri: Kristinn Breiðfjörð
Aðstoðarskólastjóri: Kolbrún Ingólfsdóttir

## Fossvogsskóli
Haðalandi 26, 108 R.
Skólastjóri: Óskar Einarsson
Aðstoðarskólastjóri: Elínborg Jónsdóttir

## Grandaskóli
v/Keilugranda, 107 R.
Skólastjóri: Kristjana M. Kristjánsdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Inga Sigurðardóttir

## Hagaskóli
Fornhaga 1, 107 R.
Skólastjóri: Einar Magnússon
Aðstoðarskólastjóri: Flosi Kristjánsson

## Hamraskóli
Dyrhömrum 9, 112 R.
Skólastjóri: Yngvi Hagalínsson
Aðstoðarskólastjóri: Jónína Ó. Emilsdóttir

## Háteigsskóli
v/Háteigsveg, 105 R.
Skólastjóri: Ásgeir Beinteinsson
Aðstoðarskólastjóri: Þórður Óskarsson

## Hlíðaskóli
Hamrahlíð 2, 105 R.
Skólastjóri: Kristrún G. Guðmundsdóttir
Aðstoðarskólastjórar: Ingibjörg Möller, Kristján Sigfússon og Berglind Stefánsdóttir

## Hólabrekkuskóli
Suðurhólum 10, 111 R.
Skólastjóri: Sigurjón Fjeldsted
Aðstoðarskólastjórar: Sesselja Þórðardóttir og Magnea Einarsdóttir

## Húsaskóli
Dalhúsum 41, 112 R.
Skólastjóri: Valgerður Selma Guðnadóttir
Aðstoðarskólastjóri: Kristín V. Þórðardóttir

## Hvassaleitisskóli
v/Stóragerði, 108 R.
Skólastjóri: Pétur Orri Þórðarson
Aðstoðarskólastjóri: Þórunn Kristinsdóttir

## Ingunnarskóli
Maríubaug 1, 113 R.
Skólastjóri: Guðlaug Sturlaugsdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Þuríður G. Sigurjónsdóttir





## Klébergsskóli
Kjalarnesi, 116 R.
Skólastjóri: Sigþór Magnússon
Aðstoðarskólastjóri: Snorri Hauksson

## Korpuskóli
v/Korpúlfsstaðaveg, 112 R.
Skólastjóri: Svanhildur M. Ólafsdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Margrét Einarsdóttir

## Landakotsskóli
**(einkarekinn skóli)**
v/Túngötu, 101 R.
Skólastjóri: Sr. Hjalti Þorkelsson
Aðstoðarskólastjóri: Bessí Jóhannsdóttir

## Langholtsskóli
Holtavegi 23, 104 R.
Skólastjóri: Hreiðar Sigtryggsson
Aðstoðarskólastjóri: Sesselja Auður Eyjólfsdóttir

## Laugalækjarskóli
v/Laugalæk, 105 R.
Skólastjóri: Auður Árný Stefánsdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Björn M. Björgvinsson

## Laugarnesskóli
Kirkjuteigi 24, 105 R.
Skólastjóri: Helgi Grímsson
Aðstoðarskólastjóri: Vilborg Runólfsdóttir

## Melaskóli
Hagamel 1, 107 R.
Skólastjóri: Ragna Ólafsdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Björn Pétursson

## Réttarholtsskóli
v/Réttarholtsveg, 108 R.
Skólastjóri: Hilmar Hilmarsson
Aðstoðarskólastjóri: Sesselja Ingibjörg Jósefsdóttir

## Rimaskóli
Rósarima 11, 112 R.
Skólastjóri: Helgi Árnason
Aðstoðarskólastjóri: Guðni Kjartansson

## Safamýrarskóli
Safamýri 5, 108 R.
Skólastjóri: Erla Gunnarsdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Guðrún Gunnarsdóttir

## Selásskóli
v/Selásbraut, 110 R.
Skólastjóri: Örn Halldórsson
Aðstoðarskólastjóri: Anna Guðrún Jósefsdóttir

## Seljaskóli
Kleifarseli 28, 109 R.
Skólastjóri: Þórður Kristjánsson
Aðstoðarskólastjórar: Margrét Árný Sigursteinsdóttir og Guðrún Guðmundsdóttir

## Skóli Ísaks Jónssonar
**(einkarekinn skóli)**
Bólstaðarhlíð 20, 105 R.
Skólastjóri: Edda Huld Sigurðardóttir

## Suðurhlíðarskóli
**(einkarekinn skóli)**
Suðurhlíð 36, 105 R.
Skólastjóri: Jón Karlsson

## Tjarnarskóli (einkarekinn skóli)
Lækjargötu 14B, 101 R.
Skólastjórar: María Solveig Héðinsdóttir og Margrét Theodórsdóttir

## Vesturbæjarskóli
Sólvallagötu 67, 101 R.
Skólastjóri: Kristín G. Andrésdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Málfríður Ragnarsdóttir

## Víkurskóli
v/Hamravík, 112 R.
Skólastjóri: Árný Inga Pálsdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Ágústa Bárðardóttir

## Vogaskóli
v/Ferjuvog, 104 R.
Skólastjóri: Guðbjörg Halldórsdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Agnes Björnsdóttir

## Waldorfsskólinn Sólstafir (einkarekinn skóli)
Hraunbergi 12, 111 R.
Skólastjóri: Snorri Traustason

## Ölduselsskóli
Ölduseli 17, 109 R.
Skólastjóri: R. Daníel Gunnarsson
Aðstoðarskólastjórar: Sigríður Heiða Bragadóttir og Valdimar Helgason

## Öskjuhlíðarskóli
Suðurhlíð 9, 105 R.
Skólastjóri: Jóna S. Valbergsdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Jóhann Kristjánsson

***Elliðaárdalurinn***

*Ég geng um dalinn og hlusta . . .*
*áin rennur . . . fuglarnir syngja*
*marrar í grasinu er ég geng á því.*
*Hvað Íslendingar eiga fallega náttúru!*
*Ég geng að fossinum*
*og horfi á allt hreina vatnið renna út í salt úthafið.*
*200 milljón ára gamalt vatn rennur til einskis.*
*Ég teygi mig í átt að ánni*
*og fæ mér smá vatnssopa*
*svo að vatnið renni ekki alveg til einskis.*
*Eins og að aðra varði eitthvað um það*
*hvað við eigum stórkostlega náttúru!*
*Nei, ekki ögn.*
*En fyrir mér er þetta dýrmætur demantur sem ég á!*

Sólrún María Arnardóttir
nemandi í 6. bekk í Ártúnsskóla



Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Fríkirkjuvegi 1 ● 101 Reykjavík
Sími: 535 5000 ● Fax: 535 5050
Netfang: fmr@reykjavik.is
Heimasíða: www.grunnskolar.is